



BYGGÐASTOFNUN

## Stöðugreining 2017

### Byggðapróun á Íslandi

Apríl 2017





Ritstjórn: Árni Ragnarsson

Aðrir höfundar efnis: Anna Lea Gestsdóttir, Einar Örn Hreinsson, Elín Gróa Karlsdóttir, Guðmundur Guðmundsson, Harpa Sif Jónsdóttir, Hólmfríður Sveinsdóttir, Kristján Þ. Halldórsson, Pétur Grétarsson, Sigríður K. Þorgrímsdóttir, Sigríður Elín Þórðardóttir, Sigurður Árnason, Snorri Björn Sigurðsson

# Byggðapróun á Íslandi

## Stöðugreining 2017

### Efnisyfirlit:

Inngangur .....	5
1. Staðhættir og sérstaða .....	6
1.1 Sérstaða .....	6
1.2 Helstu byggðakjarnar og byggðarlög .....	7
1.3 Íbúar. Mannfjöldaþróun .....	10
1.4 Helstu þéttbýlisstaðir og íbúafjöldi .....	16
1.5 Brothættar byggðir .....	16
1.6 Jafnréttismál .....	18
2. Menntun .....	22
2.1 Menntun eftir landshlutum .....	22
3. Efnahagsþróun .....	26
3.1 Tekjur .....	26
3.2 Vinnumarkaður, atvinnuþátttaka og atvinnuleysi .....	28
3.3 Nýskráning fyrirtækja, framleiðsla og hagvöxtur .....	34
3.4 Atvinnutekjur .....	39
4. Samgöngur .....	41
4.1 Vegir, hafnir og flugvellir .....	41
4.2 Almenningsamgöngur .....	43
4.3 Vegalengdir milli þéttbýlisstaða .....	43
4.4 Gagnaflutningar .....	46
4.5 Jöfnun flutningskostnaðar .....	49
5. Opinber þjónusta .....	53
5.0 Staðsetning þjónustustarfa ríkisins .....	53
5.1 Sjúkrahús og heilsugæsla .....	59
5.2 Löggæsla og sýslumenn .....	65
5.3 Héraðsdómstólar .....	65
5.4 Rafveita og húshitun .....	65
5.5 Opinber störf .....	67
6. Önnur þjónusta .....	69
6.0 Staðsetning þjónustustarfa .....	69
6.1 Verslun .....	77
6.2 Fjármálaþjónusta .....	78
6.3 Ferðaþjónusta .....	78
7 Iðnaður .....	83

7.1 Landbúnaðarafurðir .....	83
7.2 Sjávarafurðir .....	85
7.3 Byggingariðnaður .....	87
7.4 Annar iðnaður .....	90
8 Frumvinnsla .....	92
8.1 Landbúnaður .....	92
8.2 Fiskveiðar .....	100
8.3 Fiskeldi .....	105
9 Stoðkerfi .....	107
9.1 Stoðkerfi atvinnuþróunar og nýsköpunar .....	107
9.2 Áætlanir ríkisins og samþætting þeirra .....	108
9.3 Sóknaráætlanir landshluta .....	108
9.4 Lánastarfsemi Byggðastofnunar .....	109
10 Verkefni stefnumótandi byggðaáætlunar 2013-2017 .....	111
10.1 Uppbygging öflugs gagnanets .....	111
10.2 Orkumál .....	111
10.3 Bættar samgöngur .....	112
10.4 Brothætt byggðarlög .....	112
10.5 Stuðningur við einstaklinga .....	113
10.6 Stuðningur við fyrirtæki .....	114
10.7 Nýsköpun og vaxtargreinar .....	115
10.8 Stuðningur við nýfjárfestingu og atvinnuuppbyggingu .....	115
10.9 Dreifing opinberra starfa .....	116
10.10 Stoðkerfi hins opinbera .....	116
10.11 Lánastarfsemi .....	117
10.12 Stuðningur við uppbyggingu skógarauðlindar .....	118
10.13 Stefnumótun um opinbera þjónustu .....	118
10.14 Opinberar upplýsingar á sviði byggðamála .....	119
11. Fjölbjóðlegt samstarf .....	120
11.1 Norræna Atlantsamstarfið, NORA .....	120
11.2 Norðurslóðaáætlunin 2014-2020 - Northern Periphery and Arctic (NPA) .....	122
11.3 ESPON .....	123
11.4 Byggðakort fyrir Ísland 2014-2020 .....	125
11.5 EK-R .....	126
11.6 Nordregio .....	127

## Inngangur

Fyrir mótun byggðaáætlunar og sóknaráætlanir landshluta hefur Byggðastofnun frá 2012 leitast við að setja fram lýsingar á ástandi og þróun í mikilvægum þáttum byggðamála í sérstökum stöðugreiningum. Stefnt var að því að stöðugreiningar miðuðust annað hvert ár við stöðuna innan landshlutanna m.t.t. sóknaráætlana og annað hvert ár við landið allt fyrir stefnumótandi byggðaáætlun og aðra opinbera stefnumótunarvinnu. Í stöðugreiningunum hafa því verið valdir nokkrir mikilvægir þættir, kvarðar, sem unnt er að uppfæra reglulega, settir fram á myndrænan hátt til að auðvelda notkun.

Stöðugreingarnar eru fyrst og fremst gagnasafn til notkunar á netinu með mörgum tilvísunum í heimildir og viðameiri umfjöllun en er í stöðugreiningunum sjálfum.


Nýjustu gögn og upplýsingar úr hinum ýmsu samfélagsgeirum koma ekki fram á sama tíma og þau ríflega 200 gröf; kort, töflur, súlurit og skífurit, sem er að finna í stöðugreiningum lýsa ekki ástandi á sama degi. Með hliðsjón af vaxandi fjölda kannana á þáttum sem varða byggðapróun og stóraukinnar upplýsingagjafar verða einstakir kaflar stöðugreiningarinnar uppfærðir eftir því sem nýjar upplýsingar koma fram og færi gefst til að vinna þær. Þannig fylgdi Stöðugreining í september 2016 drögum að þingsályktunartillögu sem Byggðastofnun skilaði atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu í ársbyrjun 2017 og nokkrir þættir þeirrar stöðugreiningar hafa nú verið uppfærðir. Þeir varða búferlaflutninga og íbúafjölda (í köflum 1.3 og 1.4), atvinnutekjur (í kafla 3.4), gagnaflutninga (í kafla 4.4), birgða- og sölustöðvar eldsneytis og rafhleðslustöðvar (í kafla 4.5) og ferðamál (í kafla 6.3).

Í apríl 2017.

# 1. Staðhættir og sérstaða

## 1.1 Sérstaða

Sóknaráætlanir miðast við starfssvæði átta landshlutasamtaka sveitarfélaga sem byggjast að miklu leyti á kjördæmaskiptingunni frá 1959 og því samstarfi sem sveitarfélög höfðu byggt upp í þessum landshlutum, fjölbreytt að stærð og landslagi, náttúrufari, íbúafjölda, atvinnuháttum og menningu.



Samkvæmt samningum við landshlutasamtök sveitarfélaga til fimm ára, sem undirritaðir voru 10. febrúar 2015 af stjórnarformönnum þeirra og tveimur ráðherrum, skal vinna sóknaráætlun fyrir hvern landshluta „þar sem staða landshlutans er greind og markmið sett til lengri og skemmri tíma“.

Markmið samninganna er „að stuðla að jákvæðri samfélagsþróun, treysta stoðir menningar og auka samkeppnishæfni landshlutans og landsins alls. Markmiðið er jafnframt að einfalda samskipti ríkis og sveitarfélaga og tryggja gagnsæi við úthlutun og umsýslu opinberra fjármuna“.

Sóknaráætlun landshluta er „þróunaráætlun landshlutans og felur í sér stöðumat landshlutans, framtíðarsýn, markmið og leiðir til að ná fram þeirri framtíðarsýn“. „Markmið sóknaráætlana landshluta er að ráðstöfun þeirra fjármuna sem varið er til verkefna í einstökum landshlutum á sviði atvinnu-, byggða- og menningarmála byggi á svæðisbundnum áherslum og markmiðum sem fram koma í sóknaráætlun landshlutans.“<sup>1</sup>

Með sóknaráætlunum og þeirri greiningarvinnu sem gert er ráð fyrir eiga að fást fram sérkenni og áherslur hvers landshluta.


Enn hafa nokkur ráðuneyti og nokkrar ríkisstofnanir sína eigin skiptingu á landinu í svæði og enn eru stofnanir sem safna og vinna upplýsingar um svæði, íbúa og atvinnuvegi án tillits til þessa samstarfsvettvangs ríkis og sveitarfélaga, sóknaráætla.

<sup>1</sup> <http://www.stjornarrad.is/sl/soknaraetlanir-landshlutanna/samningar/>


## 1.2 Helstu byggðakjarnar og byggðarlög

Rétt um þriðjungur landsins liggur undir 200 metra hæð yfir sjó. Sá hluti er ekki allur í byggð og lítil byggð yfir 200 metra hæð. Á kortinu eru sýndir þéttbýlisstaðir á landinu og hring slegið um þéttbýlisstaði með 1.000 íbúa og þar yfir. Hringirnir marka skýrar þessa staði og sérkenni byggðarinnar, að


Vestmannaeyjar eru sérstakar og Ísafjörður og Hornafjörður eru nánast eins og eyjar líka og að stórir þéttbýlisstaðir liggja þéttar á vestur- og norðurhluta landsins og á Austurlandi. Undirstrika verður að þessir hringir sýna 50 kílómetra loftlínuradius, ekki vegalengd. Þannig eru 136 kílómetrar eftir vegi milli Ísafjarðar og Reykjaness, innst við Ísafjarðardjúp, en 50 kílómetra loftlína frá Ísafirði nær talsvert lengra. Bil milli lengdar loftlínu og vegar minnkar þar sem vegur liggur lágt og sveigir ekki inn í fjarðarbotna og út á annes.



**Mynd 1.2.2 Skipting íbúafjöldans 2015**




**Mynd 1.2.3 Fjöldi íbúa á ferkílómetra lands**



Landið er aðallega byggt neðan við 200 metra hæð yfir sjó og þar er byggðin sums staðar gisin og sums staðar þétt. Þétt byggð skýtur stoðum undir starfsemi á ýmsum sviðum, hvort heldur er á sviði atvinnuvega, afþreyingar eða menntunar. Þetta má sýna á ýmsan hátt.

Í samanburði á þéttleika byggðar milli landshluta er höfuðborgarsvæðið þéttbýlast svo af ber. Byggð á ferkílómetra í sumum landshlutum er svo lítil að segja má að hún mælist varla. Byggð á höfuðborgarsvæðinu er vel greinanleg í samanburði við Evrópulönd en rétt örlar á byggð utan þess. Þessi samanburður lýsir mismunandi aðstæðum á Íslandi og í löndum sem Íslendingar vilja bera sig saman við og eru í samkeppni við.



**Mynd 1.2.5 Íbúar á km<sup>2</sup> í ESB 27, umsóknar- og EFTA-löndum**

**Þéttbýli 2008 og 2009**

Íbúar á km<sup>2</sup> í ESB 27, umsóknar- og EFTA-löndum

ESB 27	116,0
Belgía	353,1
Búlgaría	68,7
Tékkland	135
Danmörk	127,5
Þýskaland	229,9
Eistland	30,9
Írland	64,7
Grikkland	85,9
Spánn	90,8
Frakkland	101,4
Ítalía	202,7
Kýpur	85,7
Lettland	36,4
Litháen	53,6
Lúxemborg	189
Ungverjaland	107,9
Malta	1003,6
Holland	487,2
Austurríki	111
Pólland	121,9
Portúgal	15,3
Rúmenía	93,6
Slóvenía	100,4
Slóvakía	110,3
Finnland	17,5
Svíþjóð	22,5
Bretland (2007)	250,8
Höfuðborgarsvæði (2009)	189
Ísland utan hbsv. (2009)	12
Liechtenstein	2217
Noregur	15,6
Sviss	1912
Svartfjallaland	No data
Krótía	78,4
FYR Makedónía	82,2
Tyrkland	92,3



Íbúafjöldi á ferkílómetra 2012

Mynd 1.2.6





Heimild: Landmælingar Íslands, Þjóðskrá/Byggingastofnun: 12.12/ÁR

										landshlutar							
nr	heiti	Íbúar undir 200 m.y.s	Íbúar yfir 200 m.y.s	Ó-stað-settir	Sam-tals	Heildar-stærð km <sup>2</sup>	Íbúar pr. km <sup>2</sup>	Stærð undir 200 km <sup>2</sup> m.y.s.	Íbúar pr. km <sup>2</sup> undir 200 m.y.s	Íbúar undir 200 m.y.s	Íbúar yfir 200 m.y.s	Heildar-stærð km <sup>2</sup>	Íbúar pr. km <sup>2</sup>	Stærð undir 200 km <sup>2</sup> m.y.s.	Íbúar pr. km <sup>2</sup> undir 200 m.y.s		
0000	Reykjavíkurborg	119.044	0	604	119.648	277	431,8	181	658,4	Höfuðborgarsvæðið							
1000	Kópavogsbær	31.531	0	145	31.676	84	378,2	67	467,9								
1100	Seltjarnarneskaupstaður	4.325	0	9	4.334	2	1876,3	2	1872,4								
1300	Garðabær	11.426	0	32	11.458	69	167,2	56	203,6								
1400	Hafnarfjarðarkaupstaður	26.680	0	63	26.743	143	186,6	142	188,1								
1603	Sveitarfélagið Álfanes	2.401	0	12	2.413	6	412,7	6	410,6								
1604	Mosfellsbær	8.901	0	38	8.939	194	46,2	164	54,4								
1606	Kjósarhreppur	199	0	9	208	288	0,7	154	13		204.507	0	1062	192,5	772	265,0	
2000	Reykjanesbær	14.170	0	33	14.203	145	98,2	145	98,0								
2300	Grindavíkurbær	2.841	0	13	2.854	434	6,6	352	8,1		Suðurnes						
2503	Sandgerðisbær	1.570	0	5	1.575	65	24,4	65	24,3								
2504	Sveitarfélagið Garður	1.413	0	9	1.422	21	68,3	21	67,9								
2506	Sveitarfélagið Vogar	1.109	0	2	1.111	165	6,7	165	6,7	21.103		0	829	25,5	747	28,3	
3000	Akraneskaupstaður	6.619	0	23	6.642	9	736,0	9	733,4								
3506	Skorradalshreppur	55	0	2	57	208	0,3	104	0,5								
3511	Hvalfjarðarsveit	598	0	3	601	494	1,2	280	2,1								
3609	Borgarbyggð	3.445	12	24	3.481	4.925	0,7	2.102	1,6	Vesturland							
3709	Grundarfjarðarbær	905	0	0	905	152	5,9	108	8,4								
3710	Helgafellssveit	58	0	0	58	250	0,2	187	0,3								
3711	Stykkishólmurbær	1.106	0	2	1.108	10	112	10	111,0								
3713	Eyja- og Miklaholtshreppur	156	0	0	156	378	0,4	256	0,6								
3714	Snæfellsbær	1.712	0	3	1.715	689	2,5	429	4,0								
3811	Dalabyggð	664	0	1	665	2.439	0,3	1.392	0,5		15.318	12	9.555	16	4.877	3,1	
4100	Bolungarvíkurkaupstaður	917	0	7	924	111	8,3	53	17,4								
4200	Ísafjarðarbær	3.701	0	45	3.746	2.397	1,6	969	3,8		Vestfirðir						
4502	Reykholahreppur	279	0	0	279	1.103	0,3	460	0,6								
4604	Tálknafjarðarhreppur	292	0	1	293	180	1,6	63	4,6								
4607	Vesturbyggð	933	0	0	933	1.334	0,7	630	1,5								
4803	Súðavíkurhreppur	177	0	2	179	761	0,2	332	0,5								
4901	Árneshreppur	54	0	0	54	78	0,1	317	0,2								
4902	Kaldraneshreppur	100	0	0	100	459	0,2	212	0,5								
4911	Strandabyggð	509	0	13	522	1.834	0,3	680	0,7	6.962		0	8.898	0,8	3.715	1,9	
5200	Sveitarfélagið Skagafjörur	3.933	44	30	4.007	4.168	1,0	1.231	3,2								
5508	Húnaþing vestra	1.162	0	4	1.166	1.361	0,9	150	7,8	Norðurland vestra							
5604	Blönduósbær	873	0	5	878	3.017	0,3	1.576	0,6								
5609	Sveitarfélagið Skagaströnd	509	0	2	511	181	2,8	84	6,0								
5611	Skagabyggð	100	0	0	100	49	2,0	27	3,7								
5612	Húnavatnshreppur	353	49	0	402	494	0,8	343	1,0								
5706	Akrahreppur	187	7	1	195	3.822	0,1	631	0,3		7.117	100	13.091	0,6	4.041	1,8	
6000	Akureyrarkaupstaður	17.898	0	65	17.963	138	130,3	47	383,9								
6100	Norðurþing	2.830	11	23	2.864	3.755	0,8	1.859	1,5								
6250	Fjallabyggð	2.012	0	3	2.015	365	5,5	126	15,9		Norðurland eystra						
6400	Dalvíkurbyggð	1.849	1	15	1.865	595	3,1	155	12,0								
6513	Eyjafjarðarsveit	982	16	13	1.011	1.795	0,6	219	4,5								
6515	Hörgársveit	560	8	0	568	893	0,6	182	3,1								
6601	Svalbarðsstrandarhreppur	405	0	4	409	50	8,2	27	15,1								
6602	Grýtubakkahreppur	350	0	9	359	438	0,8	157	2,2								
6607	Skútustaðahreppur	0	377	3	380	6.034	0,1	191	0,0								
6611	Tjórneshreppur	56	0	0	56	196	0,3	109	0,5								
6612	Þingeyjarsveit	839	76	1	916	6.005	0,2	991	0,8								
6706	Svalbarðshreppur	101	0	0	101	1.131	0,1	714	0,1	28.405		489	22.735	1,3	5.663	5,0	
6709	Langanesbyggð	523	0	1	524	1.340	0,4	886	0,6								
7000	Seyðisfjarðarkaupstaður	662	0	13	675	214	3,2	51	12,9	Austurland							
7300	Fjarðabyggð	4.591	0	31	4.622	1.170	3,9	428	10,7								
7502	Vopnafjarðarhreppur	682	0	1	683	1.913	0,4	517	1,3								
7505	Fljótsdalshreppur	78	0	2	80	1.529	0,1	109	0,7								
7509	Borgarfjarðarhreppur	131	0	0	131	444	0,3	183	0,7								
7613	Breiðdalshreppur	180	0	0	180	452	0,4	198	0,9								
7617	Djúpavogshreppur	447	0	5	452	1.153	0,4	351	1,3								
7620	Fljótsdalshérað	3.364	57	15	3.436	8.917	0,4	1.328	2,5		10.135	57	15.792	0,6	3.165	3,2	
7708	Sveitarfélagið Hofn	2.148	0	17	2.165	6.317	0,3	2.162	1,0								
8000	Vestmannaeyjabær	4.174	0	40	4.214	17	244,2	17	241,9								
8200	Sveitarfélagið Árborg	7.815	0	21	7.836	157	49,8	156	50,2	Suðurland							
8508	Mýrdalshreppur	458	0	0	458	761	0,6	429	1,1								
8509	Skaftárhreppur	438	0	8	446	6.905	0,1	2.510	0,2								
8610	Ásahreppur	192	0	0	192	2.966	0,1	158	1,2								
8613	Rangárþing eystra	1.720	0	11	1.731	1.850	0,9	940	1,8								
8614	Rangárþing ytra	1.510	0	15	1.525	3.177	0,5	1.179	1,3								
8710	Hrunamannahreppur	776	2	3	781	1.391	0,6	248	3,1								
8716	Hveragerðisbær	2.285	0	4	2.289	11	201,4	11	201,0								
8717	Sveitarfélagið Ölfus	1.890	0	13	1.903	725	2,6	475	4,0								
8719	Grímsnes- og Grafings	420	0	3	423	891	0,5	538	0,8								
8720	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	488	7	5	500	2.227	0,2	400	1,2								
8721	Bláskógabyggð	877	2	12	891	3.278	0,3	864	1,0								
8722	Flóahreppur	630	0	9	639	291	2,2	291	2,2	25.821	11	30.966	0,8	10.379	2,5		
	SAMTALS	319.368	669	1507	321.544	102.927	3,1	33.359	9,6	Ath: Óstaðsettir ekki meðreiknaðir							

### 1.3 Íbúar. Mannfjöldaþróun

Íbúum í dreifbýli hefur fækkað síðustu tvo áratugi en íbúum fjölgað í þéttbýli. Skilgreining Hagstofu Íslands á þéttbýli miðast við 200 íbúa<sup>2</sup> en í Skipulagslögum við 50 íbúa innan 200 metra fjarlægðar<sup>3</sup>. Í dreifbýli skv. skilgreiningu Skipulagslaga bjuggu 18.217 manns árið 1998 og fækkaði í 16.763 í ársbyrjun 2017. Íbúum þéttbýlisstaða með yfir 50 íbúa fjölgaði hins vegar þessa tvo síðustu áratugi, þó hægar eftir bankahrunið, úr 257.047 árið 1998 í 320.990 árið 2017. Þetta kemur fram á mynd 1.3.1.


1. janúar 2017 bjuggu 338.349 manns á Íslandi, þar af 316.904 á þéttbýlisstöðum með 200 íbúa eða fleiri, eða 93,7%. Fjölgun íbúa hefur verið



misjöfn eftir landshlutum síðustu tvo áratugi, mest á höfuðborgarsvæðinu eins og sést á mynd 1.3.2. Utan höfuðborgarsvæðisins fjölgaði íbúum mest síðustu tvo áratugi á Suðurnesjum eins og sést á línuritinu á mynd 1.3.3 og í þeim landshluta fjölgaði íbúum líka hlutfallslega mest eins og kemur fram á og töflunni á mynd 1.3.4 og súluritinu á mynd 1.3.5. Á línuritinu á mynd 1.3.3 sést vel tímabundin breyting á íbúafjöldanum á Austurlandi í tengslum við stórframkvæmdirnar þar framyfir 1. áratug aldarinnar og að íbúafækkun var stöðug allt tímabilið á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra. Þessi þróun íbúafjöldans eftir landshlutum er líka sýnd á korti á mynd 1.3.6. Þessi mynd er þó nokkuð misvísandi því innan landshlutanna var þróunin misjöfn þessa tvo áratugi eins og sést á kortinu á mynd 1.3.7 þar sem sýnd er hlutfallsleg þróun mannfjöldans eftir sveitarfélögum síðustu tvo áratugi. Þar sést að íbúafjölgun á Suðurlandi og

<sup>2</sup> [https://hagstofa.is/media/49840/endurskilgreining\\_hagstofu\\_islands\\_februar\\_2012.pdf](https://hagstofa.is/media/49840/endurskilgreining_hagstofu_islands_februar_2012.pdf).


<sup>3</sup> <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2010123.html>




### Mynd 1.3.4 Breyting íbúafjöldans 1998-2017

	1998	2017	Breyting	Hlutfallsbreyting 1998-2017
Höfuðborgarsvæðið	164.606	216.878	52.272	31,8
Suðurnes	15.715	23.993	8.278	52,7
Vesturland	13.924	15.929	2.005	14,4
Vestfirðir	8.556	6.870	-1.686	-19,7
Norðurland vestra	8.252	7.156	-1.096	-13,3
Norðurland eystra	28.417	29.685	1.268	4,5
Austurland	9.946	10.310	364	3,7
Suðurland	22.965	27.528	4.563	19,9

Heimild: Hagstofa Íslands



Vesturlandi er í sveitarfélögum næst höfuðborgarsvæðinu. Hlutfallsleg fjölgun er líka á og við Akureyri og á Fljótdalshéraði. Athyglisverð er fjölgun í Skagabyggð og hlutfallsleg metfjölgun í Ásahreppi þessa tvo síðustu áratugi. Þróun íbúafjöldans frá 1998 hefur borið sömu einkenni og þróun á Íslandi síðustu áratugi sem er viðfangsefni í skýrslu Bygðastofnunar frá des. 2010, *Breytingar á íbúafjölda 2001-2010*, sem unnt er að sækja á heimasíðu hennar.<sup>4</sup>





### Mynd 1.3.6 ÍSLAND HLUTFALLSBREYTING ÍBÚAFJÖLDANS EFTIR LANDSHLUTUM 1998-2017

Heimild: Hagstofa og LMI  
BYGGÐASTOFNUN

<sup>4</sup> [www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Mannfjoldi\\_2001-2010.pdf](http://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Mannfjoldi_2001-2010.pdf)

Athyglisvert er að síðustu fimm ár hefur orðið breyting á þessu langa þróunarferli eins og sést á kortinu á mynd 1.3.8 og samanburði hlutfallsbreytingar íbúafjöldans á því og kortinu á mynd 1.3.7. Sveitarfélög með hlutfallslega fjölgun íbúa eru lituð frá grænu yfir í blátt eftir því hversu þessi fjölgun er mikil og frá gulu yfir í rautt eftir því hversu þessi fækkun íbúa er meiri. Íbúum margra sveitarfélaga sem glímt hafa við fólksfækkun um árabil hefur fjölgað síðustu fimm ár, á Vestfjörðum, Norðurlandi eystra, Austurlandi og á austurhluta Suðurlands. Mikil hlutfallsleg fjölgun hefur verið í Mýrdalshreppi, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Ásahreppi og Bláskógabyggð og talsverð í Grímsnes- og Grafningshreppi og Skaftárhreppi. Skýringa á þessum viðsnúningi er væntanlega helst að leita í vexti ferðapjónustu þó hann skýri ekki hástökk Ásahrepps.











Íslendingum hefur fjölgað í öllum aldurshópum síðustu áratugi. Þessi fjölgun hefur verið á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum og fjölmennið á þessum svæðum vegur þungt í landsmeðaltali. Í megindrátum er þróun mannfjöldans eftir aldurshópum og landshlutum þannig að utan við áhrifsvæði höfuðborgarinnar minnka yngri aldurshópar en hinir eldri stækka. Það má telja veikleikamerki þegar fækkar í hinum virku aldurshópum á sviði atvinnulífs og barneigna og sú er raunin utan áhrifsvæðis höfuðborgarinnar.

Íbúum á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði í öllum aldurshópum á tímabilinu frá 1998 til 2015 nema í aldurshópnum 70-79 ára. Fjölgun í þessum virku aldurshópum ber með sér mikilvægar forsendur fyrir nýsköpun og þróun á svæðinu.

Á höfuðborgarsvæðinu eru skilyrði fjölbreytt fyrir bæði kyn og allan aldur, bæði til starfa, náms, afþreyingar og þjónustu. Þessi skilyrði skapast að nokkru af íbúafjöldanum sjálfum og þar með að höfuðborgarsvæðið verður oftast fyrir valinu ef finna á sameiginlegri starfsemi stað.

Skipting íbúa eftir kyni er mikilvægur kvarði því kynjahalli ber vott um stöðnun.<sup>5</sup> Almenna kenningin er sú að konur flytjist búferlum fyrst og karlarnir kommi á eftir en samt sýna tölur um fjölda kvenna sem hlutfall af fjölda karla að talsverður halli er í öllum landshlutum nema á höfuðborgarsvæðinu. Í öllum landshlutum nema á Norðurlandi eystra og Suðurlandi minnkaði hlutur kvenna á hrunárunum en síðan hefur hann vaxið í öllum landshlutum og var nánast jafn hlut karla á Norðurlandi vestra 2017. Á Suðurnesjum hefur hlutur kvenna þó minnkað nokkuð og á Norðurlandi eystra. Nánar er fjallað um þennan þátt byggðamála í kafla 1.6.




<sup>5</sup> Anna Kristín Gunnarsdóttir, Orsakir búferlaflutninga kvenna af landsbyggðinni. Lokaverkefni til M.A.-gráðu, Háskóli Íslands, Menntavísindasvið, júní 2009

Eitt af sérkennum mannfjöldapróunar síðustu ár er vaxandi fjöldi íbúa af erlendu ríkisfangi. Hluttur þeirra hefur vaxið í öllum landshlutum, mest á Suðurnesjum, Vestfjörðum og Suðurlandi enda þótt langflestir þeirra séu búsettir á höfuðborgarsvæðinu. Á Suðurnesjum var fjöldi íbúa af erlendu ríkisfangi 10,2% af fjölda íbúa með íslenskt ríkisfang árið 2010 en árið 2016 var þessi hluttur orðinn 17,8%. Athyglisverður er stór hluttur íbúa með erlent ríkisfang á Vestfjörðum og lítill hluttur á Norðurland vestra og Norðurland eystra í samanburði við aðra landshluta.

Athyglisvert er líka að fleiri íslenskir ríkisborgarar hafa flutt burtu næstum hvert ár úr öllum landshlutum en flust hafa til þeirra frá 2010 til 2016. Þessa fækkun hefur meiri aðflutningur en brottflutningur erlendra ríkisborgara vegið upp í


**Mynd 1.3.17 Hlutfallsfjöldi íbúa af erlendu ríkisfangi af íbúum með íslenskt ríkisfang**



Heimild: Hagstofa Íslands




**Mynd 1.3.18 Höfuðborgarsvæðið: Búferlaflutningar 2010-2016**



Heimild: Hagstofa Íslands




**Mynd 1.3.19 Suðurnes: Búferlaflutningar 2010-2016**



Heimild: Hagstofa Íslands




**Mynd 1.3.20 Vesturland: Búferlaflutningar 2010-2016**



Heimild: Hagstofa Íslands




**Mynd 1.3.21 Vestfirðir: Búferlaflutningar 2010-2016**




Heimild: Hagstofa Íslands




**Mynd 1.3.22 Norðurland vestra:  
Búferlaflutningar  
2010-2016**




**Mynd 1.3.23 Norðurland eystra:  
Búferlaflutningar 2010-2016**



**Mynd 1.3.24 Austurland:  
Búferlaflutningar 2010-2016**




**Mynd 1.3.25 Suðurland:  
Búferlaflutningar 2010-2016**





öllum landshlutum. Frávik frá þessu ferli voru árið 2013 á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Austurlandi, á Suðurlandi 2016 og árið 2011 á Vesturlandi þar sem fjöldi brottflutta og aðflutta íslenskra ríkisborgara var jafn árin 2013 og 2016. Þessi þróun búferlaflutninga eftir landshlutum kemur fram á gröfum á myndum 1.3.11-1.3.18 en mikilvægt er að skali grafanna er misjafn. Hann er hins vegar sambærilegur á mynd 1.3.19 þar sem tekin er saman fjöldi aðflutta og brottflutta síðustu þriggja ára, frá 2014 til 2016. Vel kemur fram að allir landshlutar búa við að fleiri íslenskir ríkisborgarar hafa flutt út en inn og aðfluttir erlendir ríkisborgarar bæta þann missi upp og vel það.

**Mynd 1.3.26 Búferlaflutningar  
2014-2016**



## 1.4 Helstu þéttbýlisstaðir og íbúafjöldi

Þéttbýlisstaðir með meira en 2.000 íbúa teljast 11 á landinu en á höfuðborgarsvæðinu eru nokkrir fjölmennir þéttbýlisstaðir. Á því svæði bjuggu 76,5% af íbúum þessara 11 staða í ársbyrjun 2017. Innan þess er dagleg vinnusókn og raunar er svæði daglegrar vinnusóknar höfuðborgarsvæðisins mun stærra og nær yfir þéttbýlisstaði s.s. Keflavík, Akranes, Hveragerði og Selfoss og þannig til 88,4% af íbúum 11 stærstu þéttbýlisstaðanna 2017. Utan við þetta vinnusóknarsvæði höfuðborgarinnar var Akureyri langfjölbýlasti bærinn með 18.342 íbúa í ársbyrjun 2017 og þá Vestmannaeyjar með 4.292 íbúa. Höfuðborgarsvæðið er fjölmennt á landsvísu en ekki í samanburði við þéttbýl svæði í Evrópu sem höfuðborgarsvæðið er í samkeppni við. Akureyri er líka öflug á landsvísu en bærir með færri en 3.000 íbúa virðast vera á mörkum fækkunar og fjölgunar. Þar er samt gerjun og að því leyti ekki rétt að kalla ástandið stöðnun.



## 1.5 Brothættar byggðir

Byggðastofnun hafði á árinu 2012 frumkvæði að tilraunaverkefni þar sem leitað var lausna á bráðum vanda Raufarhafnar í samstarfi við fulltrúa íbúa á Raufarhöfn, sveitarfélagið Norðurþing,



Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga og Háskólann á Akureyri. Hugmyndin með verkefninu var að leiða fram vilja og skoðanir íbúanna sjálfra og leita lausna á forsendum þeirra í samvinnu við þá sem koma að málum byggðarlagsins og láta sig framtíð þess varða.

Raufarhöfn hefur, eins og mörg önnur byggðalög, glímt um árabíl við mikla fólksfækkun og vanda í atvinnulífi. Vandí Raufarhafnar var þó ef til vill meiri en margra annarra byggðarlaga og því ekki að ástæðulausu að leitað væri nýrra lausna þar. Þau verkfæri sem til staðar eru, svo sem lánveitingar af hálfu Byggðastofnunar og fjölþættur stuðningur atvinnuþróunarfélaga og stoðkerfisins, hafa ekki megnað að stöðva þessa þróun.

Hugmyndin var frá upphafi sú að með verkefninu á Raufarhöfn yrði til aðferð eða verklag sem hægt væri að nota á fleiri stöðum sem stæðu frammi fyrir svipuðum vanda. Árið 2013 fékkst fjárveiting frá Alþingi upp á 50 m.kr. í þetta verkefni, sem hlotið hafði heitið „Brothættar byggðir“, en í hverju þátttökubygðarlagi fær verkefnið eigið heiti sem heimamenn velja. Var ákveðið að höfðu samráði við atvinnuþróunarfélög og landshlutasamtök sveitarfélaga að verkefnið skyldi auk Raufarhafnar ná til Bíldudals, Skaftárhrepps og Breiðdalshrepps. Starfið hófst haustið 2013 í þremur síðasttöldu byggðarlögum.

Settar voru á fót verkefnisstjórnir fyrir hvert byggðarlag. Í þeim sitja fulltrúar Byggðastofnunar, viðkomandi sveitarfélags, landshlutasamtaka og atvinnuþróunarfélags og loks tveir fulltrúar íbúa. Aðferð þessa verkefnis byggir á að draga fram vilja og skoðanir íbúanna og vinna út frá þeim. Það er gert með því að halda íbúafundur yfir tvo daga (helgi) þar sem rætt er um stöðu byggðarinnar og leiðir til úrlausna. Fenginn var ráðgjafi til þess að stýra íbúafundum og úrvinnslu þeirra og skilar hann samantekt með niðurstöðum íbúafundingsins.

Íbúafundurinn fara fram eftir aðferð sem kallast „opið rými“, (e. open space), sem m.a. einkennist af því að ekki liggur fyrir dagskrá heldur ákveða íbúarnir sjálfir umræðuefni og því hvernig verkefnum skuli forgangsraðað. Stefnumótun með framtíðarsýn og markmiðum fyrir byggðarlagið byggir á niðurstöðum íbúafundings og stöðugreiningu fyrir byggðarlagið. Stefnumótunin er síðan kynnt á íbúafundi. Íbúafundir eru síðan haldnir árlega til að fara yfir stöðu verkefnisins.

Þó nokkuð snemmt sé að segja til um áhrif verkefnisins Brothættra byggða má þó merkja ýmis jákvæð teikn og má nefna nokkur dæmi. Á Raufarhöfn voru stofnuð íbúasamtök og samtök eldri borgara. Raufarhöfn var einn af þeim útgerðarstöðum sem fengu úthlutun á aflamarki Byggðastofnunar. Það hefur skapað grundvöll fyrir fjölgun starfa og meiri stöðugleika, einkum í landvinnslu. Styrkur fékkst til uppbyggingar Heimskautsgerðis, aukning er í framboði gistirýmis í bænum, skipulagðar ferðir með veiðimenn í vötn á Sléttu og við Þistilfjörð. Unnin var greinargerð um íbúðarhúsnæði á Raufarhöfn. Komið hefur verið upp alþjóðlegri rannsóknarstöð fyrir náttúruvísindamenn.

Í Breiðdalshreppi hafa orðið til verkefni í ferðaþjónustu, eins og rafræn leiðsögn, siglingar og jeppaferðir. Þangað var einnig úthlutað aflamarki Byggðastofnunar og fiskvinnsla fór í gang á ný. Einnig má nefna verkefni eins og uppbyggingu frystihússins á Breiðdalsvík sem Byggðastofnun hefur staðið straum af en sá kostnaður fellur þó ekki á þetta verkefni.

Árið 2014 fór fram bæði innra og ytra mat á verkefninu. Meðal annars var skoðuð norsk áætlun sem nefnist *Regional omstilling*. Ítarleg verklýsing<sup>6</sup> var gerð fyrir verklagið í Brothættum byggðum, m.a. byggt á norsku fyrirmyndinni sem og mati á verkefninu, sem Ernst & Young gerði fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og hófst sú matsvinna haustið 2014 og lauk í ársbyrjun 2015. Verklýsing og

---

<sup>6</sup> [www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar\\_byggdir/verklýsings/verkefnislysing-brothaetta-byggda-utg.2.1-mars-2016.pdf](http://www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar_byggdir/verklýsings/verkefnislysing-brothaetta-byggda-utg.2.1-mars-2016.pdf)

viðaukar hennar birtust á heimasíðu Byggðastofnunar vorið 2016 og var jafnframt kynnt á fundi með starfsfólki ráðuneytisins og fulltrúum stýrihóps Stjórnarráðsins.

Á árinu 2015 voru undirritaðir samstarfssamningar um Brothættar byggðir fyrir Raufarhöfn, Breiðdalshrepp og Skaftárhrepp og gilda þeir samningar til ársloka 2017. Samkvæmt samningunum voru ráðnir þrjú verkefnastjórnar árið 2015, er sinna þessum þremur samfélögum og Kópasker og nærsveitir heyra undir sama verkefnisstjóra og Raufarhöfn. Akureyrarkaupstaður réði síðla árs 2015 verkefnisstjóra sem sinnir verkefninum í Hrísey og Grímsey. Ekki var farin sú leið að ráða verkefnisstjóra fyrir Bíldudal, heldur var verkefnið framlengt til ársloka 2016 og veittir verkefnastyrkir eins og á hinum svæðunum. Veittir hafa verið 45 styrkir að upphæð 57 mkr. á sex af sjö svæðum, en úthlutun ársins 2016 er enn í gangi.

Í mati Ernst & Young á árangri verkefnisins<sup>7</sup> kom fram gagnrýni og ábendingar um það sem betur má fara í verkefninu, en niðurstaða skýrslunnar er mjög uppbyggileg og jákvæð fyrir verkefnið Brothættar byggðir. Stuðst var m.a. við ábendingar og niðurstöður skýrslunnar við gerð áðurnefndrar verkefnislýsingar.

Vorið 2014 var auglýst eftir umsóknum fleiri byggðarlaga um þátttöku í verkefninu. Þá var sótt um fyrir tólf byggðarlög í sjö sveitarfélögum, þar af voru fimm byggðarlög á Vestfjörðum. Fljótlega varð ljóst að Byggðastofnun hefði hvorki mannafla né fjármuni til að verða við öllum umsóknum. Í ljósi þessara þátta var ákveðið að bjóða þremur af tólf umsóknarbyggðarlögum þátttöku í verkefninu. Umsækjendur voru metnir eftir mælikvörðum sem taka til margra þátta, m.a. íbúapróunar. Þau byggðarlög sem þá bættust við voru Grímsey, Hrísey og Öxarfjarðarhérað (Kópasker og nærsveitir), svo alls eru nú sjö byggðarlög sem taka þátt í verkefninu Brothættar byggðir, hvert með sitt eigið heiti.

Verkefnið Brothættar byggðir hefur verið fest í sessi með samningi við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið en þó skýrist það fyrst með fjárlögum hvers árs hvaða fjármunir eru til ráðstöfunar. Stjórnvöld hafa tekið þessari nýju aðferðafræði Byggðastofnunar af áhuga og jákvæðni. Verkefnið hefur verið kynnt mjög víða, bæði innan lands og utan.

## 1.6 Jafnréttismál

Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla no. 10/2008, sem í daglegu tali eru nefnd Jafnréttislögin segir í 1. grein: „Markmið þessara laga er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Allir einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni.“ Og í 17. grein segir: “Kynjasambættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð sem gerð er á vegum ráðuneyta og opinberra stofnana er starfa á málefnaviði þeirra. Hið sama gildir um alla ákvörðunartöku innan ráðuneyta og stofnana eftir því sem við getur átt.” Með kynjasambættingu er átt við að skipuleggja, bæta, þróa og leggja mat á stefnumótunarferli þannig að sjónarhorn kynjajafnréttis sé á öllum sviðum fléttað inn í stefnumótun og ákvarðanir þeirra sem alla jafna taka þátt í stefnumótun í samfélaginu og á það að sjálfsögðu við um Byggðaáætlun.

Mikill brottflutningur kvenna úr landsbyggðunum er sérstakt áhyggjuefni og bendir mikill brottflutningur ungra kvenna til félags- og efnahagslegs mismunar og ógnar heildarmynd svæðisbundinnar samkenndar og jafnvægi í byggðaþróun<sup>8</sup>. Augljóslega veikjast samfélögin alvarlega þegar ekki eru konur til að fæða börn til að viðhalda samfélaginu. Árið 2015 voru konur færri en karlar í öllum landshlutum nema á höfuðborgarsvæðinu en í byrjun árs 2017 voru þær orðnar heldur færri þar líka. Mestur munur á hlutfalli fjölda kvenna af fjölda karla 2017 var á Suðurnesjum, minnstur á

<sup>7</sup> [www.atvinnuvegaraduneyti.is/media/Acrobat/BB\\_lokaskýrsla\\_EY.pdf](http://www.atvinnuvegaraduneyti.is/media/Acrobat/BB_lokaskýrsla_EY.pdf)

<sup>8</sup> Sjá t.d. ESPON SEMIGRA-verkefnið, bls. 6. [www.espon.eu/main/Menu\\_Projects/Menu\\_TargetedAnalyses/semigra.html](http://www.espon.eu/main/Menu_Projects/Menu_TargetedAnalyses/semigra.html)

höfuðborgarsvæðinu og Norðurlandi vestra. Færri konu en karlar á svæðum fjarri stórum þéttbýlistöðum, borgum, er ekki séríslenskar aðstæður því sú þróun er víða á Vesturlöndum. Í Noregi hefur t.d. verið gripið til ýmissa aðgerða til þess að reyna að laða konur til búsetu í hinum dreifðu byggðum og jafna kynjahallann. Jafnrétti kynjanna er mikilvægt til þess að sporna gegn neikvæðri byggðapróun. Atvinnuástand á svæðum, möguleiki til náms, aðgengi að grunnþjónustu og samþætting atvinnu- og fjölskyldulífs eru mikilvægir mælikvarðar til að tryggja jöfn tækifæri bæði svæðisbundið og milli kynjanna. Atvinnuþátttaka kvenna hér á landi er um 78% og konur eru um 47% vinnuafslins.


Vinumarkaður hér á landi, eins og víða í hinum vestræna heimi, er kynjaskiptur þar sem konur eru í miklum hluta launþegar í ýmiss konar þjónustugreinum. Landsbyggðir Íslands eru mjög karllægar og norm og gildi

samfélaga og störf meira tengd við karlmenn s.s. í frumatvinnugreinunum, sjávarútvegi og landbúnaði og iðnaði eru mjög ráðandi. Konur sinna oft störfum í ferðaþjónustu, heilbrigðisþjónustu og öðrum störfum í opinberri þjónustu og því þyrfti stefna og aðgerðir til stuðnings byggðapróun að miða að því að brjóta upp kynjaskiptan vinnumarkað.


Elsta búferlakönnun sem vitað er um í heiminum er frá árinu 1885. Ekki er langt síðan farið var að kyngreina búferlarannsóknir erlendis og á Íslandi og ekki margar rannsóknir sem hafa skoðað sérstaklega hvort orsakir búferlaflutninga eru aðrar hjá konum en körlum. Þær rannsóknir sem liggja fyrir eru takmarkaðar og misvísandi. Rannsókn sem gerð var 1997 af Stefáni Ólafssyni fyrir Byggðastofnun og mikið hefur verið vitnað í var til að mynda ekki kyngreind. Kjartan Ólafsson og Ingólfur V. Gíslason bentu á það í rannsókn árið 2005 að á Íslandi hafi ekki verið rannsakað sérstaklega hvað þarf til að konur kjósi sér búsetu á landsbyggðinni og byggðaaðgerðir hafi ekki miðað sérstaklega að því að laða konur til búsetu þar.

Margar ástæður eru til þess að kyngreina upplýsingar í búferlarannsóknnum. Ein sú veigamesta er að þó mikið hafi unnist síðustu öldina er fullu jafnrétti ekki náð. Konur sinna í mun meira mæli heimili og barnaupveldi en karlar og tölur sýna að enn vinna karlar lengri vinnudag en konur. Vinnumarkaður er

**Mynd 1.6.1 Fjöldi kvenna í öllum aldurshópum miðað við fjölda karla eftir landshlutum 2015**



**Mynd 1.6.2 Fjöldi 20-39 ára kvenna miðað við fjölda karla eftir landshlutum 2015**



enn mjög kynjaskiptur og námsval kvenna frábrugðið námsvali karla. Þessi atriði ásamt fleirum, svo sem launamuni kynjanna, gera það að verkum að aðstæður kvenna og karla eru ekki þær sömu. Búsetuþarfir og óskir um búsetu eru ekki endilega þær sömu og því verður að skoða hlutina í ljósi þess. Konur í dreifbýli búa ekki við sömu möguleika til starfa og náms og konur í þéttbýli og því er víða um heim að finna dæmi um stuðningsaðgerðir í þágu kvenna til þess að stemma stigu við byggðaröskun, t.d. í Noregi með lægri skatta og afslátt á námslánum. Þar sem atvinnutækifæri fyrir konur eru takmörkuð er sjálfstæður atvinnurekstur lausn fyrir sumar konur en þær eru þó ekki einsleitur hópur. Því er

ein leið til að snúa þessari þróun við að fjölga stuðningsaðgerðum sem miða að því að konur geti hafið eigin atvinnurekstur í landsbyggðum.


Árið 2012 kom út skýrsla Nordregio, norrænu fræða-stofnunarinnar í skipulags- og byggðamálum um stuðningsaðgerðir við frumkvöðlastarfsemi kvenna. Í skýrslunni kemur fram að Ísland er eina landið af Norðurlöndum þar sem skortir stefnu á þessu sviði.

Mynd 1.6.1 sýnir fjölda kvenna á hverja 100 karla eftir landshlutum 2015. Á henni sést staða miðað við alla aldursflokka en á mynd 1.6.2 sést staða í aldursflokknum 20–39 ára. Meðaltalið í löndum EES er 97 konur á hverja 100 karla.

Almennt eru margvíslegar og einstaklingsbundnar ástæður fyrir brottflutningi og aðgerðir til mótvægis þurfa því að vera margháttáðar. Í nýlegri skýrslu Selective Migration and Unbalanced Sex Ratio in Rural Regions („Val um búferlaflutninga og ójafnvægi í kynjahlutföllum í dreifðum byggðum“)<sup>9</sup> sem kom út á síðasta ári á vegum ESPON<sup>10</sup> er fjallað um rannsókn sem gerð var á búferlaflutningum og kynjahlutföllum á fimm svæðum í Evrópu. Rannsóknin var margþætt, megindleg og eigindleg. Spurningalistar voru lagðir fyrir unglinga til að kanna viðhorf þeirra til búsetu á svæðunum. Tekin voru viðtöl við konur sem þar búa og hafa flutt þangað. Þá var rætt við sérfræðinga sem móta stefnu í byggðamálum og starfsmenn hjá sveitarfélögum. Tilgangurinn var rannsókn og tillögugerð sem mætti

### Mynd 1.6.3: Flokkun svæða eftir hlutfall kynja í aldurhópi 20-34 ára

Heimild ESPON: Selective Migration and Unbalanced Sex Ratio in Rural Regions



© TEAM IIL, SEMIGRA, 2012  
 EUROPEAN UNION  
 Part-financed by the European Regional Development Fund  
 INVESTING IN YOUR FUTURE  
 Regional level: NUTS 3  
 Source: Own calculations, 2011  
 Origin of data: EUROSTAT and national statistical offices, 2011  
 © EuroGeographics Association for administrative boundaries

#### Legend

- Cluster 1: Strong "lack" of women in all age groups
- Cluster 2: Moderate "lack" of women in all age groups
- Cluster 3: "Sex ratio turnaround": "Surplus" of men in the youngest age group, "surplus" of women in the oldest age group
- Cluster 4: Balanced sex ratio in all age groups
- Cluster 5: "Feminising regions": Balanced sex ratio in the youngest age group, "surplus" of women in the oldest age group
- Cluster 6: "Surplus" of women in all age groups
- No data
- Case study regions

<sup>9</sup> [www.espon.eu/main/Menu\\_Projects/Menu\\_TargetedAnalyses/semigra.html](http://www.espon.eu/main/Menu_Projects/Menu_TargetedAnalyses/semigra.html)

<sup>10</sup> European Observation Network on Territorial Development and Cohesion, Evrópskt netverk fyrir rannsóknir á byggðapróun og aðlögun

heimfæra á svæði sem búa við svipaða íbúabróun. Þó er tekið fram að ríki Evrópu eru ólík að menningu, atvinnu og öðrum svæðisbundnum þáttum en margar lýsingar í þessari skýrslu lýsa aðstæðum sem svipar til aðstæðna á Íslandi.

Ástæður brottflutnings ungra kvenna úr landsbyggðunum eru margar og mismunandi og aðgerðir þurfa að taka mið af því. Rannsóknir sýna að strax á unglingsaldri stefna stelpur frekar á brottflutning og nám en strákar, að mannleg samskipti og menningarbundnir þættir skipta stelpur meiru en strákar meta veraldlega hlutir meira. Aðgerðir ættu ekki að miða að því að koma í veg fyrir að ungt fólk flytji í burtu til að auka við menntun sína og þekkingu heldur verður að ráðast í aðgerðir sem gera ungu fólki kleift að snúa aftur að námi loknu. Aukin háskólamenntun kvenna kallar á fleiri störf fyrir háskólamenntaðar konur í landsbyggðunum eigi þær að geta sest þar að. Atvinna fyrir bæði kynin, gott umhverfi til að ala upp börn, þar með talin dagvistun og skólar ásamt nægu húsnæðisframboði, eru mikilvægir þættir til þess að fá ungar konur til að snúa heim eftir nám. Grunnþjónusta þarf að vera góð og opinber þjónusta er ekki bara nauðsynleg vegna framboðs á störfum heldur líka nátengd ímynd svæðanna. Niðurskurður á þessum sviðum vinnur gegn fjölgun ungra kvenna á svæðunum. Sem dæmi um þetta er niðurskurður í heilbrigðismálum á Íslandi sem bitnar mjög á konum.

## 2. Menntun

### 2.1 Menntun eftir landshlutum

Fyrir stöðugreiningu 2013 fékk Byggðastofnun fyrirtækið Capacent-Gallup til að taka saman tölur úr gögnum sínum og greina skiptingu fólks eftir menntun og landshlutum árin 2011 og 2012. Fyrir stöðugreiningu 2015 fékk Byggðastofnun fyrirtækið Gallup sem aðgreint hefur verið frá Capacent með þann gagnagrunn sem notaður var 2013 til þess að uppfæra greininguna fyrir árið 2014. Meginniðurstaða er að breytingar eru litlar og í fæstum tilvikum marktækar. Raunar er ekki


Mynd 2.1.1 Hlutfallsskipting íbúa 18 ára og eldri í hverjum landshluta 2014 eftir menntun

Karlar	Grunnskólapróf eða minna	Starfsnám í framh.-skóla	Stúdentspróf	Iðnnám, verknám, Meistarapróf	Grunnnám í háskóla	Framhaldsnám í háskóla	
Suðurland	27%	4%	16%	35%	15%	4%	100%
Austurland	32%	3%	13%	35%	12%	5%	100%
Norðurl.eystra	27%	4%	16%	31%	16%	7%	100%
Norðurl.vestra	33%	6%	13%	31%	15%	3%	100%
Vestfirðir	30%	3%	9%	38%	13%	7%	100%
Vesturland	31%	5%	11%	37%	12%	5%	100%
Höfuðborgarsvæ	17%	3%	16%	26%	22%	16%	100%
Suðurnes	32%	4%	13%	38%	12%	2%	100%
Landið	21%	3%	15%	29%	19%	12%	99%
<b>Konur</b>							
Suðurland	33%	8%	21%	9%	21%	8%	100%
Austurland	41%	10%	19%	5%	21%	5%	100%
Norðurl.eystra	36%	9%	17%	6%	25%	7%	100%
Norðurl.vestra	42%	11%	12%	7%	19%	8%	100%
Vestfirðir	39%	11%	16%	7%	23%	5%	100%
Vesturland	33%	8%	18%	10%	24%	7%	100%
Höfuðborgarsvæ	20%	5%	21%	9%	29%	16%	100%
Suðurnes	40%	5%	24%	9%	19%	4%	100%
Landið	26%	6%	20%	9%	27%	13%	101%

Heimild: Gallup

Mynd 2.1.2 Hlutfallsskipting íbúa 18 ára og eldri í hverjum landshluta 2011-2012 eftir menntun

Heimild: Gallup




við miklum breytingum að búast á þessu sviði á svona stuttum tíma. Þær kunna að skýrast af flutningum milli landshluta en gætu líka stafað af eðlilegu fráviki í fámennum úrtakshópi.

Þannig hefur það ekki breyst að höfuðborgarsvæðið sker sig alveg úr í samanburði við landsmeðaltal. Þar er hærra hlutfall fólks sem lokið hefur grunn- og framhaldsnámi í háskóla en mun lægra hlutfall sem aðeins hefur lokið grunnskólanámi eða minna. Þetta má sjá á töflunni á mynd 2.1.1 og myndrænt á staflaritinu á mynd 2.1.2.






## Mynd 2.1.3 Hlutfallsskipting íbúa 18 ára og eldri í hverjum landshluta 2011-2012 eftir menntun

Heimild: Gallup

### Karlar



### Konur



Af þeim breytingum sem virðast hafa orðið síðan 2012 eru þessar trúlega athyglisverðastar:

- Hluttur íbúa með iðnnám, verknám og meistarapróf, hefur minnkað í öllum landshlutum, mest á Norðurlandi vestra.
- Hluttur í íbúa með grunnskólapróf eða minna hefur minnkað á Suðurnesjum, Vesturlandi og mikið á Suðurlandi en vaxið á Austurlandi, Norðurlandi vestra, Vestfjörðum og höfuðborgarsvæðinu.
- Hluttur íbúa með stúdentspróf sem mesta menntun hefur vaxið verulega á Suðurlandi og Suðurnesjum og talsvert á Austurlandi en hefur minnkað talsvert á Vesturlandi og nokkuð á Norðurlandi vestra og Vestfjörðum.
- Hluttur íbúa með starfsnám í framhaldsskóla helst víðast óbreyttur, minnkar þó svolítið á Norðurlandi eystra og vex nokkuð á Norðurlandi vestra.
- Hluttur íbúa með grunnnám í háskóla vex nokkuð og talsvert á Suðurlandi og Suðurnesjum en minnkar á Austurlandi, Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu.

- Hlutur íbúa með framhaldsnám í háskóla vex nokkuð á Suðurlandi og Vesturlandi og vex talsvert á Norðurlandi eystra, Vestfjörðum og höfuðborgarsvæðinu.
- Minnstar breytingar hafa orðið á Norðurlandi eystra en mestar á Suðurlandi, Norðurlandi vestra, Vesturlandi og Suðurnesjum.

Þessar breytingar má sjá á mynd 2.1.3.


Myndir 2.1.5 og 2.1.6 sýna menntun íbúa hvers landshluta miðað við prósentustig í frávíki frá landsmeðaltali.

Á Suðurnesjum var hlutur þeirra sem hafa stúdentspróf kominn í landsmeðaltal 2014 en hlutur háskólamenntaðra var undir meðaltali og hafði sigið niður frá 2012. Hlutur iðnmenntaðra var yfir landsmeðaltali og hafði stækkað frá 2012. Höfuðborgarsvæðið vísar minnst frá landsmeðaltali enda vegur það þungt í landsmeðaltalinu.


Aðeins á Suðurlandi er hlutur þeirra sem hafa stúdentspróf sem efsta stig menntunar yfir landsmeðaltali, höfuðborgarsvæðið fylgir landsmeðaltalinu en aðrir landshlutar eru undir því.

Aðgengi að menntun telst mikilvægt fyrir nýsköpun og samkeppnishæfni samfélaga. Háskólar eru í Reykjavík, Borgarfirði, Skagafirði og á Akureyri en háskóla- og þekkingarsetur og


### 2.1.4 Breytingar á hlut íbúa eftir menntun frá 2012 til 2014



### 2.1.5 Menntun íbúa 2012: Frávík frá landsmeðaltali




### 2.1.6 Menntun íbúa 2014: Frávík frá landsmeðaltali







símenntunarstöðvar í öllum landshlutum. Þessi setur og stöðvar hafa aðstöðu fyrir fólk til þess að stunda fjarnám við æðri menntastofnanir. Framhaldsskólar eru í öllum landshlutum, fleiri en einn eða útibú í mörgum þeirra. Ein símenntunarmiðstöð er í hverjum í landshluta, þó tvær á Norðurlandi eystra og Suðurlandi.<sup>11</sup> Hver miðstöð rekur starfstöðvar og námsver á nokkrum stöðum og starfstöðvanet þeirra er umfangsmikið. Með þeim hefur fullorðnu fólk gefist færi á einingabæru námi og að komast inn á leið að réttindanámi í tómsundum. Fræðslusjóðir verkalýðs-félaga greiða námið að miklu leyti í gegnum samninga á vinnumarkaði en fyrirkomulag rekstrar þessara námsvera og símenntunarmiðstöðva er ekki það sama um allt land



**Mynd 2.1.8 Símenntunarmiðstöðvar 2014**  
Kort Samataka fræðslu- og símenntunarmiðstöðva



Í norrænum samanburði er brottfall nemenda mikið á Íslandi og í Norður-Noregi eins og glögg kemur fram á korti Nordregio.



<sup>11</sup> [www.fraedslumidstodvar.is/files/Log%2027-2010%20um%20framhaldsfraedslu\\_362995933.pdf](http://www.fraedslumidstodvar.is/files/Log%2027-2010%20um%20framhaldsfraedslu_362995933.pdf)

### 3. Efnahagsþróun

#### 3.1 Tekjur

Útvarsstofn á íbúa lýsir nokkuð vel tekjum á mann miðað við aðrar upplýsingar um tekjur sem tiltækar eru. Tekjuþróunin í hverjum landshluta er sýnd í töflum í samanburði við landsmeðaltal. Annars vegar er útvarsstofn sýndur á hvern íbúa í landshlutanum á verðlagi ársins 2014 og hins vegar er landsmeðaltalið árið 2006 sett á 100. Með því móti fæst einföld og samanburðarhæf mynd af þróuninni. Töflurnar sýna að fyrstu tvö árin er útvarsstofn á Austurlandi um fjórðungi hærra en meðaltalið og að höfuðborgarsvæðið var einnig yfir meðaltali. Á botninum var hins vegar Norðurland vestra með að meðaltali tæplega 20% lægri útvarsstofn á íbúa. Á árinu 2012 var landsmeðaltalið 87,6% af því sem það var á árinu 2006 en ríflega 91% árið 2014. Austurland og höfuðborgarsvæðið voru yfir meðaltali bæði þessi ár, 2012 og 2014. Dregið hafði þá saman með þeim landshlutum og þeim sem lægsta útvarsstofninn höfðu pr. íbúa, Suðurnesjum og Norðurlandi vestra.

#### Mynd 3.1.1 Útvarsstofn á íbúa

Útvarsstofn á íbúa á verðlagi ársins 2014 í kr.

	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Höfuðborgarsvæði	3.866.392	4.211.570	3.859.925	3.372.031	3.182.380	3.260.370	3.275.227	3.316.653	3.453.149
Suðurnes	3.333.986	3.583.009	3.254.006	2.848.125	2.699.167	2.770.919	2.801.167	2.841.110	2.962.648
Vesturland	3.246.416	3.491.186	3.236.567	2.991.180	2.943.038	2.995.004	3.029.279	3.037.098	3.148.520
Vestfirðir	3.153.605	3.290.144	3.223.941	3.090.644	2.915.685	3.023.239	3.084.692	3.156.131	3.240.755
Norðurland vestra	2.955.006	3.050.522	2.938.161	2.836.521	2.765.348	2.806.058	2.933.614	2.993.349	3.047.048
Norðurland eystra	3.097.856	3.319.072	3.157.449	2.974.742	2.923.682	3.024.119	3.066.365	3.120.214	3.210.684
Austurland	4.754.017	4.563.002	3.536.507	3.244.966	3.177.604	3.405.415	3.438.686	3.438.854	3.545.383
Suðurland	3.128.801	3.360.268	3.166.278	2.881.502	2.817.832	2.943.977	3.022.565	3.047.787	3.114.112
<b>Samtals</b>	<b>3.663.540</b>	<b>3.949.810</b>	<b>3.619.787</b>	<b>3.218.179</b>	<b>3.068.876</b>	<b>3.156.581</b>	<b>3.186.330</b>	<b>3.225.953</b>	<b>3.346.635</b>

Heimild: Samband ísl. sveitarfélaga









#### Mynd 3.1.2 Útvarsstofn á íbúa miðað við landsmeðaltal

Útvarsstofn á íbúa á verðlagi ársins 2014 - landsmeðtal 2006 sett á 100

	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Höfuðborgarsvæði	105,5	115,0	105,4	92,0	86,9	89,0	89,4	90,5	94,3
Suðurnes	91,0	97,8	98,7	86,4	81,9	84,0	76,5	77,6	80,9
Vesturland	88,6	95,3	98,2	90,7	89,3	90,8	82,7	82,9	85,9
Vestfirðir	86,1	89,8	97,8	93,7	88,4	91,7	84,2	86,1	88,5
Norðurland vestra	80,7	83,3	89,1	86,0	83,9	85,1	80,1	81,7	83,2
Norðurland eystra	84,6	90,6	95,8	90,2	88,7	91,7	83,7	85,2	87,6
Austurland	129,8	124,6	107,3	98,4	96,4	103,3	93,9	93,9	96,8
Suðurland	85,4	91,7	96,0	87,4	85,5	89,3	82,5	83,2	85,0
<b>Landsmeðaltal</b>	<b>100,0</b>	<b>107,8</b>	<b>109,8</b>	<b>97,6</b>	<b>93,1</b>	<b>95,7</b>	<b>87,0</b>	<b>88,1</b>	<b>91,3</b>


Heimild: Samband ísl. sveitarfélaga

Á línuritunum á myndum 3.1.3 – 3.1.10 má sjá þróun útvarsstofns frá 2006 til 2014 í hverjum landshluta í samanburði við landsmeðaltal. Athyglisvert er að á höfuðborgarsvæðinu og Austurlandi fór útvarsstofninn niður fyrir landsmeðaltal eftir hrún, lengur þó á höfuborgarsvæðinu, og í þessum landshlutum einum hefur stofninn verið yfir landsmeðaltali síðustu ár.



Á súluritinu á mynd 3.1.11 má sjá einfalda mynd fyrir hvert ár og hvern landshluta og þannig má bera landshlutana saman.

Athyglisverðast fyrir þróunina er lækkun útsvarsstofnsins eftir hrun, að hann var lægstur árið 2012 í öllum




landshlutum nema á höfuðborgarsvæðinu þar sem hann fór lægst árið 2010.

### 3.2 Vinnumarkaður, atvinnuþátttaka og atvinnuleysi

#### Vinnumarkaðir, atvinnuþátttaka og atvinnuleysi


Vinnuafli á landinu var áætlað vera um 180.100 árið 2012 en var 184.600 árið 2008. Vinnuafli minnkaði verulega í efnahagshruninu og var um 180.000 þau ár en hefur aukist um 7.000 frá árinu 2012. Þriðjungur vinnuaflsins var utan höfuðborgarsvæðisins en um 2/3 á höfuðborgarsvæðinu.



#### Atvinnuþátttaka

Hagstofan skilgreinir atvinnuþátttöku sem hlutfall vinnuafls af heildarmannfjölda. Atvinnuleysi er hlutfall atvinnulausra af vinnuaflinu. Vinnuafli samanstendur af starfandi og atvinnulausu fólki. Upplýsingar um atvinnuþátttöku eru einungis tiltækar fyrir höfuðborgarsvæðið annars vegar og svæðið utan höfuðborgarsvæðisins hins vegar.

Atvinnuþátttaka minnkaði frá því að vera tæp 83% árið 2008 niður í rúm 80% árið 2012. Atvinnuþátttakan hefur aukist frá árinu 2012 og var á árinu 2014 á bilinu 84-85%. Atvinnuþátttaka karla hefur minnkað frá því að




vera um 87% í 83% árið 2012 en var um síðustu áramót 84-85%. Athygli vekur mismunandi þróun atvinnuþátttöku á höfuðborgarsvæðinu og utan þess. Atvinnuþátttaka kvenna á höfuðborgarsvæðinu hefur verið nokkuð stöðug og var hin sama árin 2008 og 2014 eða rúmlega 79%. Meiri sveiflur eru í

atvinnuþátttöku kvenna utan höfuðborgarsvæðisins og hefur hún farið frá því að vege um 75% upp í um 78%.


### Atvinnuleysi

Tala atvinnulausra er reiknuð út frá samanlögðum fjölda atvinnuleysisdaga hvers mánaðar deilt með meðalfjölda virkra vinnudaga í mánuði (21,67 dagur). Vinnuaflostölur, sem notaðar eru til grundvallar hlutfallslegu atvinnuleysi, eru í raun vinnuframboð (vinnuafslnotkun og atvinnuleysi) hvers árs skipt eftir landshlutum. Atvinnuleysi er fyrir ofan landsmeðaltal á suðvesturhorni landsins og er mest á Suðurnesjum. Atvinnuleysi hefur minnkað ár frá ári frá árinu 2009 og hefur það minnkað mest á þeim svæðum þar sem það var mest þ.e. á Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu.


**Mynd 3.2.3 Atvinnuþátttaka kvenna 2008- 2014**




**Mynd 3.2.4 Atvinnuleysi alls, hlutfall af mannafla, meðaltal hvers árs 2008-2014**



**Mynd 3.2.5 Atvinnuleysi karla, hlutfall af mannafla, meðaltal hvers árs 2008-2014**




**Mynd 3.2.6 Atvinnuleysi kvenna, hlutfall af mannafla, meðaltal hvers árs 2008-2014**








### Höfuðborgarsvæðið

Atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu var 8-9 % á árunum 2009-2011 og því um einu prósentustigum yfir landsmeðaltali. Það lækkaði verulega frá árinu 2012 og var komið niður fyrir 4% árið 2014. Atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu vegur mikið í meðaltali fyrir landið því stór hluti þjóðarinnar býr þar. Atvinnuleysi karla minnkaði hratt á þessu tímabili og var komið niður undir 3% árið 2014. Atvinnuleysi kvenna hefur einnig minnkað og var 4,5% árið 2014. Atvinnuleysi er mikilvægur kvarði fyrir þróun en líka er mikilvægt að horfa til breytinga í þeim aldurshópi sem virkastur er á vinnumarkaði því að nokkru flytur atvinnulaust fólk milli landshluta eftir atvinnu eða á milli landa og þá minnkar staðbundið atvinnuleysi.





### Vesturland

Atvinnuleysi á Vesturlandi var um 5% á árunum 2009-2010 og um þremur prósentustigum undir landsmeðaltali. Dregið hefur úr atvinnuleysi á hverju ári síðan og var það rúm 2% árið 2014. Atvinnuleysi karla og kvenna hefur minnkað um tvö




til þrjú prósentustig frá því sem það var á árunum 2009 og 2010. Atvinnuleysi er mikilvægur kvarði fyrir áhersluþátt í þróun en líka er mikilvægt að horfa til fjöldaþróunar þess aldurshóps sem virkastur er á vinnumarkaði því að nokkru flytur atvinnulaust fólk milli landshluta eftir atvinnu eða á milli landa og þá minnkar staðbundið atvinnuleysi.




### Vestfirðir



Atvinnuleysi á Vestfjörðum var á bilinu 2-3,3 % á árunum 2009-2011 og því um fjórum til sex prósentustigum undir landsmeðaltali. Atvinnuleysi á Vestfjörðum hefur verið lítið undanfarin ár en fór vaxandi á tímabilinu 2009 til 2011. Á árunum 2012 til 2014 dró úr því aftur og var þá um 2%. . Atvinnuleysi karla jókst frá 2009 til 2011 en á árunum 2012 til 2014 dró úr því. Þróun atvinnuleysis kvenna var svipuð og dró úr því einkum á árinu 2014. Atvinnuleysi er mikilvægur kvarði fyrir áhersluþátt í þróun en líka er mikilvægt að horfa til fjöldaþróunar þess aldurshóps sem virkastur er á vinnumarkaði því að nokkru flytur atvinnulaust fólk milli landshluta eftir atvinnu eða á milli landa og þá minnkar staðbundið atvinnuleysi.



### Norðurland vestra



Atvinnuleysi á Norðurlandi vestra var um 3 % á árunum 2009-2011, en lækkaði í 1,4% árið 2013 og var því fjórum til fimm prósentustigum undir landsmeðaltali. Atvinnuleysi jókst lítillega á árinu 2014 og var þá 2%. Atvinnuleysi karla og kvenna minnkaði milli ára 2010 til 2013 og var 1,3% hjá körlum og 1,5% hjá konum það ár. Atvinnuleysið jókst hjá báðum kynjum á árinu 2014, en er þó með því lægsta á landinu.






### Norðurland eystra

Atvinnuleysi á Norðurlandi eystra var 7 % á árið 2009 en minnkaði stöðugt niður í 3,2 % á árinu 2014. Atvinnuleysi var um hálfu prósentustigi undir landsmeðaltali árið 2014. Atvinnuleysi karla hefur




minnkað verulega á þessum þremur árum eða um 4,5 prósentustig en atvinnuleysi kvenna minnkaði heldur minna eða um þrjú prósentustig.





### Austurland

Atvinnuleysi á Austurlandi var á bilinu 3,0-4,4% á árunum 2009-2012 og um helmingi minna en á landinu öllu. Atvinnuleysi jókst lítillega framán af tímabilinu en á árinu 2012 minnkaði það umtalsvert eða niður í 3%. Atvinnuleysi minnkaði enn meira á árunum 2013 og 2014 og var þá um 2%. Atvinnuleysi karla var verulega minna en á landsvísu eða sem nemur um fimm til sex prósentustigum fram til ársins 2013. Dreigið hefur úr þessum mun með lækkandi atvinnuleysi á landsvísu, en það var þó umtalsvert minna en landsmeðaltal á árunum 2013 og 2014.





Atvinnuleysi kvenna var verulega meira og um tveimur prósentustigum undir landsmeðaltali árið 2012. Það hélt áfram að lækka á árunum 2013 og 2014 þó að munurinn miðað við landsmeðaltal hafi minnkað með minna atvinnuleysi á landsvísu.






### Suðurland

Atvinnuleysi á Suðurlandi var um 6 % á árunum 2009-2010 og því um tveimur prósentustigum undir landsmeðaltali. Atvinnuleysið hefur síðan minnkað frá ári til árs og var 2,7% árið 2014. Atvinnuleysi beggja kynja hefur minnkað hratt frá árinu 2010. Atvinnuleysi er mikilvægur kvarði fyrir áhersluþátt í þróun en líka er mikilvægt að horfa til fjöldaþróunar þess aldurshóps sem virkastur er á vinnumarkaði því að nokkru flytur atvinnulaust fólk milli landshluta eftir atvinnu eða á milli landa og þá minnkar staðbundið atvinnuleysi.


### Suðurnes

Atvinnuleysi á Suðurnesjum var á bilinu 12-13 % á árunum 2009-2011 og því um 4-5 prósentustigum yfir landsmeðaltali. Frá árinu 2012 hefur dregið hratt úr atvinnuleysi og var það komið niður fyrir 6% árið 2014. Atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu




og sérstaklega á Suðurnesjum vegur mikið í landsmeðaltalinu, enda stærstur hluti íbúa á þessum svæðum. Atvinnuleysi karla minnkaði frá ári til árs á tímabilinu 2010 til 2014 og var tæp 5% það ár. Atvinnuleysi kvenna minnkaði einnig verulega milli árána 2011 og 2014 en var þó um 7% það ár. Atvinnuleysi er mikilvægur kvarði fyrir þróun en líka er mikilvægt að horfa til breytinga í þeim aldurshópi sem virkastur er á vinnumarkaði því að nokkru flytur atvinnulaust fólk milli landshluta eftir atvinnu eða á milli landa og þá minnkar staðbundið atvinnuleysi.


**Mynd 3.2.28 Atvinnuleysi á Suðurnesjum, karlar og konur**



**Mynd 3.2.30 Atvinnuleysi á Suðurnesjum, konur**



**Mynd 3.2.29 Atvinnuleysi á Suðurnesjum, karlar**



### 3.3 Nýskráning fyrirtækja, framleiðsla og hagvöxtur

#### Nýskráning fyrirtækja

Upplýsingar um fyrirtæki og gengi þeirra liggja ekki á lausu og um nýstofnuð fyrirtæki er helst að styðjast við upplýsingar um nýskráningu og gjaldprot fyrirtækja frá Hagstofu Íslands. Ljóst er að þær upplýsingar eru ekki fullkomnar, að öll fyrirtæki sem sett eru á laggirnar ná ekki inn á skrá Hagstofunnar. Hins vegar má ætla að svipað hlutfall nýrra fyrirtækja í landshlutunum sé skráð og samanburður því marktækur og besti kvarði sem völ er á. Hér er sýndur fjöldi nýskráninga eftir landshlutum frá 2008 til 2014 miðað við 1.000 íbúa (á mynd 3.3.1) og hreinn fjöldi nýskráðra hlutafélaga og einkahlutafélaga á þessum árum (á mynd 3.3.2)

Samanburður á þeim grunni sýnir að nýskráningum fyrirtækja á landinu fækkaði mjög eftir bankahrunið og voru færstar árið 2010. Greinilegast birtist þetta á

**Mynd 3.3.1 Nýskráningar hlutafélaga og einkahlutafélaga eftir landsvæðum 1999-2014 pr. 1.000 íbúa**

	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Alls	7	7	7	11	8	9	10	10	12	8	8	5	5	6	6	6
Höfuðborgarsvæði	8	8	7	12	9	10	11	12	13	9	10	6	6	6	7	7
Suðurnes	5	6	5	8	8	6	8	10	13	7	7	5	4	4	5	5
Vesturland	6	6	7	12	7	6	7	6	9	5	6	4	4	4	4	4
Vestfirðir	7	9	8	16	9	6	8	8	10	6	10	6	6	8	4	7
Norðurland vestra	6	4	5	8	5	6	7	10	6	4	5	6	3	3	4	5
Norðurland eystra	4	5	4	8	6	6	6	7	7	6	6	3	4	4	4	4
Austurland	6	5	5	12	7	7	6	6	7	5	6	4	4	4	3	5
Suðurland	5	6	5	10	6	7	9	10	10	7	6	4	4	4	5	4


höfuðborgarsvæðinu en landshlutarnir slá allir svipaðan takt. Eftir 2010 hefur nýskráningum farið fjölgandi ár frá ári á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum en í öðrum landshlutum hefur fjölgunin verið hæg eða engin. Athyglisverð er þó fjölgun nýskráninga á Vestfjörðum og þó nýskráningum síðustu ár hafi fjölgað á Norðurlandi eystra og Suðurlandi fjölgar þeim ekki miðað við íbúafjöld.

Á súluritinu sjást glögglega yfirburðir höfuðborgarsvæðisins. Nýskráningar hlutafélaga og einkahlutafélaga voru þar langflestar hvert ár hvert og líka flestar pr. íbúa. Þar stóðu þó Vestfirðir jafnfætis höfuðborgarsvæðinu árið 2014.

### Gjaldþrot fyrirtækja

Gjaldþrot fyrirtækja voru líka flest á höfuðborgarsvæðinu á árabílinu 2008-2014 sem verður að telja eðlilegt með hliðsjón af fjölda nýskráninga. Flest gjaldþrot voru árið 2011, árið eftir að nýskráningar voru færstar. Þó urðu gjaldþrot flest tveimur árum síðar á Norðurlandi vestra en tveimur árum fyrr, árið 2009, á Austurlandi og árið 2010 á Vesturlandi. Gjaldþrotum fækkaði í öllum landshlutum árið 2014 frá árinu á undan nema á Norðurlandi eystra þar sem fjöldinn var óbreyttur og á Suðurnesjum þar sem fjöldi gjaldþrota jókst verulega




**Mynd 3.3.2 Fjöldi nýskráðra hlutafélaga og einkahlutafélaga 1999-2014**



**Mynd 3.3.3 Fjöldi gjaldþrota fyrirtækja 2008-2014 eftir landshlutum**

	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Höfuðborgarsvæði	544	691	681	1207	777	682	588
Suðurnes	50	41	84	107	97	56	75
Vesturland	22	24	39	27	35	18	14
Vestfirðir	16	12	20	23	20	18	13
Norðurland vestra	6	14	11	8	9	15	7
Norðurland eystra	47	45	55	73	58	43	43
Austurland	20	28	16	16	12	11	10
Suðurland	43	55	77	118	104	75	49
Samtals allt landið	748	910	983	1579	1112	918	799

Heimild: Hagstofa Íslands



### Samsetning framleiðslunnar árið 2011

Um stöðu, þróun og mikilvægi atvinnugreina eftir landshlutum er helst að byggja á greiningum sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hefur unnið í samstarfi við Bygðastofnun og hafa verið uppfærðar árlega. Í skýrslu stofnunarinnar, Hagvöxtur landshluta 2009-2013<sup>12</sup> segir eftirfarandi:

Atvinnugreinar eru missterkar eftir því hvaða landshluta horft er á. Þjónustugreinar eru um 80% framleiðslu á höfuðborgarsvæðinu, en 55% á landsbyggðinni. Hins vegar er sjávarútvegur 16% framleiðslu á landsbyggðinni, en aðeins 2% þess sem framleitt er á höfuðborgarsvæðinu. Þá eru 12% framleiðslu á landsbyggðinni í stóriðju og veitum, en 5% í höfuðborginni og 3% framleiðslu á landsbyggðinni eru í landbúnaði, en landbúnaður er nánast enginn á höfuðborgarsvæðinu.

Sjávarútvegur er enn stærsta atvinnugreinin á Vestfjörðum og Austfjörðum, en mest munar um stóriðju í framleiðslu á Vesturlandi og á Austurlandi. Landbúnaður er stór hluti af framleiðslu á Suðurlandi og á Norðurlandi vestra, en annars staðar skiptir þessi atvinnugrein minna máli.

Árið 2013 var 71% af allri framleiðslu á landinu á höfuðborgarsvæðinu. Hlutur höfuðborgarinnar er yfirgnæfandi í þjónustu, en sjávarútvegur, landbúnaður og stóriðja og veitur eru einu atvinnugreinar þar sem hlutur landsbyggðar í landsframleiðslu er helmingur eða meira. Tæp 40% framleiðslu í landbúnaði er á Suðurlandi, en önnur framleiðsla sem er öflug á landsbyggðinni dreifist jafnar. Athygli vekur þó að hlutur Vestfjarða í sjávarútvegsframleiðslu fór úr 8% 2009 í 6% árið 2013. Afkoma virðist hafa verið lakari í þessari atvinnugrein á Vestfjörðum árin 2012 og 2013 en í öðrum landshlutum.

<sup>12</sup> Hagvöxtur landshluta 2009-2013: <http://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/hagvotur-landshluta-2009-2013.pdf>

**Tafla 3.3.5 Skipting framleiðslu eftir atvinnugreinum og landshlutum 2013**

	Höfuðb- svæði	Lands- byggð	Suður- nes	Vestur- land	Vest- firðir	Norðurl- vestra	Norðurl- eystra	Austur- land	Suður- land	Landið allt
Landbúnaður	0%	3%	0%	3%	4%	8%	3%	2%	8%	1%
Stóriðja, veitur	5%	12%	7%	31%	6%	5%	5%	21%	5%	7%
Fjármál, trygg. o.þ.h.	41%	21%	27%	13%	17%	17%	26%	16%	23%	35%
Verslun, hótél, veitingar, samgöngur	24%	15%	26%	10%	18%	18%	15%	10%	15%	22%
Sjávarútvegur	2%	16%	12%	13%	24%	11%	14%	25%	16%	6%
Byggingar	5%	6%	8%	4%	5%	7%	6%	5%	7%	5%
Annar iðnaður	7%	7%	6%	9%	8%	7%	9%	7%	6%	7%
Opinber þjónusta	16%	19%	15%	18%	24%	26%	23%	13%	20%	17%
Samtals	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%

### Framleiðsla á mann eftir landshlutum

Framleiðsla á mann er meiri á höfuðborgarsvæðinu en annars staðar. Það er ein af skýringunum á straumi fólks þangað undanfarna áratugi. Hafa ber í huga þegar tafla 3.3.6 er skoðuð að atvinnugreinar eru misfrekar á fjármagn. Mikið fé er bundið í stóriðju, sem er öflug á Vesturlandi og á Austfjörðum, og arður og vextir af því renna úr landi. Tölurnar eru á föstu verðlagi ársins 2005. Víðast hvar breytast þær hægt frá ári til árs. Mestu vaxtatekjur á mann eru á Vesturlandi, líkast til að stórum hluta vegna vaxandi umsvifa í stóriðju. Þá falla tekjur á mann á Suðurnesjum en afkoma fyrirtækja í fjármálaþjónustu og fasteignarekstri var mjög slæm í þessum landshluta um tíma.

### Mynd 3.3.6 Framleiðsla á mann eftir landshlutum 2009-2013 í mill. kr. á verðlagi 2005 í fyrsta


	Höfuð- borg	Lands- byggð	Suðurnes	Vestur- land	Vestfirðir	Norður- land vestra	Norður- land eystra	Austur- land	Suður- land	Alls
2009	3,4	2,5	2,7	2,9	2,3	2,2	2,2	3,1	2,1	3,1
2010	3,4	2,4	2,6	2,9	2,1	2,2	2,2	3,3	2,1	3,0
2011	3,4	2,6	2,5	3,1	2,1	2,2	2,3	3,5	2,3	3,1
2012	3,5	2,5	2,2	3,1	2,0	2,2	2,3	3,3	2,2	3,1
2013	3,5	2,5	2,4	3,3	2,2	2,3	2,3	3,2	2,2	3,2

sinn frá því að farið var að taka saman tölur um hagvöxt eftir landshlutum fyrir tæpum áratug er hlutur höfuðborgarsvæðisins í landsframleiðslu meiri en 70%. Framleiðsla jókst meira á höfuðborgarsvæðinu en utan þess frá 2009 til 2013 og viðhélst því sú þróun sem var í gangi fram að hruni bankanna 2008. Árið 2013 var framleiðsla á höfuðborgarsvæðinu um 5% meiri en 2009 en stóð í stað á landsbyggðinni á sama tíma en óvissa er nokkur í tölunum og aðrar vísbendingar um hagvöxt landshluta benda ekki allar í sömu átt. Tölur um mannfjölda virðast eindregið styðja niðurstöðurnar. Íbúum fjölgaði um 3% á höfuðborgarsvæðinu frá 2009 til 2013 meðan fólki fækkaði um eitt prósent á landsbyggðinni.

### Mynd 3.3.7 Hagvöxtur eftir landshlutum 2009-2013

	Höfuðb- svæði	Lands- byggð	Suðurnes	Vestur- land	Vestfirðir	Norðurl- vestra	Norðurl- eystra	Austur- land	Suður- land	Landið allt
2010	-2%	-3%	-8%	-1%	-12%	0%	-4%	4%	-3%	-2%
2011	1%	5%	-3%	8%	-2%	2%	7%	7%	9%	2%
2012	4%	-4%	-12%	-1%	-4%	-3%	0%	-5%	-4%	1%
2013	2%	3%	12%	7%	8%	4%	0%	-5%	0%	3%
2009-13	5%	0%	-12%	13%	-11%	4%	3%	1%	1%	4%

Mest dróst framleiðsla saman á Suðurnesjum og á Vestfjörðum frá 2009 til 2013, eða um 11-12%. Einkum virðist vera ástæða til þess að hafa áhyggjur af þróun mála á Vestfjörðum. Samtals hækkuðu launagreiðslur þar 10% minna en laun á landinu öllu. Á sama tíma




**Mynd 3.3.8**

ÍSLAND  
HLUTFALLSLEGUR HAGVÖXTUR  
EFTIR LANDSHLUTUM 2004-2011  
OG VINNUSÓKNARSVÆÐI  
Heimild: LMI, Hagfræðistofnun HI og Byggingastofnun  
08.10.13ÁR  
BYGGÐASTOFNUN

fækkaði fólki á Vestfjörðum um 5%. Vísendingar eru um að höfuðatvinnugreinin, sjávarútvegur, standi höllum fæti í þessum landshluta. Framleiðsla hefur lengi dregist saman á Vestfjörðum, eins og rakið

verður betur hér á eftir, en á hinn bóginn var mikill uppgangur á Suðurnesjum fram að bankahruni. Sums staðar á Vestfjörðum má sjá batamerki. Mikil uppbygging í fiskeldi, einkum á suðurfjörðum Vestfjarða hefur haft góð áhrif á atvinnulíf og íbúáþróun. Vonir eru bundnar við



**Mynd 3.3.9**

ÍSLAND  
HLUTFALLSLEGUR HAGVÖXTUR  
EFTIR LANDSHLUTUM 2009-2013  
OG VINNUSÓKNARSVÆÐI  
Heimild: LMI, Hagfræðistofnun HI og Byggingastofnun  
08.10.13ÁR  
BYGGÐASTOFNUN

að sú uppbygging eigi eftir að skila enn meiru. Af öllum landshlutum mældist langmestur hagvöxtur á Vesturlandi á árunum 2009 til 2013, eða 13%. Vöxtinn virðist einkum mega skýra með uppbyggingu stóriðju, annars iðnaðar og opinberrar starfsemi (sjá mynd hér á eftir). Athuga verður þó að tölur um mikinn hagvöxt á Vesturlandi frá 2009 til 2013 fá ekki stuðning í gögnum um mannfjölda og laun..<sup>13</sup>

<sup>13</sup> Heimild: Hagvöxtur landshluta 2009-2013: <http://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/hagvoxtur-landshluta-2009-2013.pdf>

## Framtíð þéttbýlis og strjálbýlis

Í upphafi árs 2015 áttu um 64% Íslendinga heima á svæðinu frá Hafnarfirði í suðri til Mosfellssveitar í norðri. Hlutfallið fer yfir 70% ef áhrifasvæði borgarinnar upp í sunnanverðan Borgarfjörð og austur að Þjórsá er talið með. Á Íslandi var framleiðsla á mann á höfuðborgarsvæðinu um 40% meiri en utan hennar árið 2013, samkvæmt mælingunni sem hér er kynnt. Margt getur skýrt mikla framleiðslu á mann í þéttbýli, til dæmis að mikið fjármagn sé þar að baki hverjum starfsmanni. En því er einnig oft haldið fram að framleiðni sé meiri í þéttbýli en í dreifbýli. Fyrirtæki geta valið úr fjölbreyttum hópi starfsmanna í borgum og þar er einfaldara að fá vinnu sem passar við hæfileika fólks og áhugamál en í fámennari byggðarlögum. Á seinni árum er mun auðveldara að flytja vörur en áður, en fólksflutningar eru áfram dýrir.


Auðlindir ráða líka miklu um það hvar fólk sest að. Nálægð við fiskimið er grundvöllur sjávarbyggða og tún og beitarlönd eru undirstaða landbúnaðar. En jafnvel í þessum greinum skiptir líka máli að vera nálægt fjölmennum mörkuðum og samgönguæðum – og mikilvægi þess fer sennilega vaxandi. Sjávarþorp á Vestfjörðum nutu þess lengi að vera nálægt fiskimiðum en undanfarin ár hefur sjávarútvegur dregist saman í þessum landshluta. Þar ræður fjarlægð frá mörkuðum sennilega miklu. Í sjávarútvegi og landbúnaði fækkar fólki líka vegna tækniframfara. Framleiðni á mann vex hratt í þessum greinum. Á hinn bóginn er líklegt að þeim fjölgi sem vinna við þjónustu við ferðamenn um allt land á komandi árum. Hér er auðlindin einkum sérstætt landslag og gróðurfar og kannski að einhverju leyti sérstætt mannlíf.

## 3.4 Atvinnutekjur

Í skýrslu Bygðastofnunar í desember 2016, *Atvinnutekjur 2008-2015 eftir atvinnugreinum og svæðum*,<sup>14</sup> segir: „Atvinnutekjur á landinu í heild jukust um 1,2% á milli árána 2008 og 2015, úr 968 milljörðum kr. í 979,6 milljarða kr. Á saman tíma fjölgaði íbúum á landinu um rúmlega 5,4%. Atvinnutekjur á hvern íbúa eru því enn nokkuð lægri en þær voru árið 2008, fyrir hrun.“


Heildaraukning atvinnutekna var ríflega 11,6 milljarðar króna, 2,1 milljarðs aukning á höfuðborgarsvæðinu en 9,5 milljarða aukning í landsbyggðunum. Aukningin, sem reyndar er hverfandi eins og fyrr segir, skiptist mjög misjafnlega á milli landshluta þar sem nokkur aukning varð á Suðurnesjum (Sn.), Suðurlandi (Sl.) og Norðurlandi eystra (Ne.), breyttist ekki á Vesturlandi (Vl.) en lækkun varð á atvinnutekjum á Austurlandi (Al.), Vestfjörðum (Vf.) og Norðurlandi vestra (Nv.).

Hlutfallslega var þróun atvinnutekna einnig mismunandi eftir landshlutum, sýnd á mynd 3.4.1, aðeins 0,3% aukning á höfuðborgarsvæðinu á meðan íbúum þar fjölgaði um 7,9% og 7,7% aukning á Suðurnesjum þar sem íbúum fjölgaði um tæp 9,0%. Á Suðurlandi var aukningin 6,2% á móti 4,6% íbúafjölgun og á Norðurlandi eystra um 3,5% með íbúafjölgun um 1,6%. Á Vesturlandi var nær engin aukning, eða 0,2%, á meðan íbúum fjölgaði um 1,3%. Í þeim þremur



<sup>14</sup> [www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/atvinnutekjur\\_2008-2015.pdf](http://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/atvinnutekjur_2008-2015.pdf)

landshlutum þar sem atvinnutekjur lækkuðu að raunvirði á tímabilinu varð einnig íbúafækkun. Þannig lækkuðu atvinnutekjur á Vestfjörðum um 2,2% en íbúum fækkaði um 4,9%, á Norðurlandi vestra var lækkunin 1,4% en íbúum fækkaði um 4,7% og á Austurlandi lækkuðu



Mynd 3.4.2

ISLAND  
HLUTFALLSBREYTING ATVINNUTEKNA  
EFTIR LANDSHLUTUM 2008 - 2015  
Heimild: Ríkisskattstjóri, Hagstofa Íslands/LMI  
03.178A, AR  
BYGGÐASTOFNUN

atvinnutekjur um 2,7% en íbúum fækkaði um 13,4%. Austurland hefur hér nokkra sérstöðu þar sem stórframkvæmdum vegna virkjunar og álversbyggingar lauk í byrjun tímabilsins. Á mynd 3.4.2 er þessi þróun atvinnutekna eftir landshlutum sýnd á korti.

Breytingar á atvinnutekjum á milli árana 2008-2015 í einstökum atvinnugreinum á verðlagi ársins 2015 eru sýndar á mynd 3.4.3. Langmestur samdráttur varð á tímabilinu í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð annars vegar og í fjármála- og váttryggingastarfsemi hins vegar. Samtals nam lækkunin í þessum tveimur greinum

Mynd 3.4.3 Tekjur eftir atvinnugreinum í milljónum króna

Atvinnugreinar	2008	2015	Breyting
Landbúnaður	6.720	8.081	1.361
Fiskveiðar	45.330	46.400	1.070
Fiskeldi	727	2.027	1.300
Námugróftur og jarðefnavinnsla	1.100	1.009	-91
Framleiðsla án fiskvinnslu	91.494	98.045	6.551
Fiskvinnsla	20.474	33.708	13.234
Veitustarfsemi og meðhöndlun úrgangs	17.998	17.915	-83
Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð	80.616	47.669	-32.947
Verslun og viðgerðir ökutækja	110.051	105.446	-4.605
Flutningar og geymsla	52.000	62.112	10.111
Veitinga- og gistirekstur	21.385	38.511	17.125
Upplýsingar og fjarskipti	50.125	52.523	2.398
Fjármála- og váttryggingastarfsemi	83.922	55.129	-28.793
Fasteignaviðskipti	7.381	6.770	-611
Sérfræðileg, tæknileg og vísindaleg starfsemi	58.255	57.493	-762
Leigustarfsemi og sérhæfð þjónusta	20.846	32.317	11.471
Opinber stjórnarsýsla og almannatryggingar	75.413	75.660	247
Fræðslustarfsemi	90.730	98.582	7.852
Heilbrigðis- og félagsþjónusta	98.797	103.798	5.002
Menningar- íþróttá- og tómstundastarfsemi	16.518	17.622	1.104
Félagasamtök og önnur starfsemi	18.112	18.791	679
<b>Samtals</b>	<b>967.994</b>	<b>979.607</b>	<b>11.613</b>

rúmlega 60 milljörðum kr. Aukningin dreifðist hins vegar á fleiri þætti, helst á veitinga- og gistirekstur, fiskvinnslu, leigustarfsemi og ýmsa sérhæfða þjónusta, flutninga og geymslu sem allir tengjast ferðaþjónustunni fyrir utan fiskvinnsluna. Samtals nam aukning í þessum greinum 52 milljörðum kr. Í skýrslunni er kafað dýpra í atvinnugreinar og landshluta.



## 4. Samgöngur


### 4.1 Vegir, hafnir og flugvellir

Í samgönguáætlun 2011-2012 er grunnnet samgangna skilgreint eins og sýnt er á kortinu hér að neðan, vegir, hafnir og flugvellir. Í áætluninni eru henni sett markmið um jákvæða byggðapróun:

„Í samræmi við sóknaráætlun og svæðaskiptingu landsins verði við forgangsröðun framkvæmda

**Mynd 4.1.1 Grunnnet samgangna-2011**

Kort Samgönguáætlunar 2011-2022



tekið mið af þörfum einstakra svæða fyrir bættar samgöngur til að efla sveitarfélög, styrkja hvert svæði og landið allt. Stytting ferðatíma, uppbygging vega með bundnu slitlagi og gerð jarðganga til að leysa af hólmi erfiða fjallvegi skapa betri skilyrði fyrir jákvæða byggðapróun og eflingu einstakra atvinnu- og þjónustusvæða.“

Reykjavík er umferðarmiðstöð landsins, fyrir almenna vöruflutninga með skipum til landsins og frá því, og fyrir vöruflutninga innanlands sem aðallega fara fram með bílum. Áætlunarflug innanlands hefur miðstöð í Reykjavík og því tengist áætlunarflug milli Akureyrar, Þórshafnar og Vopnafjarðar alla virka daga og til Grímseyjar tvo daga í viku. Allir flugvellir í grunnnetinu tengjast áætlunarflugi nema flugvöllurinn á Sauðárkróki. Ekki er áætlunarflug milli Reykjavíkur og flugvalla í þeim landshlutum sem næst liggja, á Suðurnesjum, vestanverðu Suðurlandi, Vesturlandi og Norðurlandi vestra. Á vordögum 2012 hófst áætlunarflug milli Reykjavíkur og Húsavíkur að nýju eftir að hafa legið niðri í meira en áratug.


**Mynd 4.1.2 Skipting stofnvega eftir kjördæmum**

Kjördæmi	Stofnvegir km	Hlutfall
Suður	1.067,44	24,1
Suðvestur	95,22	2,2
Reykjavík	65,99	1,5
Norðvestur	1.805,52	40,8
Norðaustur	1.391,45	31,4
	4.425,62	100,0
Heimild: Vegagerðin		

Stofnvegir eru hluti af grunnkerfi samgangna eins og það er skilgreint í samgönguáætlun hverju sinni. Til stofnvega teljast vegir sem tengja saman byggðir landsins og þeim eiga stofnvegir líka að tengja þétt-býlisstaði með um það bil 100 íbúa eða fleiri. Til stofnvega teljast einnig umferðarmestu

### Mynd 4.1.3 Flokkun þjóðvega-2015


Kort Vegagerðarinnar



vegir sem tengja saman sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Á korti Vegagerðarinnar sem sýnir flokkun vega 2010, 4.1.3, eru stofnvegir sýndir rauðir en stofnvegir á hálendi eru gráir.

Vegagerðin gefur upp lengd vega eftir flokkum miðað við kjördæmi fyrir kosningar til Alþingis. Lengdir stofnvega samkvæmt þeirri skiptingu koma fram á töflunni, 4.1.2, og að lítill hluti stofnvega er í Reykjavík- og suðvesturkjördæmum.

Hafnir í grunnneti samgangna eru í öllum landshlutum en stórar flutningahafnir eru á suðvesturhorninu, Grundartanga, Reykjavík, Straumsvík og Helguvík auk Reyðarfjarðar á Austurlandi. Aðrar hafnir í grunnneti samgangna eru fiskihafnir en gert er ráð fyrir að 100-130 metra löng flutningaskip geti athafnað sig í stórum fiskihöfnum í flokki I.



## 4.2 Almennings-samgöngur

Áætlunarferðir milli landshluta hafa farið fram með flugvélum og rútum. Innan landshluta eru áætlunarferðir á vegum sveitarfélaga, tengdar skólum, áætlunarflugi eða rútuferðum milli landshluta.

Strætisvagnakerfi höfuðborgarsvæðisins er þróað landshlutakerfi almennings-samgangna á vegum byggðasamlags sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Strætó bs. Í kjölfar breyttra áherslna innanríkisráðuneytis í almennings-samgöngum sem t.d. er lýst í fréttum ráðuneytisins í janúar 2011<sup>15</sup> og fólu í sér ábyrgð og fjárveitingar til landshlutasamtaka sveitarfélaga hafa samtök þeirra á Suðurlandi, Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi vestra og eystra leitað samstarfs við Strætó bs. um mótnun á samræmdu leiðakerfi. Strætó bs. hefur gert tillögur um leiðakerfi, undirbúið útboð, samningagerð og sett upp þjónustuborð fyrir öll leiðakerfi. Haustið 2012 nær þetta samræmda leiðakerfi um Suðurland til Hafnar, um Vesturland vestur á Snæfellsnes og norður til Hólmavíkur og um Norðurland vestra til Akureyrar. Meginleiðum tengjast leiðir innan landshlutanna og ferjuhöfnum, Stykkishólmi og Landeyjahöfn. Á Suðurlandi er leiðakerfið þróað lengst með því að það nær yfir skólaakstur fyrir Fjölbautaskóla suðurlands á Selfossi. Landshlutasamtök sveitarfélaga í þessum landshlutum vinna nú að þróun leiðakerfa innan landshlutanna og slík vinna er líka í gangi í öðrum landshlutum.<sup>16</sup>

## 4.3 Vegalengdir milli þéttbýlisstaða

Ferðatími og greiðfærni eru mikilvægir samgöngubættir, ekki aðeins vegalengd. Samgöngur marka áhrifasvæði, vinnu- og þjónustusóknir og ráða þannig mörkum skilvirkra heilda eða samfélaga. Bundið slitlag, hæð vega yfir sjó, vetrarfærð og vegabjónusta eru mikilvægir þættir fyrir staðsetningu, samkeppnisstöðu og búsetu.

Mynd 4.2.1 Strætókerfi vestur- og norðurluta

Íslands 2012

Kort Strætó bs.



Mynd 4.2.2 Strætókerfi

Suðurlands 2012

Kort Strætó bs.




<sup>15</sup> Sjá [www.innanrikisraduneyti.is/frettir/nr/24374](http://www.innanrikisraduneyti.is/frettir/nr/24374)

<sup>16</sup> Byggt á samtölum við starfsmenn landshlutasamtaka og Vegagerðarinnar.

### Mynd 4.3.1 Bundið slitlag-2011

Kort Vegagerðarinnar



Stofnvegakerfi landsins (á láglandi) er 4.426 km en ekki allt á bundnu slitlagi samkvæmt upplýsingum Vegagerðarinnar en bundið slitlag er þó lagt á lengri veg eða 5.503 km.

Snjómokstur er alla daga milli Reykjavíkur og þéttbýlisstaða á Suðurnesjum og á milli Víkur í austri og Húsavíkur og Mývatns í norðri, vestur á Snæfellsnes og í Búðardal. Þannig er snjó mokað alla daga af vegum sem tengja ferjuhafnir í Þorlákshöfn, Landeyjum, Stykkishólmi og á Brjánslæk.



Frá Mývatni austur og suður til Víkur er snjómokstur sex daga vikunnar og frá Húsavík til Raufarhafnar, Þórshafnar og Vopnafjarðar. Snjómokstur er vor og haust á veginum um Dýnjandisheiði, milli þéttbýlisstaða á sunnan- og norðanverðum Vestfjörðum. Þegar heiðin er ófær er styttri vegur frá Patreksfirði til Reykjavíkur en til Ísafjarðar. Samgöngur milli þéttbýlisstaða skapa landshlutanum sérstöðu.

Samgöngur innan landshluta móta daglegar vinnusóknir þéttbýlisstaðanna. Vegir yfir heiðar takmarka stærð vinnusóknanna því snjóalögum fylgir óvissa fyrir ferðatíma. Þessar aðstæður leiða til mun stærri vinnusóknarsvæða þéttbýlisstaða á Suðurnesjum, Vesturlandi og vesturhluta Suðurlands en annars staðar samkvæmt könnunum sem atvinnuþróunarfélögin og Byggðastofnun hafa gert. Þær hafa ekki náð til höfuð-borgarsvæðisins en vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaðanna á þessu svæði virðast renna saman við svæði þar sem dagleg vinnusókn er inn á höfuðborgarsvæðið og þaðan til allra átta, þannig að svæðið sem nefnt er Hvítá-Hvítá verður eitt vinnusóknarsvæði. Sum af þeim 30 slíkum vinnusóknarsvæðum sem greind hafa verið eru mjög lítil og virðist landslag ráða stærðum.

Miklar samgöngubætur, stytting vegalengda, aukið umferðaröryggi og stækkun vinnusóknarsvæða fást með veggangagerð sem unnið er að, Vaðlaheiðar- og Norðfjarðargöngum.

## Mynd 4.3.2 Vetrarþjónusta 2012-2013

Kort Vegagerðarinnar



#### 4.4. Gagnaflutningar

Samkvæmt yfirliti á vef Póst- og fjarskiptastofnunar í apríl 2017 eru 108 fjarskiptafyrirtæki skráð á Íslandi. Þau eru mjög mismunandi eftir starfsemi, allt frá því að reka talsíma- eða gagnaflutningsþjónustu yfir í að reka sæstreng.

##### Farnetsþjónusta

Af ofangreindum fyrirtækjum höfðu fimm fyrirtæki fengið úthlutað tíðniheimildum í GSM og/eða 3G og 4G farsíma- og gagnaflutningskerfum. Tíðniheimildir fjögurra þessara fyrirtækja ná til alls landsins með tilteknum kvöðum um útbreiðslu og fimmta heimildin tekur til alls landsins utan Suðurlands og Suðvesturlands.

Sjá má kort yfir útbreiðsluvæði þjónustu á heimasíðum þriggja viðkomandi fyrirtækja (raðað eftir stafrófsröð) en ekki fundust kort fyrir útbreiðslu kerfa tveggja þeirra.<sup>17</sup>

Af kortunum má ráða að sameiginleg útbreiðsla GSM/2G sambands nær til nánast alls hins byggða hluta landsins en einhverjar eyður eru í óbyggðum og á öræfum landsins. 3G samband er einnig orðið mjög útbreitt en þó eru stærri eyður í byggð en í GSM/2G kerfinu. 4G samband er komið á marga af þéttbýlisstöðum landsins ásamt nærliggjandi sveitum. Ákvæði í leyfum varðandi reiki hafa verið og eru mjög mikilvæg varðandi aðgengi rekstraraðila að farsímamarkaði. Fyrirtækin samnýta dreifikerfi að hluta og ný tækni gerir til dæmis mögulegt að fyrirtæki standi saman að uppbyggingu og rekstri á 4G/LTE farnetum að fengnum leyfum til þess.

Á árinu 2013 höfðu þrjú ofangreindra fyrirtækja, auk eins fyrirtækis til viðbótar, fengið tíðniheimildir til að dreifa háhraða farsambandi, það er 4G. Öll leyfin taka til landsins alls en 4G leyfi (Tíðniheimild A) leggur þær kvaðir á tíðniréttthafa að dreifikerfið nái til 99,5% lögheimila og vinnustaða með heilsársstarfsemi á hverju landssvæði (landshluta) með 10 Mb/s flutningsgetu fyrir árslok 2016 og með 30 Mb/s flutningsgetu fyrir lok árs 2020.<sup>18</sup>

##### Internetþjónusta

Á undanförunum árum hefur byggst upp fjölbreytt dreifikerfi fyrir internetþjónustu á landinu. Á Suðvesturhorinu, svo og í mjög mörgum þéttbýliskjörnum og nágrenni þeirra utan þess, hefur um árabíl verið boðið upp á öflugar tengingar svo sem ADSL. Síðasta viðbótin við þessa flóru eru tengingar við ljósleiðara/ljósnet. Sú tækni sem nú býðst gerir notendum meðal annars kleift að nálgast bæði internet og sjónvarp í miklum gæðum (háskerpusjónvarp). Aðgengi þjónustuaðila að ljósleiðaratengingum er afgerandi þáttur og vantar að þessu leyti mikið upp á aðstöðu í dreifbýli og sumum af minni þéttbýliskjörnum landsins.

Á dreifbýlli svæðum, þar sem stærri fjarskiptafyrirtækjunum hefur ekki þótt fýsilegt að byggja upp netþjónustu á markaðslegum forsendum, hefur þjónustan ekki náð að fylgja þessari þróun. Þessum svæðum má í grófum dráttum skipta í tvo hluta.

Í fyrsta lagi þau landssvæði þar sem staðbundin fjarskiptafyrirtæki byggðu upp þjónustu og þá einkum með örbylgjusamböndum. Þetta á t.d. við um svæði á Suðurlandi, sunnanvert Snæfellsnes, Norðausturland og svæði á Suðausturlandi. Þessi fyrirtæki veita nauðsynlega þjónustu varðandi nettengingar flestra viðskiptavina á tilgreindum þjónustusvæðum en vegna eigin smæðar, fámenns

<sup>17</sup> <http://www.nova.is/aspnetweb/content/thjonusta/thjonustusvaedi/Innanlands.aspx?startpage=true>  
<https://www.siminn.is/thjonusta/internet/netid-a-ferdinni/dreifikerfid/>  
<http://www.vodafone.is/simi/frelsi/svaedi>

<sup>18</sup> ([http://www.pfs.is/upload/files/Tíðniheimild\\_A\\_365miðlar\(1\).pdf](http://www.pfs.is/upload/files/Tíðniheimild_A_365miðlar(1).pdf))

markaðar og takmarkaðrar flutningsgetu grunnnets eiga þau erfitt með að bjóða sambærilegan gagnaflutningshraða við það sem gerist í þéttbýli.

Í öðru lagi eru heimili og vinnustaðir sem ekki hafa átt þess kost að tengjast við háhraða aðgangsnét, þ.e.a.s. að enginn þjónustuaðili veitir þjónustu á viðkomandi stað að eigin frumkvæði. Fjarskiptasjóður hefur leysti mál þessara notenda með útboði fjarskiptaþjónustu og var gerður samningur við Símann í febrúar 2009. Notendur sem þjónustan nær til eru um 1.650 í október 2013.<sup>19</sup> Samningurinn við Símann rann út á árinu 2014.

Gera má ráð fyrir að þjónusta samkvæmt áður nefndu 4G (Tíðniheimild A) leyfi og öðrum 4G leyfum muni á næstu árum gera notendum í dreifbýli kleift að nálgast internet á talsvert meiri hraða en núverandi staðbundnir þjónustuaðilar geta boðið að óbreyttu og því líklegt að 4G muni veita annarri tækni harða samkeppni á næstu misserum. Einnig mun þróun ljósleiðaratenginga verða afgerandi þáttur um þróun gagnaflutninga í landinu enda byggir mikil flutningsgeta 4G meðal annars á ljósleiðaratengipunktum við sendistöðvar kerfisins.

Í ársskýrslu Póst- og fjarskiptastofnunar fyrir árið 2015 segir meðal annars: „*Aðgangur að háhraðaheimtaugum hefur verið helsta hagsmunamál neytenda í fjarskiptum um áraraðir. Í erlendum samanburði er aðgangur að slíkum tengingum héraðs góður og hafa íslensk fjarskiptafélög byggt upp háhraðaaðgangsnét sem ná til meginþorra heimila landsmanna. Hins vegar býr tiltekinn hluti þjóðarinnar enn við markaðsbrest hvað háhraðatengingar varðar. Því samþykkti Alþingi sl. haust að verja 500 milljónum króna á árinu 2016 til uppbyggingar háhraðaneta. Vonast er til að þetta myndarlega framlag sé fyrsti áfanginn í því að loka hinni stafrænu gjá á Íslandi og þar með útrýma þeirri stöðu að sumir þegnar landsins búi í raun við skert mannréttindi sem felast í skorti á nothæfri Internettengingu. Gangi áætlanir stjórnvalda eftir má gera ráð fyrir að árið 2020 hafi nær öll heimili landsins aðgang að a.m.k. 100 Mbit/sek. tengingu. Sú staða tryggði stöðu Íslands í fremstu röð landa heims hvað þetta varðar. Í ljósi markaðsbrestsins í háhraðatengingum hefur það færst nokkuð í vöxt að sveitarfélög standi að uppbyggingu fjarskiptainnviða til að tryggja háhraðanetþjónustu innan sveitarfélagsins. Slíkur rekstur fellur alltaf undir fjarskiptalög. Er nú svo komið að um tugur staðbundinna aðgangsneta er í eigu annarra fjarskiptafélaga en Mílu.“*


Á kortinu á mynd 4.4.1 má sjá hvar ljósleiðarinn liggur í landinu og hvar er hægt að tengjast honum. Þó ber þess að gæta að á mörgum þéttbýlum svæðum, t.d víða á höfuðborgar-svæðinu eru hús tengd ljósneti.

### Ísland ljóstengt

Í skýrslu starfshóps innanríkisráðherra í mars 2015, „Ísland ljóstengt. Landsátak í uppbyggingu fjarskiptainnviða“<sup>20</sup> segir í inngangi: „Útbreiðsla góðra nettenginga er því ein af meginforsendum ákvörðunar um búsetu og úrslitaatriði um þróun byggðar. Góðar nettengingar eru fyrirtækjum ekki síður mikilvægar. Samkeppnishæfni svæða og íbúabyggða má því, ásamt öðrum grunnþáttum mæla út frá ástandi fjarskipta. Þessi staðreynd hefur því beint kastljósinu að stöðu mála héraðs... Skipta má tillögum þessarar skýrslu í tvo meginþætti. Annars vegar eru tillögur að breytingum á lögum og reglum um fjarskiptamarkaðinn, hins vegar tillögur sem eru undirstöður „landsátaks“ í uppbyggingu fjarskiptakerfa sem miða að því að öll heimili og fyrirtæki eigi kost á raunverulegri háhraða nettengingu.“

<sup>19</sup> Sjá staðarlista: <http://www.fjarskiptasjodur.is/hahradatengingar/stadalisti/>

<sup>20</sup> [www.innanrikisraduneyti.is/media/frettir-2015/Island-ljostengt-skyrsla-starfshops-innanrikisradherra.pdf](http://www.innanrikisraduneyti.is/media/frettir-2015/Island-ljostengt-skyrsla-starfshops-innanrikisradherra.pdf)



Það er megin tillaga starfshópsins að skilgreina aðgang að háhraða nettengingu sem grunnþjónustu sem standa skal öllum landsmönnum til boða, óháð búsetu. Þessu tengt eru einnig sjónarmið um öryggi og áreiðanleika fjarskiptatenginga. Því ber að tryggja að allar tengingar þeirra bakneta sem tengja háhraðanet landsmanna séu áreiðanlegar, þ.m.t. að hringtengja skal öll landssvæði. Með háhraða nettengingu er miðað við 100 Mb/s eða meira, hér eftir nefnt „breiðband“ í skýrslunni. Með slíku er um að ræða mikla breytingu sem mun gjörbreyta ástandi og aðgengi að góðum og öflugum fjarskiptatengingum. Til að leggja undirstöður að þessu markmiði er nauðsynlegt að ráðast í átak í öllum landshlutum. Starfshópurinn gerir þá tillögu að á næstu árum megi, með samstarfi við sveitarfélög og virkum útboðum á almennum markaði, vinna að settu markmiði..

Uppbyggingin tryggir aðgengi allra landsmanna að nútíma og framtíðar fjarskiptaþjónustu, hvort heldur er í atvinnuskyni, til almennra samskipta, náms eða afþreyingar þeirra sem búa eða ferðast um svæðin. Uppbygging sem hér um ræðir getur skipt sköpum um framtíð byggða, samkeppnishæfni þeirra og möguleika til vaxtar. Nú þegar hallar verulega á þau fyrirtæki sem hafa byggt starfsemi sína í dreifðum byggðum og hafa ekki gott aðgengi að öflugum fjarskiptatengingum. Úr þessu er mikilvægt að bæta.“

Megintillögur starfshópsins eru:

1. Aðgangur að háhraða fjarskiptatengingu verði grunnþjónusta sem standa skal öllum landsmönnum til boða, óháð búsetu
2. Alþjónustumarkmið eða markmið í anda alþjónustu verði sett sem 100 Mb/s frá árinu 2020, ásamt tilheyrandi gæðaviðmiðum
3. Skilgreint verði átaksverkefni á landsvísi til sex ára (2015–2020) um uppbyggingu ljósleiðaraaðgangsneta á svæðum þar sem markaðsbrestur er




4. Fjarskiptasjóður aðstoði þá staði með sértækum aðgerðum sem fjarskiptafyrirtækin geta ekki veitt netþjónustu.

Í janúar 2017 ákvað samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, með vísan til markmiða byggðaáætlunar og að tillögu stjórnar Byggðastofnunar, að verja allt að 100 milljónum króna á ári til ársins 2020 úr fjárveitingu til byggðaáætlunar til að styrkja sérstaklega uppbyggingu ljósleiðarakerfis í strjálbýlum sveitarfélögum. Þessi fjárveiting kemur til viðbótar 450 m.kr. úthlutun fjarskiptasjóðs til verkefnisins Ísland ljóstengt 2017.<sup>21</sup>

### Öryggisfjarskipti

Öryggisfjarskipti ehf. hafa tíðniheimild og reka TETRA farstöðvakerfið um allt land. Dreifikerfi kerfisins má sjá á mynd á vef fyrirtækisins.<sup>22</sup> Notendur TETRA stöðva geta hringt í almenna símakerfið með stöðvum sínum, auk samskipta innan kerfisins.



## 4.5 Jöfnun


### flutningskostnaðar

Markmið laga um svæðisbundna flutningsjöfnun, nr. 160/2011<sup>23</sup>, er að styðja við framleiðsluþæð og atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni með því að jafna flutningskostnað framleiðslufyrirtækja sem staðsett eru fjarri innanlandsmarkaði eða útflutningshöfn og búa því við skerta samkeppnisstöðu miðað við fyrirtæki sem staðsett eru nær markaði.

Styrkhæfur er sá kostnaður sem stofnað er til vegna flutnings á vöru innan lands að frádregnum virðisaukaskatti og hvers konar afgreiðslugjöldum en ávallt skal velja hagkvæmustu flutningsleið, hvort sem er á sjó, landi eða í lofti. Til þess að flutningur á vöru reynist styrkhæfur þarf að hafa átt sér stað ummyndun efnis í nýjar afurðir sem falla undir c-bálg í íslensku atvinnugreinaflokkuninni á styrksvæði. Til styrksvæða teljast þau svæði þar sem heimilt er að beita byggðaaðstoð samkvæmt byggðakorti ESA. Styrktarsvæðin eru tvö:

1. Framleiðendur á svæði 1 sem flytja vörur með viðurkenndum flutningsaðila eða flytja sjálfir vörur að uppfylltum skilyrðum til eða frá styrksvæði, geta fengið 10% styrk ef lengd ferðar er að lágmarki 245 km.

**Mynd 4.5.2 Hlutfallsskipting styrkja fyrir 2014 eftir landshlutum**



<sup>21</sup> [www.innanrikisraduneyti.is/frettir/byggdastyrkir-vegna-ljosleidaravaedingar](http://www.innanrikisraduneyti.is/frettir/byggdastyrkir-vegna-ljosleidaravaedingar)

<sup>22</sup> <http://112.is/utbreidsla>


<sup>23</sup> [www.althingi.is/altext/140/s/pdf/0639.pdf](http://www.althingi.is/altext/140/s/pdf/0639.pdf)

2. Framleiðendur á svæði 2 sem flytja vörur með viðurkenndum flutningsaðila eða flytja sjálfir vörur að uppfylltum skilyrðum til eða frá styrksvæði, geta fengið 10% styrk ef lengd ferðar er 245 - 390 km, en 20% styrk ef lengd ferðar er meira en 390 km.

Umsóknartími fyrir styrki er marsmánuður hvert ár. Samtals bárust 64 umsóknir frá 61 lögaðila í mars 2015 vegna ársins 2014 og heildarfjárhæð úthlutaðra styrkja nam tæpum 113,4 milljónum króna samanborið við tæpar 155 milljónir króna árið 2014.<sup>24</sup>

Samþykktar umsóknir voru 59 talsins en 5 var synjað. 56% var vegna framleiðslu á Norðurlandi eystra og 49% umsókna voru vegna framleiðslu fiskafurða. Fjárhæð 10 hæstu styrkjanna nam samtals 60.669.138 kr. Samkvæmt breytingu á lögnum um svæðisbundna flutningsjöfnun, nr. 128/2012, hefur Bygðastofnun umsjón með framkvæmd laganna<sup>25</sup>.

**Mynd 4.5.3 Hlutfallsskipting styrkja fyrir 2014 eftir afurðum**




### Flutningsjöfnunarsjóður olíuvara

Samkvæmt lögum um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara nr. 103/1994 nær jöfnun á flutningskostnaði til flutnings á bensíni og öðrum olíuvörum sjóðleiðis frá innflutningshöfnum til annarra hafna á landinu sem geta tekið við bensíni og olíuvörum með leiðslu úr tankskipi. Jafnframt nær jöfnun flutningskostnaðar til landflutninga á bensíni og dísilolíu með tankbifreið til allra útsölastaða í byggð, þ.e. utan hálendis, frá næstu innflutningshöfn eða næstu höfn sem getur tekið við bensíni og dísilolíu frá tankskipi úr olíuleiðslu. Innflytjendur olíuvara greiða sérstakt flutningsjöfnunargjald til flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara sem úthlutar úr sjóðnum samkvæmt nánara fyrirkomulagi.<sup>26</sup>

Innflutningshafnir eldsneytis eru 7 í umsjón Olíudreifingar eins og sjá má kortinu á mynd 4.5.4:

- Helguvík
- Reykjavík
- Hvalfjörður
- Ísafjörður
- Akureyri
- Neskaupstaður
- Reyðarfjörður

Strandbirgða-stöðvar eru 17:




<sup>24</sup> Skýrsla Bygðastofnunar: Flutningsjöfnunarstyrkir. Október 2015.

<sup>25</sup> [www.althingi.is/altext/141/s/pdf/0782.pdf](http://www.althingi.is/altext/141/s/pdf/0782.pdf)

<sup>26</sup> Skýrsla starfshóps viðskiptaráðherra um fyrirkomulag flutningsjöfnunar 2007

- Akranes
- Grundarfjörður
- Ólafsvík
- Patreksfjörður
- Sauðárkrúkur
- Siglufjörður
- Grímsey
- Húsavík
- Þórshöfn
- Vopnafjörður
- Seyðisfjörður
- Neskaupstaður
- Reyðarfjörður
- Fáskrúðsfjörður
- Djúpvogur
- Höfn
- Vestmanna-eyjar



Akstursbirgða-stöðvar eru 2:

- Hella
- Þorlákshöfn


Á kortinu á mynd 4.5.4 eru sýndar bryggjudælur olíufélaganna, sjálfsafgreiðslustöðvar, auk birgðastöðvanna, og sjá má að langt er sums staðar frá innflutningshöfn að bryggjudælum, t.d. á Norðurlandi eystra og vestra, Barðaströnd og Ströndum. Á kortinu á mynd 4.5.5 eru sýndir sölustaðir eldsneytis, bensínstöðvar í daglegu tali. Athygli vekur enn fjarlægð þeirra á sömu svæðum frá innflutningshöfn og stór hluti N1-stöðva á þessum svæðum.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem kortin byggja á rekur Skeljungur 45 bensínstöðvar utan höfuðborgarsvæðisins, þar meðtaldar sjálfsafgreiðslustöðvar, Olís 48 stöðvar, N1 80 stöðvar og AO 8 stöðvar.

Tengd bensínstöðvum er sú áhersla, stjórnvalda og fyrirtækja, sem um þessar mundir er lögð á orkuskipti í samgöngum, að skapa forsendur fyrir rafvæðingu bílaflotans.

Framundan virðist vera skjót uppbygging nets

rafhleðslustöðva, hraðhleðslustöðva, um landið. Með vísan til dreifingar sölustaða eldsneytis er mikilvægt að þetta net rafhleðslustöðva muni ekki aðeins fylgja meginæðum umferðar, hringveginum og stærstu þéttbýlisstöðum, heldur ná til flestra byggða. Á kortinu á mynd 4.5.6 er



sýnd staðsetning rafhleðslustöðva í mars 2017 í upphafi þróunar víðtæks nets slíkra stöðva. Kortið sýnir nokkrar rafhleðslu-stöðvar á höfuð-borgarsvæðinu auk stöðva í Reykjanes-bæ, Borgarnesi og Hveragerði, á Akranesi, Selfossi og Akureyri.

## 5. Opinber þjónusta

### 5.0 Staðsetning þjónustustarfa ríkisins

Í greinargerð með stefnumótandi byggðaaáætlun 1994-1997 er að finna skrá undir heitinu „Dreifing þjónustu ríkisins um landið“ (bls.53) og nær til valdra þéttbýlisstaða og greinir á milli héraðsþjónustu og kjördæmaþjónustu. Í greinargerðinni segir: „Einungis er sýnd sú þjónusta sem veitt er í þéttbýlisstöðum landsbyggðarinnar.“ Skilgreining á „þéttbýlisstöðum“ er hins vegar ekki alveg ljós en í skipulagslögum miðast þéttbýlisstaður við 50 íbúa en Hagstofa Íslands setti fram nýja (2012) skilgreiningu á þéttbýlisstað og miðar við 200 íbúa auk tilgreindra aðstæðna og aðbúnaðar á staðnum.<sup>27</sup> Sé miðaða við 50 íbúa vantar marga þéttbýlisstaði í skrána frá 1994 sem byggist trúlega á þeirri viðleitni að greina þjónustusvæði og þróun þéttbýlisstaða. Skráin er endurbirt á töflu 5.0.1. Á töflu 5.0.2 er ný skrá sem er uppfærsla á þeirri eldri til þess að sjá breytinguna frá 1994 og byggist á upplýsingum frá samtökum sveitarfélaga í hverjum landshluta.

Þegar á reyndi var samanburður milli 1994 og 2013 ekki einfaldur því breytingar hafa verið miklar, starfsemi ríkisstofnana hefur í nokkrum tilvikum verið færð yfir í hlutafélög og ríkið á allt hlutafé í sumum, færð yfir í opinber hlutafélög eða yfir til sveitarfélaga og landshlutasamtaka þeirra. Þá hafa stofnanir verið sameinaðar og þá vaknar spurning um hvort lýsi betur þróun að hafa gömlu stofnanirnar í skránni eða eina nýja undir öðru heiti. Þá er að finna starfsemi á vegum ríkisins með starfshætti stofnana sem ekki er skilgreind sem stofnun, heldur verkefni, s.s. landshlutaverkefni í skógrækt, og er fjármögguð með fjárlögum ríkisins.

Af skránni kemur ekki skýrt fram að þjónustusvæði hafa stækkað, að ákveðnir þjónustustaðir hafi eflst, þrátt fyrir að það sé raunin. Víða hafa ríkisstofnanir og fyrirtæki sem áður voru ríkisstofnanir sameinað starfsemi sem var á mörgum stöðum á einn stað í landshluta. Þaðan er síðan þjónustan veitt með ferðum til þeirra staða sem hýstu starfsemina fyrir sameiningu.


Viðhorf til staðsetningar virðast hafa breyst frá 1994, trúlega vegna sameiningar sveitarfélaga og samgöngubóta eins og t.d. má sjá af tilhneigingu landshlutasamtakanna til þess að skrá stofnun á þéttbýlisstað þó strangt tekið sé hún sé utan við hann. Þetta á t.d. við um háskólana í Borgarfirði og á Hólum í Hjaltadal enda er starfsemi og starfsfólk að einhverju leyti til húsa í Borgarnesi og á Sauðárkróki.

Við uppfærslun skráarinnar 2013 vöknudú spurningar um þjónustustarfsemi ríkisins sem ekki var skráð 1994 og nýja þjónustu og var ákveðið að stækka skrána, bæta við starfsþáttum og þéttbýlisstöðum á höfuðborgarsvæðinu auk nokkurra annarra sem miðað við fólksfjölda verður að telja að eigi þar heima, þ.e. Vogar, Reykhóla, Skagastrandar, Hofsóss, Svalbarðseyrar og Reykjahlíðar. Þessu var haldið í uppfærslu skráarinnar 2013 til þess að fá betri stöðu til samanburðar við síðari uppfærslu á skránni. Þannig helst þetta að sjálfsögðu í uppfærslu skráarinnar 2014 sem sýnd er á mynd 5.0.1.

<sup>27</sup> Sjá <http://www.hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=13604>.







Upplýsingarnar á mynd 5.0.1 eru yfirfærðar á kort á mynd 5.0.2 og staðsetningar stofnana þar sýndar í samhengi við dagleg vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða. Hver stofnun er sýnd sem þríhyrningur og með sömu auðkennislitum og á skránni. Dagleg vinnusóknarsvæði eru sýnd sérstaklega á korti á mynd 4.3.3. Af kortinu sjást helstu þjónustustaðir hvers landshluta eins og í skránni en betur sést á kortinu hversu langt er á milli þjónustustaða í sumum landshlutum. Athyglisvert er að á Vesturlandi eru aðsetur fleiri ríkisstofnana í Stykkishólmi en í Borgarnesi og á Akranesi, að ríkisstofnanir dreifast meira á þéttbýlisstaði á Norðurlandi vestra en á Vestfjörðum og Norðurlandi eystra, að ríkisstofnanir eru fáar á Austurlandi og á stórum þéttbýlisstöðum í nágrenni Reykjavíkur, bæði á Suðurlandi og Suðurnesjum.

### Könnun á þjónustusókn

Á grundvelli aðgerðar 4.1 í stefnumótandi byggðaáætlun 2014-2017 ákvað Byggðastofnun að kanna þjónustusókn landsmanna, hvaðan þjónusta er sótt og hvert. Miðað var við svæði sóknaráætlana og Norðurland vestra valið sem fyrsta svæði til viðfangs, einkum vegna þess að talið var að þjónustusókn út fyrir þennan landshluta deildist á tvo vegu en líka vegna þess að landshlutinn er tiltölulega fámennur og auðveldur viðfangs og að byggja mætti á þeirri reynslu sem fengist við könnun þar í öðrum landshlutum.

Könnunin var símakönnun, boðin út og fór fram á tímabilinu frá 12. ágúst til 16. september 2015. Starfsfólk þróunarsviðs Byggðastofnunar tók síðan saman niðurstöður og þá samantekt má nálgast á heimasíðu Byggðastofnunar.<sup>28</sup>


Landshlutanum var skipt í sjö könnunarsvæði, Hvammstanga, Blönduós, Skagaströnd og Sauðárkrók og dreifbýli í Húnaþingi vestra, gömlu Austur-Húnavatnssýslu og Skagafirði.

<sup>28</sup> [www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/thjonustukonnun-2016.pdf](http://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/thjonustukonnun-2016.pdf)




Helstu niðurstöður eru þær að innan landshlutans er þjónusta sótt til Sauðárkróks, Blönduóss og Hvammstanga, sýnu mest til Sauðárkróks, enda íbúar þar og í Skagafirði um 4100 talsins 1. janúar 2015, um 1860 á svæði gömlu Austur-Húnavatnssýslu með Blönduósi og Skagaströnd og tæplega 1200 í Húnaþingi vestra með Hvammstanga.


Meirihluti þeirrar þjónustu sem íbúar þessara þéttbýlisstaða sækja er sótt innanbæjar nema á Skagaströnd. Þar er þjónusta meira sótt út fyrir bæjarmörkin, mest á höfuðborgarsvæðið. Íbúar í dreifbýli í Skagafirði sækja þjónustu mest til Sauðárkróks, íbúar dreifbýlis í Austur-Hún mest til Blönduóss og íbúar í dreifbýli í Húnaþingi vestra mest til Hvammstanga. Gróft má segja að eftir því sem þjónustan er sérhæfðari sækir fólk hana lengri veg. Athyglisvert er þó að þjónusta út fyrir bæjarmörk er meira sótt til höfuðborgarsvæðisins en Akureyrar úr öllum þéttbýlisstöðum landshlutans og úr öllu dreifbýli nema í Skagafirði. Þetta sýna kortin hér á eftir, fyrir hvert könnunarsvæði.




**Mynd 5.0.3 Þjónustusókn íbúa á Sauðárkróki**




**Mynd 5.0.4 Þjónustusókn íbúa í dreifbýli í Skagafirði**




**Mynd 5.0.5 Þjónustusókn íbúa á Skagaströnd**




Mynd 5.0.6 Þjónustusókn íbúa á Blönduósi



Mynd 5.0.7 Þjónustusókn íbúa í dreifbýli í Austur-Húnavatnssýslu




Mynd 5.0.8 Þjónustusókn íbúa á Hvammstanga



Mynd 5.0.9 Þjónustusókn íbúa í dreifbýli í Húnaþingi vestra

## 5.1 Sjúkrahús og heilsugæsla

Samkvæmt reglugerð um heilbrigðisumdæmi 785/2007 skiptist landið í sjö heilbrigðisumdæmi sem byggð eru á sama grunni og svæði sóknaráætlana. Vesturlandsumdæmi nær þó vestur á Firði og norður í Norðurland vestra sem að öðru leyti tilheyrir Heilbrigðisumdæmi Norðurlands ásamt Norðurlandi eystra.




Heilbrigðisumdæmi Norðurlands nær þó ekki austur á Bakkafjörð eins og landshlutasamtök sveitarfélaga á Norðurlandi eystra heldur heyrir sá hluti sveitarfélagsins Langanesbyggðar, sem var Skeggjastaðhreppur fram að sameiningu 2006, til Heilbrigðisumdæmis Austurlands. Þá teygir Heilbrigðisumdæmi höfuðborgarsvæðisins sig austur í Suðurland, yfir Þingvallavatn. Heilbrigðisumdæmin, stjórnsetur þeirra og heilbrigðisstofnanir eru sýndar á mynd 5.1.2.

Hjúkrunarrými eru á sumum heilsugæslustöðvum og á hjúkrunar- og dvalarheimilum. Á mynd 5.1.2 eru þessi hjúkrunarrými sýnd, ýmist sem samrekin með annarri heilbrigðisstarfsemi eða á sérstökum hjúkrunar- og dvalarheimilum.


Heilsugæslustöðvar eru á flestum þéttbýlisstöðum og nokkrar stofnanir heita fjórðungssjúkrahús og sjúkrahús en þróunin hefur samt verið að aðgerðasjúkrahúsum fækkar og samstarf milli stofnana vex. Nokkur skyldleiki virðist vera með starfssvæðum heilsugæslustöðva og vinnusóknum þéttbýlisstaða en þó er munur á og þá helst á Suðvesturlandi, svæðinu milli Hvítánnu, og í Eyjafirði þar sem eru þéttbýl svæði á landsmælikvarða.

Síðustu ár hefur heilbrigðisþjónustan verið í þróunarferli vegna breyttra aðstæðna. Þannig var tilgangur með skiptingu landsins í heilbrigðis-umdæmi árið 2007 „...að leggja grunn að skipulagi almennrar heilbrigðisþjónustu í því skyni að efla og bæta þjónustuna og tryggja landsmönnum jafnan aðgang að henni“.




Aðgengi að heilbrigðisþjónustu er samt auðvitað misjafnt eftir sérhæfingu hennar, landshlutum og svæðum. Niðurstöður könnunar á aðgengi að heilbrigðisþjónustu árið 2015 sem Nordregio í Stokkhólmi vann fyrir Byggðastofnun má sjá á kortum hér á eftir. Þau sýna hvar næst í heilbrigðisþjónustu með akstri í 30 mínútur og 60 mínútur, hvar þjónustan er staðsett og með rauðum deplum er sýnt hvar lögheimili eru staðsett, ekki fjöldi þeirra eða fjöldi íbúa.<sup>29</sup>

Á mynd 5.1.3 er sýnt aðgengi að sérhæfðu sjúkrahúsum tveimur, í Reykjavík og á Akureyri. Á 60 mínútum næst í sérhæft sjúkrahús í Reykjavík norðan frá Borgarnesi, austan frá Þjórsá og suðvestan frá allri byggð á Suðurnesjum. Til sjúkrahúss á Akureyri næst á þessum tíma frá allri byggð í Eyjafirði og á Þingeyjarsvæðinu vestan Húsavíkur.




<sup>29</sup> [www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/iceland-health\\_memo\\_final\\_v4.pdf](http://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/iceland-health_memo_final_v4.pdf)





Á mynd 5.1.4 eru auk sérhæfðra sjúkrahúsa á mynd 5.1.3 sýndar heilsugæslustöðvar og sjúkrahús með vaktþjónustu og skurðstofu og til þeirra næst mun víðar með akstri í öllum landshlutum (svæðum sóknaráætlana) nema á Norðurlandi vestra. Langar vegalengdir eru að þessari þjónustu frá Hornafirði, sunnanverðum Vestfjörðum og norðausturhluta landsins og akstur ekki mögulegur frá eyjasamfélagunum í Vestmannaeyjum og Grímsey.

Á mynd 5.1.5 er bætt við heilsugæslustöðvum með sjúkrárymi og til slíkrar þjónustu næst mun víðar með akstri í eina klukkustund. Langur akstur er þó til hennar af suðaustur- og norðausturhluta landsins, af sunnanverðum Vestfjörðum og Ströndum.



Á mynd 5.1.6 hefur almennum heilsugæslustöðvum verið bætt við þjónustubættina og sést að til þeirra næst með akstri í eina klukkustund frá mestallri byggð í landinu, þó ekki frá norðurhluta Stranda og Grímsey. Þegar heilsugæslu-seljum hefur verið bætt við á mynd 5.1.7 næst til heilbrigðisþjónustu frá nær allri byggð í landinu með akstri í eina klukkustund.




**Mynd 5.1.8 Fjöldi sjúkrarúma á 100.000 íbúa 2008**

Í evrópskum samanburði á fjölda sjúkrarúma á hverja 100.000 íbúa er Ísland í meðallagi með á bilinu 420-640 sjúkrarúm.

### Sjúkraflutningar




Sjúkraflutningar eru mikilvægur þáttur til jöfnunar aðgengis að heilbrigðisþjónustu, ekki síst sjúkraflug sem best nýtist þeim byggðum sem eiga erfiðasta sókn að þjónustu sérhæfðra sjúkrahúsa.

Landshlutum sem eiga greiðan og stuttan veg til höfuðborgarsvæðisins hefur verið þjónað með sjúkrabílum. Á Suðurlandi er þannig aðeins flogið sjúkraflug frá Höfn og Vestmannaeyjum.




Heimild: ESPON-verkefnið SeGI, 2013


Sjúkratryggingar Íslands hefur skrá yfir 27 flugvelli fyrir sjúkraflug, flesta á Vestfjörðum og Norðurlandi eystra. Eins og sést á mynd 5.1.9 eru fá sjúkraflug frá Vestfjörðum en flest voru árið 2015 frá Norðurlandi eystra. Umreiknað á íbúafjölda hvers landshluta voru þó flest sjúkraflug frá flugvöllum á Austurlandi, Vestfjörðum og síðan Norðurland eystra eins og sést á mynd





5.1.10. Ef farið er enn nær, að einstökum flugvöllum, eru flest sjúkraflug á íbúa frá Grímsey og Vestmannaeyjum eins og sést á mynd 5.1.11. Raunar munar þarna miklu því sjúkraflug frá Grímsey árið 2015 voru meira en eitt á hverja 10 íbúa. Síðan 2004 hefur ekki verið flogið sjúkraflug frá flugvöllum á Rífi, Búðardal, Kópaskeri og ekki frá



Djúpavogi síðan 2005. Skrár Sjúkratrygginga nær aftur til 2003 og á þeim tíma hefur ekki verið sjúkraflug frá Patreksfirði. Þaðan liggur leið að flugvelli við Bíldudal yfir tvo fjallvegi, sem liggja hæst í um 370 og 500 metra hæð yfir sjó. Sjúkraflutningar með sjúkrabílum eru fáir á Vestfjörðum miðað við




aðra landshluta, hvernig sem reiknað er, líka miðað við fólksfjölda eins og sést á mynd 5.1.15. Ferðir sjúkrabíla á Vestfjörðum á hvern íbúa voru þannig nær helmingi færri en á Norðurlandi vestra og Austfjörðum árið 2015. Hins vegar eru sjúkrabílar meira í ferðum í nágrenni við sjúkrahúsin tvö, í Reykjavík og á Akureyri. Þetta á við um Suðurnes, Suðurland og Vesturland og Norðurland eystra. Þetta skýrist að nokkru af fólksfjölda þessara landshluta í samanburði við aðra og langflestar ferðir sjúkrabíla árið 2015, eins og sést á mynd 5.1.14, voru á höfuðborgarsvæðinu. Á mynd 5.1.13 má sjá að í þessum landshlutum hefur ferðum sjúkrabíla farið fjölgandi síðustu ár. Þetta kann að skýrast af vaxandi fólksfjölda, vaxandi fjölda ferðamanna en væntanlega líka af breyttum starfsháttum heilbrigðisþjónustunnar.





## 5.2 Löggæsla og sýslumenn

Með lögum um framkvæmdavald ríkisins í héraði nr. 50/2014<sup>30</sup> var umdæmum sýslumanna breytt frá því sem lög með sama heiti, nr. 92/1989, mæltu fyrir um. Með breytingunni var umdæmum fækkað úr 24 í 9 og nýju umdæmin þau sömu og svæði sóknaráætla. Þó eru Vestmannaeyjar sérstakt umdæmi. Umdæmisskiptingin



og aðsetur sýslumanna var ákveðin með reglugerð um umdæmi sýslumanna nr. 1151/2014<sup>31</sup> og áfram eru starfræktar skrifstofur sýslumanna þar sem aðsetur þeirra voru fyrir fækkun. Með breytingu á lögreglulögum nr. 90/1996<sup>32</sup> og setningu reglugerðar um umdæmi lögreglustjóra nr. 1150/2014 var lögregluumdæmum fækkað úr 15 í 9 til samræmis við starfssvæði sýslumanna<sup>33</sup>. Áfram eru starfræktar lögreglustöðvar þar sem þær voru fyrir breytingu. Sýslumaður og lögreglustjóri hvers umdæmis hafa ekki aðsetur í sama sveitarfélagi nema á Suðurnesjum og í Vestmannaeyjum og aðsetursveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu er ekki tilgreint.

## 5.3. Héraðsdómstólar

Hæstiréttur hefur aðsetur í Reykjavík samkvæmt lögum um dómstóla nr. 15/1998 og samkvæmt þessum lögum hafa 8 héraðsdómstólar í landinu aðsetur á eftirtöldum stöðum: Reykjavík, Borgarnesi, Ísafirði, Sauðárkróki, Akureyri, Egilsstöðum, Selfossi og Hafnarfirði. Sveitarfélög skiptast þannig á 8 starfssvæði dómstóla sem falla saman við landshlutaskiptingu sóknaráætla nema að Héraðsdómstóll Reykjaness er í Hafnarfirði.<sup>34</sup> Með reglugerð nr. 1109/2010 var þinghám fækkað þannig að nú er umdæmi hvers héraðsdóms ein þinghá að Vestmannaeyjum undanskildum. Þar er sérstök þinghá í umdæmi Héraðsdóms Suðurlands.<sup>35</sup>

## 5.4 Rafveita og húshitun

Til að meta kostnað vegna húshatunar og raforkunotkunar hefur Bygðastofnun fengið Orkustofnun til að reikna þennan kostnað á ársgrundvelli fyrir viðmiðunareign á nokkrum þéttbýlistöðum á Íslandi. Viðmiðunareignin er skilgreind sem einbýlishús með 161,1 m<sup>2</sup> grunnflöt, 351 m<sup>3</sup> að rúmmáli og lóðarstærð 808 m<sup>2</sup>. Í fyrsta sinn var stuðst við gjaldskrá 1. janúar 2013 og aftur 1. apríl 2015 sem sjá má á mynd 5.4.1. Af þeim stöðum sem skoðaðir voru reyndist algengasta verð fyrir almenna rafmagnsnotkun vera hæst hjá notendum í dreifbýli á veitusvæðum Orkubús Vestfjarða, RARIK og

<sup>30</sup> [www.althingi.is/alttext/stjt/2014.050.html](http://www.althingi.is/alttext/stjt/2014.050.html)

<sup>31</sup> [www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=7d74b7d5-e0c7-4c3b-b636-3c6cb92bd5eb](http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=7d74b7d5-e0c7-4c3b-b636-3c6cb92bd5eb)

<sup>32</sup> [www.althingi.is/lagas/nuna/1996090.html](http://www.althingi.is/lagas/nuna/1996090.html)

<sup>33</sup> [www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=05874a3d-fa4a-44bb-9a3d-d5beb9e105ba](http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=05874a3d-fa4a-44bb-9a3d-d5beb9e105ba)

<sup>34</sup> [www.althingi.is/lagas/nuna/1998015.html](http://www.althingi.is/lagas/nuna/1998015.html)

<sup>35</sup> [www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/domsmalaraduneyti/nr/16951](http://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/domsmalaraduneyti/nr/16951)

Orkuveitu Reykjavíkur en um 20% lægra þar sem það var hæst á nokkrum þéttbýlisstöðum. Lægst er rafmagnsverðið á Akureyri og þá í Vestmannaeyjum.

Til að meta kostnað vegna húshítunar og raforkunotkunar hefur Byggðastofnun fengið Orkustofnun til að reikna þennan kostnað á ársgrundvelli fyrir viðmiðunareign á nokkrum þéttbýlisstöðum á Íslandi. Viðmiðunareignin er skilgreind sem einbýlishús með 161,1 m<sup>2</sup> grunnflöt, 351 m<sup>3</sup> að rúmmáli og lóðarstærð 808 m<sup>2</sup>. Í fyrsta sinn var stuðst við gjaldskrá 1. janúar 2013 og aftur 1. apríl 2015 sem sjá má á mynd 5.4.1. Af þeim stöðum sem skoðaðir voru reyndist algengasta verð fyrir almenna rafmagnsnotkun vera hæst hjá notendum í dreifbýli á veitusvæðum Orkubús Vestfjarða, RARIK og Orkuveitu Reykjavíkur en um 20% lægra þar sem það var hæst á nokkrum þéttbýlisstöðum. Lægst er

### Mynd 5.4.1 Orkukostnaður heimila samkvæmt gjaldskrá 1. apríl 2015

	Almenn raforkunotkun		Hitaveita		Kynt hitaveita	Bein rafhitun	Húshitun		Orkukostnaður alls	
	Algengasta verð	Lægsta mögulega verð	Algengasta verð	Algengasta verð			Lægsta mögulega verð	Lægsta mögulega verð	Algengasta verð	Algengasta verð
Dreifbýli RARIK	102.818	100.754				214.678	203.015	303.769	317.496	
Dreifbýli Orkubú Vestfjarða	102.010	102.010				203.015	203.015	305.025	305.025	
OR Rangárveita dreifbýli	102.818	100.754	189.577				189.577	290.331	292.395	
Grundarfjörður	81.410	79.345			209.950		198.286	277.631	291.360	
Neskaupstaður	81.410	79.345			209.950		198.286	277.631	291.360	
Vopnafjarðarhreppur	81.410	79.345			209.950		198.286	277.631	291.360	
Höfn	81.410	79.345		208.589	209.950		198.286	277.631	289.999	
Seyðisfjörður	81.410	79.345		208.589	209.950		198.286	277.631	289.999	
Hólmavík	80.021	80.021			198.916		198.916	278.937	278.937	
Reyðarfjörður	76.202	75.365			200.493		195.764	271.129	276.695	
Bolungarvík	80.021	80.021		186.457	198.916		186.457	266.478	266.478	
Ísafjörður	80.021	80.021		186.457	198.916		186.457	266.478	266.478	
Patreksfjörður	80.021	80.021		186.457	198.916		186.457	266.478	266.478	
Siglu fjörður	81.410	79.345	176.934		209.950		176.934	256.279	258.344	
Blönduós	81.410	79.345	175.155		209.950		175.155	254.500	256.565	
Vestmannaeyjar	72.808	71.413		155.626	198.286		155.626	227.039	228.434	
OR dreifbýli	102.818	100.754	121.878				121.878	222.632	224.696	
OR dreifbýli lágmark 3 min.ltr.	102.818	100.754	107.345				107.345	208.099	210.163	
Hitaveita dreifbýli Norðurland	102.818	100.754	104.279				104.279	205.033	207.097	
Akranes	78.096	76.143	106.690				106.690	182.833	184.786	
Stykkishólmur	81.410	79.345	100.528		209.950		100.528	179.873	181.938	
Hvoisvöllur	81.410	79.345	97.752		209.950		97.752	177.097	179.162	
Borgarnes	81.410	79.345	95.908		209.950		95.908	175.253	177.318	
Egilsstaðir	81.410	79.345	95.752		209.950		95.752	175.097	177.162	
Dalvík	81.410	79.345	94.118		209.950		94.118	173.463	175.528	
Selfoss	81.410	79.345	92.650		209.950		92.650	171.995	174.060	
Grindavík	72.808	71.413	100.023		198.286		100.023	171.436	172.831	
Keflavík	72.808	71.413	100.023		198.286		100.023	171.436	172.831	
Kópavogur, meðaltal	78.096	76.143	94.076				94.076	170.219	172.172	
Reykjavík, meðaltal	78.096	76.143	94.076				94.076	170.219	172.172	
Húsavík	81.410	79.345	89.336		209.950		89.336	168.681	170.746	
Akureyri	70.074	69.404	98.656		199.862		98.656	168.060	168.730	
Sauðárkrókur	81.410	79.345	86.890		209.950		86.890	166.235	168.300	
Hveragerði	81.410	79.345	85.255		209.950		85.255	164.600	166.665	

rafmagnsverðið á Akureyri og þá í Vestmannaeyjum.


Lægsta mögulega verð á orku til húshitunar er hæst í dreifbýli á orkuveitusvæði RARIK og Orkubús Vestfjarða. Í þéttbýli er kyndingarkostnaður hæstur á Grundarfirði, Neskaupstað og Vopnafirði. Þó ber þess að geta að húshitunarkostnaður er hærri á nokkrum öðrum þéttbýlisstöðum en hér kemur fram þar sem íbúar eiga ekki kost á hitaveitu eða fjarvarmaveitu. Lægsti húshitunarkostnaðurinn er í Hveragerði og á Sauðárkróki.

Heildarorkukostnaður er mestur í dreifbýli á orkuveitusvæði RARIK og Orkubús Vestfjarða. Í þéttbýli er hann mestur á Grundarfirði, Neskaupstað og Vopnafirði og minnstur í Hveragerði.

Eins og bent er á hér að framan eru aðstæður þannig á nokkrum þéttbýlisstöðum að ekki eiga allir húsráðendur kost á hitaveitu eða fjarvarmaveitu. Þá ber og að hafa í huga að á nokkrum stöðum er veittur afsláttur á gjaldskrá hitaveitu þar sem ekki er hægt að tryggja lágmarkshita vatns til notanda.

### Mynd 5.4.2 Heildarorkukostnaður - lægsta mögulega verð

Samkvæmt gjaldskrá 1. apríl 2015



## 5.5 Opinber störf

Fjöldi ríkisstarfa segir mikið um starfsemi ríkisins en lítið um samfélagsáhrif. Þeim er ekki auðvelt að lýsa í stuttu máli. Á Íslandi eru um það bil 70% opinberra útgjalda á vegum ríkisins og 30% á vegum sveitarfélaga. Staðsetning ríkisstarfa skiptir því miklu á Íslandi. Þetta hlutfall er þveröfugt annars staðar á Norðurlöndum þannig að samanburður við þau á þessu sviði er hæpinn.

Fjöldi og staðsetning ríkisstarfa á Íslandi hefur verið á reiki og umræðan ekki byggð á staðreyndum. Byggðastofnun afréð því að kanna staðsetningu starfa á vegum ríkisins miðað við áramót 2013 og 2014. Valið var að miða við fjölda stöðugilda frekar en starfa sem greidd eru í gegnum Fjársýslu ríkisins og bæta svo við stöðugildum hjá opinberum hlutafélögum. Þar er alls um að ræða 18.718 stöðugildi. Stöðugildi kvenna voru 11.026 og stöðugildi karla 7.675. Þessu til viðbótar var safnað upplýsingum um fjölda stöðugilda hjá stofnunum sem fá stóran hluta rekstrarfjár, oftast stærsta hluta, af fjárlögum. Þar má nefna stofnanir í heilbrigðisgeiranum, umönnunarstofnanir, háskóla og starfsemi samkvæmt samningum, talsverðan fjölda starfa, alls 3.865 stöðugildi. Þau skiptust í 3.115 stöðugildi kvenna og 750 stöðugildi karla. Samtals eru því stöðugildin 22.584, stöðugildi kvenna 14.141 og stöðugildi karla 8.425. Þessi greining er ekki ótvíræð, ætti ef til vill að telja fleiri, t.d. Landsnet sem er með ríflega 100 starfsmenn, langflesta í Reykjavík. Landsnet er að fullu í eigu aðila sem eru að öllu leiti í eigu ríkisins. Þá mætti telja sjúkrastofnanir á vegum SÁÁ, líklega með nærri 50 starfsmenn, og Landsbankinn er ekki tekinn með þó hann sé nær alfarið í eigu ríkisins né heldur sparisjóðirnir. Talið var að eignarhald ríkisins á þessum stofnunum til frambúðar væri svo mikilli óvissu undirorpið að ekki væri rétt að hafa þær með. Byggðastofnun vann úr niðurstöðum könnunarinnar og setti fram í töflum og skráum sem finna má á heimasíðu Byggðastofnunar.<sup>36</sup>

<sup>36</sup> [www.byggdastofnun.is/is/utgefid-efni/grof-og-skrar](http://www.byggdastofnun.is/is/utgefid-efni/grof-og-skrar)

Mynd 5.5.1 Landshlutaskipting stöðugilda ríkisins 2014 í "víðri merkingu"



Stöðugildi skipt á landsvæði	Konur	Karlar	Óupp-gefið	Samtals stöðugildi hjá ríki og ohf.	Íbúafjöldi 1.1.2014	Hlutfall af heildar-íbúafjölda	Hlutfall stöðugilda af heildarfjölda hjá ríki og ohf	Hlutfall íbúa með stöðugildi hjá ríki/ohf	Íbúar 15-64 ára	Hlutfall stöðugilda hjá ríki og ohf
Höfuðborgarsvæði	10.209	5.976		16.185	208.752	64,1%	71,8%	7,8%	139.332	11,6%
Vesturland	531	283		814	15.441	4,7%	3,6%	5,3%	10.012	8,1%
Vestfirðir	249	165		414	6.972	2,1%	1,8%	5,9%	4.600	9,0%
Norðurland vestra	307	169		476	7.245	2,2%	2,1%	6,6%	4.596	10,4%
Norðurland eystra	1.170	582		1.751	29.091	8,9%	7,8%	6,0%	18.837	9,3%
Austurland	344	198		542	10.357	3,2%	2,4%	5,2%	6.792	8,0%
Suðurland	829	529		1.358	26.253	8,1%	6,0%	5,2%	17.237	7,9%
Suðurnes	404	492		896	21.560	6,6%	4,0%	4,2%	14.414	6,2%
Erlendis	42	46		88	-	0,0%	0,4%		-	
Óstaðsett		2	18	20	-	0,0%	0,1%		-	
<b>Samtals</b>	<b>14.083</b>	<b>8.442</b>	<b>18</b>	<b>22.542</b>	<b>325.671</b>	<b>100,0%</b>	<b>100,0%</b>	<b>6,9%</b>	<b>215.820</b>	<b>10,4%</b>

Á mynd 5.5.1 má sjá samantekt úr könnuninni, staðsetningu ríkisstarfa og fjölda þeirra í „víðri merkingu“ sem að ofan er lýst í samanburði við íbúafjölda. Þar sést að 72% stöðugildanna eða 16.266 eru á höfuðborgarsvæðinu þar sem býr 64.1% heildaríbúafjöldans. Höfuðborgarsvæðið er eini landshluti með herra hlutfall opinberra starfa en hlutfall af heildaríbúafjölda. Sá landshluti sem næst kemur er Norðurland vestra með 2.1% stöðugildanna en 2.2% íbúafjöldans og þar á eftir fylgja Vestfirðir. Hlutfallið er langlægst á Suðurnesjum, 3.9% stöðugildanna en 6.6% íbúafjöldans. Lágt hlutfall Austurlands er líka athyglisvert.

Ríkisstörfin í víðu skilgreiningunni eru 6.9% af íbúafjöldanum. Í 14 sveitarfélögum af 74 nær fjöldi ríkisstarfa 6.9% eða meira. Í öllum landshlutum nema á Suðurnesjum nær eitthvert sveitarfélag 6.9% eða herra, víðast tvö eða fleiri. Athyglisvert er að í öllum landshlutum utan höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja og Vestfjarða eru flest ríkisstörf ekki í fjölmennasta sveitarfélagi landshlutans en víðast eru það þó fámenn sveitarfélög sem ná hæsta hlutfallinu vegna fárra íbúa.

## 6. Önnur þjónusta

### 6.0 Staðsetning þjónustustarfa

Árin 2014 og 2015 fékk Byggðastofnun landshlutasamtök sveitarfélaga, atvinnuþróunarfélög og sveitarfélög til liðs við sig til þess að kanna staðsetningu þjónustustofnana á vegum ríkis, sveitarfélaga og fyrirtækja. Byggt var á grunni könnunar Byggðastofnunar á staðsetningu ríkisstofnana frá 1994 við undirbúning stefnumótandi byggðaáætlunar þá. Þéttbýlisstaðir án ríkisstofnana voru þá ekki teknir með og því haldið óbreyttu 2014.

Niðurstöður þessara kannana voru settar fram í töfluformi og taflan yfir staðsetningu ríkisstofnana er sýnd á mynd 5.0.1 hér að framan. Töflur fyrir staðsetningu þjónustu fyrirtækja er sýnd á mynd 6.0.1 og fyrir staðsetningu þjónustu sveitarfélaga 6.0.2. Sums staðar er þjónustubáttur starfræktur af fyrirtæki en af sveitarfélagi annars staðar og leitast er við að sýna hvort á við á hverjum stað. Í staðsetningarkönnuninni fyrir sveitarfélög kemur fram hvar sveitarfélög eiga aðild að rekstri og hvar þau styðja þjónustu með heimsókn. Annars kemur heimsóknarþjónusta ekki fram, aðeins hvar þjónustan hefur fast aðsetur.

Örðugt reyndist að fá upplýsingar um rekstrarform þjónustu í Reykjavík en víst að þar er aðsetur allra þjónustubátta.

Í megindráttum kemur fram að margir þjónustubættir eru staðsettir á nokkrum stöðum en nokkra grunnþætti er að finna á flestum stöðum. Samhengi virðist vera á milli íbúafjölda og þjónustuframboðs og líka rekstrarforms. Á fámennum stöðum virðast sveitarfélögin sjá um rekstur mikilvægra þjónustubátta sem fyrirtæki gera á fjölmennari stöðum.

Þær upplýsingar sem koma fram á skránum tveimur eru flokkaðar og settar fram á 5 kortum þar á eftir, myndum 6.0.3 – 6.0.7.

- 6.0.3 Heilbrigði og líkamsrækt
- 6.0.4 Félags- og skólþjónusta
- 6.0.5 Verslun og einstaklingsþjónusta
- 6.0.6 Menningar- og ferðaþjónusta
- 6.0.7 Byggingar-, fjármála- og rekstraþjónusta


Miklar upplýsingar eru á kortunum þannig að þau virðast flókin við fyrstu sýn. Athyglisvert er t.d. að Keflavík/Njarðvík er öflugasti þjónustustaður á Suðurnesjum en veikari þjónustu beggja vegna við hann, í Garði og Vogum. Þó vegalengdir séu ekki miklar milli þessara tveggja staða er þar sams konar þjónustu að finna.

Kortin sýna vel samþjöppun þjónustunnar á suðvesturhluta landsins og miklar vegalengdir milli þjónustustaða á norðaustur- og suðausturhluta landsins.






Mynd 6.0.3






Mynd 6.0.4



Á kortinu koma fram 16 starfspættir sveitarfélaga en hvorki fjöldi stofnana né stærð þeirra. Starfspætti Reykjavíkur borgar vantar. Vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða miðast við daglega vinnusókn. Skoða má bæði starfspætti og vinnusóknir á vef Bygðastofnunar, [www.byggdastofnun.is](http://www.byggdastofnun.is)

Mynd 6.0.5




ISLAND  
**ADSETUR SVEITARFÉLAGA- OG FYRIRTÆKJASTARFSEMI 2015**  
**3. VERSLUN OG EINSTAKLINGSPJÓNUSTA**

Heimild: Landshlutasamtök sveitarfélaga, atvinnuprógnartíðleg, LMI 04.15-ÁR  
**BYGGÐASTOFNUN**

Á kortinu koma fram 18 starfshættir fyrirtækja en hvorki fjöldi þeirra né stærð.  
 Vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða miðast við daglega vinnusókn. Skoða má bæði starfshætti og vinnusóknir á vef Byggsstofnunar, [www.byggdastofnun.is](http://www.byggdastofnun.is)




Mynd 6.0.6




Á kortinu koma fram 16 starfsþættir sveitarfélaga og fyrirtækja en hvorki fjöldi stofnana eða fyrirtækja né stærð þeirra. Starfsþætti Reykjavíkurborgar vantar. Vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða miðast við daglega vinnusókn. Skoðu má bæði starfsþætti og vinnusóknir á vef Byggðastofnunar, [www.byggdastofnun.is](http://www.byggdastofnun.is)

Mynd 6.0.7



## 6.1 Verslun

Aðgengi að dagvöruverslun er mikilvægur búsetuþáttur og verðlag í verslunum er annar. Nefna má nokkrar forsendur fyrir lágt vöruverð s.s. ódýrir aðdrættir, fjölmennt viðskiptasvæði og skilyrði viðskiptamanna til að velja og fyrir þessar forsendur eru góðar samgöngur lykillþáttur. Þannig virðist krafan um lágt vöruverð breytast með staðháttum og þar sem er fámenni og erfiðar samgöngur verður fólk að sætta sig við að borga meira fyrir vörur og þjónustu. Annars staðar eru lágvöruverðsbúðir búsetuþáttur með vaxandi vægi. Samkeppniseftirlitið hefur flokkað verslanir og ASÍ kannað vöruverð, þó aðallega á fjölmennustu svæðum landsins, og þróað þessa flokkun. Samkvæmt henni er lágvöruverðsverslun í öllum landshlutum sóknaráætlana nema á Norðurlandi vestra, nokkrar slíkar verslanir í sumum landshlutum og margar á suðvesturhorni landsins.



### Flokkun verslana



Byggt á Samkeppniseftirlitinu: *Verðþróun og samkeppni á dagvörumarkaði*, jan. 2012, (aðall. bls. 26).

1. Lágvöruverðsverslanir:  
Bónus, Nettó, Krónan, Kaskó
2. Stórmarkaðir og almennar dagvöruverslanir  
Hagkaup, Nóatún, Samkaup úrval, Fjarðarkaup
3. Klukkubúðir  
Samkaup strax, 10-11
4. Litlar matvörubúðir  
Takmarkað vöruframboð. T.d. Kjarval, búðir í samrekstri við bensínstöðvar.

## 6.2 Fjármálaþjónusta

Eftir bankahrunið 2008 breyttist fjármálaþjónusta og fram til 2012 fækkaði starfsstöðvum banka og sparisjóða. Þessi þróun hefur haldið áfram og fram til 2015 hefur hún einkenst af samruna sparisjóða við banka og fækkun bankaútibúa. Síðla árs 2015 sá ekki fyrir endann á þessari þróun. Þá voru þó bankar og sparisjóðir starfandi í öllum landshlutum en samt virðist mega greina mismunandi áherslur fjármálaþjónustunnar eftir landssvæðum.

Fjármálastarfsemi á Íslandi hefur aðalbækistöðvar á höfuðborgarsvæðinu, þar eru mörg fjármálaþjónustufyrirtæki og starfsemin öflug atvinnugrein. Gott aðgengi að fjármálaþjónustu er mikilvæg fólki og fyrirtækjum um allt land.



## 6.3 Ferðaþjónusta

Sókn erlendra ferðamanna til Íslands hefur aukist stórlega á undanförunum árum, um 164 % frá 2010.<sup>37</sup> Á mynd 6.3.1 má sjá þróun ferðamannafjöldans frá 2008 til 2015 með flugvélum og skipum. Ferðaþjónustan er orðin ein stærsta atvinnugrein landsins og útlit er fyrir að hún haldi áfram að vaxa næstu árin. Greinin hefur verið mikilvæg atvinnugrein og eitt af hverjum þremur störfum sem sköpuðust á árunum 2010-2015 voru tengd ferðaþjónustu<sup>38</sup>. Frá 2010 hefur ferðamönnum fjölgað um 21,5% á ári en líklegt þykir að hægja muni á fjölgun ferðamanna á næstu árum þó óljóst sé hvenær það verður. Spár sammælast um að vöxturinn muni staðna á næstu árum og leita í langtíma vöxt, um 7-8 % aukningu á ári.<sup>39</sup> Flest bendir þó til góðra horfa í íslensku ferðaþjónustu.

Flestir erlendir ferðamenn heimsækja höfuðborgarsvæðið eða um 97% á árabílinu 2008-2015 eins og sjá má á mynd 6.3.2. Miðað er við gistinætur á öllum gerðum gististaða. Fæstir gista á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra.

<sup>37</sup> [www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/ferdtjonusta-i-tolum/helstu-hagstaerdir-ferdathjonustunnar-a-einum-stad](http://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/ferdtjonusta-i-tolum/helstu-hagstaerdir-ferdathjonustunnar-a-einum-stad)

<sup>38</sup> Íslandsbanki, 2016




<sup>39</sup> Íslensk verðbréf, 2015

Á myndum 6.3.4 kemur fram að tölurverður munur heimsóknna hefur verið milli sumars og vetrar út fyrir höfuðborgarsvæðið. Mestur er munurinn á Norðurlandi eða 169% aukning á milli vetrar til sumars síðustu tveggja kannana. Á sama tíma fækkaði heimsóknum á Suðurnesjum um 20% á sama tíma. Suðurnes fylgja ekki sömu þróun og aðrir landshlutar því þangað koma fleiri á veturna en á sumrin.

Árstíðarsveiflur eru minni á höfuðborgarsvæðinu en utan þess.

Athygli vekur að fleiri ferðamenn sækja á miðhálandi Íslands en á Vestfirði, jafnvel á veturna. Þetta á trúlega líka við um Norðurland vestra ef tekið er mið af mynd 6.3.3. Hins vegar hefur ferðamönnum fjölgað hlutfallslega mest á Vestfjörðum síðustu ár. Mest hefur sókn ferðamanna í beinum tölum vaxið til Suðurlands og minnst til Norðurlands vestra.<sup>40</sup>

Aðsókn ferðamanna að þeim stöðum sem flestir sækja hefur aukist svo mjög að álagið er víða talið ógna þessum stöðum og gildi þeirra. Í umræðu hefur verið bent á það að þessa staði megi verja með fjármunum og framkvæmdum en erfiðlega hefur gengið að afla þessa fjár.




<sup>40</sup> Harpa Sif Jónsdóttir, Elín Gróa karlsdóttir, Byggðastofnun: Ferðapjónusta, Staða og horfur 2016: [www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/ferdathjonusta-stada-og-horfur-2016.pdf](http://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/ferdathjonusta-stada-og-horfur-2016.pdf)

Aukist sókn ferðamanna á miðhálandi Ísland er hætt við því að ofálag valdi skemmdum sem hins vegar getur reynst erfitt að laga og því séu fyrirbyggjandi aðgerðir brýnar. Til þess þarf samstarf þvert á sveitarfélög, samtök þeirra og ráðuneyta með aðild hagshafa í ferðaþjónustu og útivist.


Ef rétt er haldið á sókn ferðamanna á miðhálandi landsins kann hún að fela í sér góð sóknarfæri fyrir byggðir sem að því liggja.

Staðir sem ferðamenn sækja mest eru sýndir á mynd 6.3.5 en Ferðamálastofa hefur greint og sett fram á korti á vefsíðu sinni yfirlit yfir áhugaverða viðkomustaði á landinu. Kortið er birt á mynd 6.3.6. Þar kemur fram að bæði sérlega og miðlungs áhugaverðir staðir eru dreifðir um allt land.



**Mynd 6.3.4 Hlutfallskipting heimsóknna ferðamanna eftir árstíma og svæðum**



**Mynd 6.3.5 Fjölsóttir ferðamannastaðir**









**Lánveitingar  
Byggðastofnunar til  
ferðapjónustu**

Ferðapjónusta er nú stærsta einstaka atvinnugreinin í lánasafni Byggðastofnunar en lánveitingar til greinarinnar eru í heild um 3 milljarðar króna og er það um 30% af heildar lánasafni stofnunarinnar. Í gegnum tíðina hefur sjávarútvegur verið umfangsmesta

atvinnugreinin í lánasafni stofnunarinnar en það hefur nú breyst. Lán Byggðastofnunar til ferðapjónustu eru vegna afþreyinga ýmiss konar, flutninga með ferðamenn, veitingareksturs en að stærstum hluta vegna uppbyggingar á rekstri hótela og gístaða víðsvegar um landið. Á eftirfarandi mynd má sjá hvernig lán til uppbyggingar á hótél og

gístaðum dreifist um landið en eins og sjá má á myndinni hefur stofnunin lánað mest til Suðurlands og þar næst til Norðausturlands.

Segja má að myndin endurspeglir hvar uppbygging hefur verið undanfarin ár í þessari grein í landsbyggðunum hvað varðar herbergjafjölda – og hvar fjöldi ferðamanna hefur aukist mest.






## 7 Iðnaður

### 7.1 Landbúnaðarafurðir

#### Framleiðsla og neysla á innlendum kjötafurðum

Breyting í kjötframleiðslu í íslenskum landbúnaði frá 1983 til 2013 má í aðalatriðum lýsa með vaxandi hlutdeild svína- og alifuglakjötsframleiðslu á kostnað kindakjötsframleiðslu (myndir 7.1.1 og 7.1.2). Á þessu tímabili hefur framleiðsla svína- og alifuglakjöts margfaldast á meðan kindakjötsframleiðsla hefur dregist saman um fjórðung. Svína- og alifuglarækt er mest stunduð á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum en sauðfjárrækt þar sem byggð er dreifðust á landinu eins og fram kemur í kafla 8.1. Þá hefur heildarkjötsframleiðslan aukist um tæpan helming og hefur nautakjötsframleiðsla fylgt þeirri aukningu en hrossakjötsframleiðsla hefur nokkurn veginn staðið í stað. Samanlögð sala kjötafurða til neyslu innanlands og útflutnings fylgdi munstri kjötframleiðslu á tímabilinu 1983-2013 en innanlandssalan endurspeglar breytta neysluhætti. Í innanlandssölu kjötafurða var kindakjötí velt úr sessi sem söluhæstu kjötafurðinni árið 2007 þegar alifuglakjöt seldist í meira mæli (mynd 7.1.3). Í lok tímabilsins var alifuglakjöt enn söluhæst og þar á eftir kindakjöt með rúm 15% minni sölu og svínakjöt þriðja söluhæst með rúm 25% minni sölu miðað við alifuglakjöt.

Innanlandssala á nautakjötí hefu jafnt og þétt aukist í samræmi við aukna heildarkjötneslu en sala á




hrossakjöti hefur í grófum dráttum farið hægt minnkandi þó með uppkippum inn á milli, mest áberandi frá 2006 til 2009.


### Framleiðsla og neysla á innlendum mjólkurafurðum

Mynd 7.1.4 sýnir innlenda neyslu mjólkurafurða annarra en mjólkur og sýrðra vara fyrir afurðarstöðvar sem eru með aðild að SAM (Samtök afurðarstöðva í mjólkuriðnaði), en þess ber að geta að svokallaðir „heimasöluaðilar“ eru ekki aðilar að SAM. Mynd 7.1.5 sýnir framleiðslu mjólkur og sölu mjólkur og sýrðra vara ásamt samtölu á sölu mjólkurafurða. Þó að innlend neysla mjólkur hafi minnkað á tímabilinu 1993 til 2015 um tæp 19% hefur heildarframleiðsla mjólkurafurða á sama tíma aukist um 46%. Mikil og stöðug aukning hefur verið í neyslu osta og neysla rjóma og viðbits hefur einnig vaxið umtalsvert á tímabilinu. Skyrneysla hefur þó aukist hlutfallslega mest þrátt fyrir afturkipp í neyslunni eftir 2005 (mynd 7.1.4).

**Mynd 7.1.4 Neysla mjólkurafurða annarra en mjólkur og sýrðra vara 1993 til 2015**




**Mynd 7.1.5 Framleiðsla mjólkur og sala mjólkur og sýrðra vara 1993 - 2015**




## 7.2 Sjávarafurðir

Verðmæti útfluttra sjávarafurða jókst frá 2006 til 2014 eða um 7% á föstu verðlagi miðað við 2014. Talsverður samdráttur var þó á milli árána 2013 og 2014 eins og sjá má á mynd 7.2.1. Á mynd 7.2.2 kemur fram að samdráttur í verðmæti átti sér rætur í samdrætti í afla. Á það bæði við um uppsjávarfisk og aðrar fisktegundir. Ef horft er á sundurliðun útflutnings eftir afurðaflokkum kemur fram að samdráttur er mestur í frystum afurðum í tonnum talið en einnig mikill í mjöli/lýsi, sjá mynd 7.2.3. Undanfarin tuttugu ár hefur orðið mikil aukning í frystingu sem skýrist einna helst af mjög mikilli aukningu í frystingu uppsjávartegunda á kostnað bræðslu. Þessi breyting skilar aukningu verðmæta þegar markaður fyrir frystar afurðir leyfir.


**Mynd 7.2.1 Útflutningsframleiðsla sjávarfurða á föstu verðlagi 2006-2014**



**Mynd 7.2.2 Útflutningur sjávarafurða eftir fisktegundum 2009-2014**






**Mynd 7.2.3 Útflutningur sjávarafurða eftir afurðaflokkum 1992-2014**



Á mynd 7.2.4 kemur fram yfirlit yfir ráðstöfun afla eftir tegund vinnslu. Bræðsla gefur eftir á milli árunna 2012 og 2013 í takti við minnkaðan afla uppsjávartegunda en áberandi langmestum afla er sem fyrr ráðstafað í bræðslu, landfrystingu (frysting) og sjófrystingu. Lítilsháttar samdráttur varð í öðrum vinnsluaðferðum með þeirri undantekningu að meira var ísað í flug á árinu 2013 en árin á undan.

Ef horft er til þess hvernig ráðstöfun afla hefur þróast eftir landshlutum kemur í ljós að verkun afla, annarra tegunda en uppsjávarfisks, er langmest og ört vaxandi á höfuðborgarsvæðinu og sama þróun er á Suðurnesjum sem er annar stærsti landshluti í vinnslu þessara tegunda. Athygli vekur að mikill samdráttur árunna 2011-2012 í verkun þessara tegunda á Norðurlandi eystra virðist hafa gengið að einhverju leyti til baka og verkun hefur aukist eða staðið í stað í öðrum landshlutum, að Vesturlandi undanskildu. Verkun í útlöndum heldur áfram að dragast saman eins og sjá má á mynd 7.2.5. Verkun uppsjávarafla dróst saman á milli árunna 2012 og 2013 eftir aukningu árin á undan. Samdrátturinn kemur fram í öllum landshlutum nema á höfuðborgarsvæðinu. Eins og hin fyrri

ár er verkun uppsjávarafla langmest á Austurlandi og næst kemur Suðurland, sjá mynd 7.2.6.



### 7.3 Byggingariðnaður

Flest verkefni byggingariðnaðarins eru á höfuðborgarsvæðinu. Þau hafa þó verið skrykkjótt eftir bankahrunið 2008. Þannig var árið 2008 byggt rúmlega tvisvar sinnum stærra húsnæði í Reykjavík en árin þrjú frá 2012 til 2014. Heldur minni sveifla var á sama tíma annars staðar á höfuðborgarsvæðinu. Þar voru á þessum þremur árum aðeins byggð um 39% þess sem byggt var á þessu eina ári, 2008.



Á þriggja ára tímabili, frá 2009 til 2011, var meira byggt í öllum landshlutum en á næsta þriggja ára tímabili, frá 2012 til 2014, nema á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra, landshlutunum með langminnstu byggingarframkvæmdirnar.

Breytingin á byggingarmagni milli þessara tveggja tímabila var annars veruleg, samdráttur á seinna tímabilinu, og mikill á höfuðborgarsvæðinu og sérstaklega mikill á Suðurnesjum eins og kemur fram á mynd 7.3.1.

Margt bendir til þess að byggingarstarfsemin sé aftur að færast í aukana á höfuðborgarsvæðinu síðustu misserin.

Auk þess sem byggingariðnaður er mikilvæg atvinnugrein vitnar hann um virknina í staðbundnum hagkerfum og hin mikla byggingarstarfsemi á höfuðborgarsvæðinu, þrátt fyrir samdrátt, lýsir þessu. Ef tölur um byggingarmagn eru tengdur öðrum tölum, s.s. íbúafjölda, fæst þó kannski gleggri mynd af virkni í landshlutunum og fjárhagsgetu fólks og fyrirtækja.

Á mynd 7.3.2 sést að nýbyggingar hvers landshluta 2012-2014 á hvern íbúa landshlutans eru stærstar á Suðurlandi, þá á Norðurlandi vestra, Austurlandi og á Vesturlandi þar á eftir. Athyglisvert er að þrátt fyrir mikinn samdrátt á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum var byggt meira í þessum landshlutum á hvern íbúa en á Vestfjörðum. Í öllu tilliti var minnst byggt á Vestfjörðum.



## Þróun fasteignaverðs

Fasteignamat er mat á verðmæti húss og lóðar sem áætlað er út frá gangverði svipaðra eigna á markaði. Þjóðskrá

uppfærir fasteignamat árlega í samræmi við þróun fasteignaverðs. Byggingastofnun hefur tekið saman upplýsingar um þróun fasteignamats í þéttbýli víðs vegar um landið frá árinu 2010.<sup>41</sup>


Það skiptir augljóslega miklu máli fyrir íbúana hvernig verð fasteigna þróast auk þess sem sú þróun gefur vísbendingar um þróun í staðbundnu hagkerfi. Heildarmat fasteigna á nokkrum stöðum, sem sýnt er á mynd 7.3.2, gefur vísbendingar um fasteignaverð og heildarstærð fasteigna á hverjum stað og hvernig það hefur þróast frá 2014 til 2016. Matið er hæst í eftirsóttum hverfum Reykjavíkur en meðalmatið í Reykjavík er svipað og í Kópavogi, heldur hærra en í Efri-Brekkunni á Akureyri. Þar á eftir fylgja Vestmannaeyjar og Akranes. Þá í Keflavík þar sem matið hefur farið mjög hækkanði eins og á Selfossi, Sauðárkróki og Siglufirði. Matið hefur raunar hækkað á öllum stöðum sem skoðaðir voru nema í Grindavík, Grundarfirði, nýrri byggð á Ísafirði og á Hólmavík og það stendur nánast í stað á Blönduósi og í Neskaupstað. Breytingin frá 2015 og 2016 sést á mynd 7.3.3, að matið hefur lækkað í Grindavík, á Blönduósi og á Hólmavík en á Hólmavík hafði matið hækkað mikið á árunum á undan, um 67% frá 2009 til 2012.

Athyglisvert er að fasteignamatið hækkar mikið á höfuðborgarsvæðinu og nálægum stöðum þar sem það lækkaði mest á árabílinu frá 2009 til 2012.


Þegar horft er á mishátt fasteignamat eftir því hvar á landinu eignin er staðsett ber að hafa í huga að byggingarkostnaður

er að líkindum svipaður um land allt, þó trúlega hærra úti á landi ef eitthvað er. Hins vegar eru lóðir mun dýrari á höfuðborgarsvæðinu en í öðrum landshlutum, þó misjafnt sé eftir stöðum.

Mynd 7.3.2 Heildarmat fasteignaverðs 2014-2016




Mynd 7.3.3 Hlutfallsbreyting heildarmats fasteigna frá 2015 til-2016



<sup>41</sup> [www.byggdastofnun.is/is/utgefing-efni/grof-og-skrar](http://www.byggdastofnun.is/is/utgefing-efni/grof-og-skrar)




### Mynd 7.3.4 Samanburður á fasteignagjöldum 2014, 2015 og 2016



Fasteignagjöld hafa hækkað frá 2014 til 2016 á flestum þeim stöðum sem skoðaðir voru eins og sést á töflu 7.3.4. Hækkunin hefur þó ekki verið þar sem gjöldin voru hæst 2014, á Grindarfirði og Húsavík, heldur á þeim næstir komu, í Borgarnesi og Keflavík þar sem gjöldin voru hæst 2016. Litlu lægri voru gjöldin 2016 á Grindarfirði, Húsavík, í Stykkishólmi og Þingholtum í Reykjavík.

Tafla 7.3.5 sýnir samanburð á fasteignagjöldum og fasteignamati, hvar matið er hátt í samanburði við fasteignagjöldin. Gjöldin eru hæst í Borgarnesi þar sem fasteignamatið er aðeins þriðjungur af matsverði fasteigna í Þingholtunum í Reykjavík. Fasteignagjöld þar eru þó lægri en í Borgarnesi. Samanburðurinn lýsir ósamræmi milli fasteignamats og fasteignagjalda. Sveitarfélögin ráða álagningarhlutfalli gjaldanna og mörg sveitarfélög með lágt fasteignamat setja álagningarprósentu sem nálgast hámark en sveitarfélög þar sem fasteignamatið er hátt eru hófsamari. Þannig má segja að fasteignagjöld séu víða hærri þar sem fasteignaverð er lágt.

### Mynd 7.3.5 Samanburður á fasteignagjöldum og heildarmati fasteigna 2016



## 7.4 Annar iðnaður

Þegar borið er saman heildarverðmæti seldra framleiðsluvara á árunum 2007 til 2012 sést umtalsverður árlegur vöxtur í verðmætum talið. Lækkun á gengi íslensku krónunnar kemur að vísu greinilega fram á milli 2007 og 2009.


Verðmæti í iðnaði öðrum en framleiðslu málma, matvæla og drykkjarvöru, þar með talinni framleiðslu sjávarafurða, hefur vaxið síðustu þrjú árin eftir lækkun á árinu 2009. Verðmæti framleiddra málma óx mikið vegna framleiðsluaukningar á árunum 2007 til 2010 en hefur síðan lækkað vegna lækkunar á verði afurða. Verðmæti framleiddra matvæla hefur vaxið jafnt og þétt og munar þar væntanlega mest um sjávarafurðir (sjá kafla 7.2).

Ef horft er á verðmæti vara annarra en málma og matvæla- og drykkjarvöru er greinilegt að vöxtur eða lítil breyting er í flestum greinum með undantekningum í flokki 23, framleiðslu á vöru úr málmlausum steinefnum og flokki 33, viðgerðum og uppsetningu vélbúnaðar og tækja. Breytingu á þessum tveimur liðum má ekki síst rekja til samdráttar eftir miklar framkvæmdir víða um land fyrir hrun og í tengslum við virkjanir og álver á Austurlandi. Hástökkvarar í verðmæti er 20/21, framleiðsla á efnamálum og


efnavörum, þ.m.t. lyfjum, 26/27 framleiðsla á tölvu-, rafeinda- og optískum vörum; rafbúnaði og 28, framleiðsla á vélum og tækjum hins vegar. Aukning lyfjaframleiðslu, starfsemi Becromal á Akureyri og aukin starfsemi hjá fyrirtækjum svo sem Marel og Össuri vega hér þyngst. Ofangreindar greinar hafa dafnað vel vegna aukinnar samkeppnishæfni með lækkun gengis krónunnar. Fyrirtæki í þessum tveimur greinum eru einkum staðsett á höfuðborgarsvæðinu og því gætir áhrifa af vexti mest þar en Becromal er að sjálfsögðu undantekning, enda staðsett á Akureyri með tilheyrandi áhrifum þar.

### Stóriðja

Eins og kemur fram á mynd hér að ofan varð mikil aukning í verðmæti frá 2007 til 2010, einkum vegna aukningar í framleiðslu með tilkomu Alcoa Fjarðaáls. Frá 2010 hefur verðmæti framleiddra málma dregist nokkuð saman vegna lækkunar á verði afurða í kjölfar kreppunnar. Verðlækkunin hefur þó tiltölulega lítil áhrif á starfsemi fyrirtækjanna og þar með fjölda starfa, þar sem þau kaupa raforku samkvæmt langtíma samningum og leitast auk þess við að halda sem stöðugastri framleiðslu vegna eðlis starfseminnar. Hlutfall verðmæta framleiddra málma af heildarverðmæti allrar iðnaðarframleiðslu hefur breyst nokkuð þessi ár og fer lækkandi eins og er. Annars vegar vegna fyrrgreindrar lækkunar á verði málmafurða og hins vegar vegna aukningar í verðmæti afurða annarra greina og þar vega sjávarafurðir þyngst.




**Mynd 7.4.2 Heildarverðmæti seldra framleiðsluvara annarra en matvæla og málma**



Árið 2012 námu gjaldeyristekjur þjóðarinnar vegna útflutnings á áli 226 milljörðum króna. Það ár nam heildarkostnaður álveranna innanlands tæplega 45% af rekstrartekjum þeirra, eða um 100 milljörðum króna. Stóriðjufyrirtæki eru fjölmennir vinnustaðir og raunar líka fyrirtæki sem þjónusta þau. Hjá fyrirtækjum í íslenskum áliðnaði starfa um 2.100 manns. Samkvæmt mati Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands má gera ráð fyrir að starfamargfaldari áliðnaðarins sé 1,4. Miðað við það hafa um 5.000 manns framfæri sitt af álframleiðslu með beinum hætti.<sup>42</sup> Hjá Rio Tinto í Straumsvík var ársveltan árið 2012 um 54 milljarðar króna og starfsmannafjöldinn 503, hjá stóriðjufyrirtækjum á Grundartanga var samanlögð velta árið 2012 um 81 milljarðar króna og starfsmannafjöldinn 770. Hjá Alcoa Fjarðaáli á Reyðarfirði var ársveltan 2012 um 99 milljarðar króna og starfsmenn 535<sup>43</sup> og hjá vélsmiðjunni VHE á Reyðarfirði, sem þjónustar Alcoa Fjarðaál, eru tæplega 200 starfsmenn<sup>44</sup>.

**Mynd 7.4.3 Heildarverðmæti framleiddra málma og hlutfall af heildarverðmæti allrar framleiðslu í landinu**



<sup>42</sup> [www.samal.is/hagkerfid/](http://www.samal.is/hagkerfid/)

<sup>43</sup> Heimur, Frjáls verslun, Reykjavík 2013: 300 stærstu

<sup>44</sup> Morgunblaðið, Reykjavík, 6.1.2013, [www.mbl.is/frettir/innlent/2013/01/06/umsvifin\\_aukast\\_a\\_reydarfirði/](http://www.mbl.is/frettir/innlent/2013/01/06/umsvifin_aukast_a_reydarfirði/)

## 8 Frumvinnsla




### 8.1 Landbúnaður

#### Fjöldi bújarða og landnýting

Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands voru bújarðir, þ.e. býli þar sem stundaður er landbúnaður, samtals 2952 á Íslandi árið 2010. Ríflega fjórðungur þessara bújarða er á Suðurlandi á meðan ein af hverjum átján eru á Vestfjörðum þar sem eru fæstar bújarðir landshlutanna fyrir utan höfuðborgarsvæðið og Suðurnes (mynd 8.1.1). Næst á eftir Vestfjörðum kemur Austurland með ríflega eina af hverjum tíu bújörðum og næstar í röðinni eru Vesturland, Norðurland eystra og Norðurland vestra þar sem hlutfallsleg aukning í fjölda bújarða er um 20% á milli þessara fjögurra landshluta.

Land sem nýtt er fyrir landbúnaðarstarfsemi utan afrétta á Íslandi er tæplega 1.6 milljón hektarar, 15,4% af flatarmáli Íslands. Mynd 8.1.2 sýnir landnýtingu fjögurra helstu landnýtingarflokkanna, kornrækt (0,33%), tún alls (6,9%), grænfóður (0,24%), engi og úthagi (92%) og samanlagðir aðrir minni landnýtingarflokkar (0,22%) eru hafðir undir fimmta floknum. Hlutfallstölurnar í svigunum tákna hér flatarmál landnýtingarflokks af heildar flatarmáli nýttts lands, sem þýðir að 92% alls nýttts landbúnaðarlands utan afréttar eru engi og úthagi sem nýtt eru til beitar. Tún að meðtöldum nýræktum eru hins vegar tæp 7%. Af skiptingu milli landshluta er helst greinilegt að helming alls lands sem nýtt er undir kornrækt er að finna á Suðurlandi. Einnig er sama hlutfall samanlagðra minni landnýtingarflokka, s.s. hvíldarlands, fóðurrófna, kartaflna og grænmetis, að finna á Suðurlandi.

Þegar skoðuð er meðalstærð nýttts lands bújarða eftir landshlutum kemur í ljós að bújarðir á Austurlandi hafa að jafnaði mun stærra landsvæði sem nýtt er undir landbúnað en bújarðir í öðrum landshlutum






(mynd 8.1.3). Að frátöldu höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum eru hins vegar bújarðir á Suðurlandi að meðaltali þær sem minnst nýtt landsvæði hafa undir landbúnað.

### Fjöldi búpenings

Talsverðar breytingar hafa átt sér stað í fjölda búpenings á tímabilinu 1980 til 2013 (mynd 8.1.6). Þar er áberandi sú öra fækkun á sauðfé sem átti sér stað frá 1980 til 1992 þegar fjöldinn fór niður fyrir hálf milljón eftir rúmlega 40% fækkun. Einnig má nefna helmings fækkun varphænsna frá 1986 til 1994 og tæplega helmings fjölgun hrossa frá 1985 til 1996 þó einnig megi sjá nokkuð skarpa fækkun hrossa frá 1999 til 2000 (rúm 4%) og svo aftur milli 2012 og 2013 (rúm 6%). Þá má greina mikið ris í fjölda minka og refa á miðjum níunda áratuginum með snöggrri fækkun í kjölfarið áður en jafnvægi komst á. Fjöldi refa hefur þó jafnt og þétt farið minnkandi frá 1997 og eru nær alveg horfnir af sjónarsviðinu eftir árið 2007. Á þessu tímabili hefur nautgripum fjölgað um tæpan fimmtung og fjöldi svína hefur ríflega tvöfaldast.

Ef skoðaður er fjöldi búpenings frá 1998 til 2013 eftir landshlutum (myndir frá 8.1.4 til 8.1.11) sjást nokkur einkenni landshlutanna og breytingar þessarar sextán ára.




Gróflega má segja að helstu breytingarnar séu fækkun refsins niður í ekki neitt, fjölgun varphænsna á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum, fjölgun minks á Suðurlandi og Norðurlandi vestra en minnkun á Austurlandi, fækkun sauðfjár á Suður- og Vesturlandi en aukning á Norðurlandi vestra, fjölgun svína á Vesturlandi en fækkun á Suðurlandi og höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum. Töluverðar sveiflur í fjölda búpenings hafa líka átt sér stað innan þessa tímabils,





sérstaklega í fjölda minka á Suðurlandi, Norðurlandi vestra og Austurlandi, fjölda hrossa á Suðurlandi og Norðurlandi vestra og fjölda svína á Suðurlandi, höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum.

Fjöldi nautgripa er mestur á Suðurlandi, ríflega helmingi meiri en á Norðurlandi eystra sem er með næst flesta nautgripi. Höfuðborgarsvæðið og Suðurnes og Vestfirðir eru hins vegar með fæsta nautgripi. Sauðfé er flest á Norðurlandi vestra og þar á eftir fylgja Suðurland, Vesturland, Norðurland eystra og Austurland. Sauðfé er langfæst á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum. Hross eru flest á Suðurland, rúmlega þriðjungji fleiri en á Norðurlandi vestra þar sem þau eru næst flest. Fæst hross eru á Vestfirðum. Svín eru flest á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum en um fimmtungi færri og næst flest á Suðurlandi. Vesturland og Norðurland eystra koma næst með um helmingi færri svín en á Suðurlandi. Varphænsn eru lang flest á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum, en svolítill fjöldi varphænsna er einnig á Suðurlandi, Norðurlandi eystra og Austurlandi. Minkar eru flestir á Suðurlandi og Norðurlandi vestra en einnig í um átta sinnum minna mæli á Austurlandi, Norðurland eystra og höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum.


Tilfærslur í landbúnaði má einnig sjá hér á eftir á samanburði yfir greiðslumark sauðfjár og mjólkur fyrir árin 2010 og 2015.






## Sauðfjársvæði og afurðastöðvar

Sauðfjarrækt er stunduð víða um land en stendur þó sterkast á Norðurlandi vestra, Vesturlandi og Suðurlandi eins og sést á mynd 8.1.12. Afurðastöðvar, sláturhús, eru staðsettar í þessum landshlutum en þó er engin á Vesturlandi né Vestfjörðum. Á Norðurlandi vestra eru 3 stöðvar, 2 á Norðurlandi eystra, 1 á Austfjörðum og 2 á Suðurlandi auk lítills handverkssláturhúss.



## Nautgripabú og mjólkurvinnslustöðvar

Mjólkurvinnslustöðvar eru 6, auk lítilla stöðva í Reykjavík og á Bolungarvík. Þær eru í Búðardal, á Hvammstanga, Sauðárkróki, Akureyri, Egilsstöðum, Selfossi og í Reykjavík. Meginsvæði búa með mjólkurkúr eru á vestanverðu Suðurlandi, í Skagafirði og í Eyjafirði.





## Greiðslumark sauðfjár og mjólkur eftir sveitarfélögum

Greiðslumark sauðfjár er mest í Húnaþingi vestra, Fljótsdalshéraði og sveitarfélaginu Skagafirði á árinu 2015 (mynd 8.1.14). Sjö sveitarfélög eru ekki skráð með neitt greiðslumark sauðfjár á árinu 2015 en það eru Vestmannaeyjar, Tálknafjörður, Akraneskaupstaður og önnur sveitarfélög staðsett á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum.

Mesta hlutfallslega aukningin í greiðslumarki sauðfjár milli 2010 og 2015 er í sveitarfélaginu Árborg, Grindavíkurbæ, Fjallabyggð og sveitarfélaginu Ölfusi (mynd 8.1.16). Hlutfallslega er mesti samdráttur greiðslumarks sauðfjár í Sandgerðisbæ,

Reykjavíkurborg, Mosfellsbæ og í Stykkishólmsbæ. Þess ber þó að geta að tiltölulega fá ærgildi liggja á bak við tölurnar hér að ofan þar sem hlutfallslega breytingin er hvað mest, til aukningar eða skerðingar, vegna þess hversu lítið greiðslumarkið er í viðkomandi sveitarfélögum. Ef talin



### Skýringar

**Greiðslumark mjólkur** er ákveðið magn mjólkur mælt í lítrum sem ákveðið er fyrir hvert lögbýli og veitir rétt til beingreiðslu úr ríkissjóði. Heildargreiðslumark mjólkur er ákveðið árlega með útgáfu reglugerðar og fyrir árið 2015 er það 140 milljónir lítra. Heildarupphæð beingreiðslna til framleiðenda mjólkur er ákveðin í fjárlögum á grundvelli samnings ríkisins við Bændasamtök Íslands frá 10. maí 2004 um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu og samkomulagi um breytingar á þeim samningi þann 20. desember 2007, 18. apríl 2009, og síðast 28. september 2012. Beingreiðslur ársins 2015 til framleiðenda mjólkur eru 5.537,7 m.kr., sem nemur greiðslu á hvern lítra mjólkur kr. 39,6.

**Greiðslumark sauðfjár** er tiltekinn fjöldi ærgilda, sem ákveðið er fyrir hvert lögbýli og veitir rétt til beingreiðslu úr ríkissjóði. Heildargreiðslumark sauðfjárafurða er nú 368.457 ærgildi. Heildarupphæð beingreiðslna til framleiðenda sauðfjárafurða er tiltekin fjárhæð ákveðin í fjárlögum á grundvelli samnings ríkisins við Bændasamtök Íslands frá 25. janúar 2007 um starfsskilyrði sauðfjárræktar og samkomulagi um breytingu á þeim samningi þann 18. apríl 2009 og síðar 28. september 2012. Beingreiðslur ársins 2015 til framleiðenda sauðfjárafurða eru 2.535 m.kr. sem nemur greiðslu á hvert ærgildi kr. 6.880.




eru upp þau sveitarfélög sem hafa aukið mest við sig í ærgildum talið eru það Sveitarfélagið Skagafjörður, Strandabyggð, Svalbarðshreppur og Húnavatnshreppur, öll með meira en fimmhundrað ærgilda aukningu. Þau sveitarfélög sem hafa tapað flestum ærgildum eru Þingeyjarsveit, Fljótsdalshérað og Rangárþing eystra, sem öll hafa tapað meira en fimmhundrað ærgildum. Áberandi í þessum hópum er Sveitarfélagið Skagafjörður sem bætir við sig tæpum fjórtánhundrað ærgildum og Þingeyjarsveit sem tapar tæpum þrettánhundrað ærgildum.

Greiðslumark mjólkur er mest í Rangárþingi eystra, Eyjafjarðarsveit, sveitarfélaginu Skagafirði og Borgarfjarðarbyggð á árinu 2015 (mynd 8.1.15). Tuttugu og þrjú sveitarfélög eru ekki með neitt greiðslumark mjólkur skráð á árinu 2015. Flest af þeim eru á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum en önnur áberandi


greiðslumarkslaus svæði eru norðan- og austanverðir Vestfirðir (Kaldrananeshreppur, Árneshreppur og Strandabyggð), í kringum Langanes (Langanesbyggð og Svalbarðshreppur), Borgarfjarðarhreppur, Fljótsdalshreppur, Fjallabyggð og Tálknafjarðarhreppur.

Mesta hlutfallslega aukningin í greiðslumarki mjólkur milli 2010 og 2013 er í Djúpavogshreppi, Akrahreppi, Norðurþingi og Blönduósbæ (mynd 8.1.17). Einungis tvö sveitarfélög minnka við sig í greiðslumarki mjólkur, sem eru Reykhólahreppur og Skorradalshreppur. Þau sveitarfélög sem aukið hafa mest við sig greiðslumarki mjólkur í lítrum talið eru sveitarfélagið Skagafjörður, Eyjafjarðarsveit, Rangárþing eystra og Skeiða- og Gnúpverjahreppur, öll með meira en eða um tvö þúsund tonna aukningu. Skerðingin er hins vegar mest í Reykhólahreppi, rúm tvöhundrað tonn.

2016.08.29 (EÖH)



2016.08.29 (EÖH)



**Tafla 8.1.18 Greiðslumark mjólkur og sauðfjár 2010 og 2015**

Númer	Sveitarfélag	Greiðslumark mjólkur			Greiðslumark sauðfjár		
		2010	2015	Breyting	2010	2015	Breyting
0000	Reykjavíkurborg	194.406	234.125	20,4%	255,6	106,0	-58,5%
1000	Kópavogsbær	0	0	0,0%	15,4	15,0	-2,6%
1100	Seltjarnarneskaupstaður	0	0	0,0%	0,0	0,0	0,0%
1300	Garðabær	0	0	0,0%	117,0	116,0	-0,9%
1400	Hafnarfjarðarkaupstaður	0	0	0,0%	0,0	0,0	0,0%
1604	Mosfellsbær	146.310	176.202	20,4%	175,8	126,0	-28,3%
1606	Kjósarhreppur	1.045.493	1.190.887	13,9%	1.729,3	2.030,0	17,4%
2000	Reykjanesbær	0	0	0,0%	0,0	0,0	0,0%
2300	Grindavíkurbær	0	0	0,0%	86,0	135,0	57,0%
2503	Sandgerðisbær	0	0	0,0%	67,6	20,0	-70,4%
2504	Sveitarfélagið Garður	0	0	0,0%	0,0	0,0	0,0%
2506	Sveitarfélagið Vogar	0	0	0,0%	17,7	18,0	1,7%
3000	Akraneskaupstaður	0	0	0,0%	0,0	0,0	0,0%
3506	Skorradalshreppur	133.562	111.675	-16,4%	558,0	598,0	7,2%
3511	Hvalfjarðarsveit	2.112.794	2.544.453	20,4%	4.749,9	4.957,0	4,4%
3609	Borgarbyggð	8.129.636	9.137.534	12,4%	20.381,6	20.093,0	-1,4%
3709	Grundarfjarðarbær	362.127	436.113	20,4%	485,0	414,0	-14,6%
3710	Helgafellssveit	205.175	247.093	20,4%	1.470,1	1.520,0	3,4%
3711	Stykkishólmsbær	0	0	0,0%	220,6	177,0	-19,8%
3713	Eyja- og Miklaholtshreppur	770.435	949.476	23,2%	1.996,4	1.996,0	0,0%
3714	Snæfellsbær	1.094.544	1.256.206	14,8%	1.238,7	1.179,0	-4,8%
3811	Dalabyggð	1.770.966	2.024.111	14,3%	24.132,1	23.895,0	-1,0%
4100	Bolungarvíkurkaupstaður	104.819	126.235	20,4%	344,7	329,0	-4,6%
4200	Ísafjarðarbær	1.155.760	1.364.746	18,1%	6.603,6	6.535,0	-1,0%
4502	Reykholahreppur	1.036.985	828.162	-20,1%	6.020,7	6.270,0	4,1%
4604	Tálknafjarðarhreppur	0	0	0,0%	0,0	0,0	0,0%
4607	Vesturbyggð	814.719	849.738	4,3%	4.822,6	4.773,0	-1,0%
4803	Súðavíkurhreppur	177.900	195.941	10,1%	2.242,3	2.117,0	-5,6%
4901	Árneshreppur	0	0	0,0%	2.348,7	2.350,0	0,1%
4902	Kaldrananeshreppur	0	0	0,0%	1.193,6	1.195,0	0,1%
4911	Strandabyggð	0	0	0,0%	10.787,1	11.555,0	7,1%
5200	Sveitarfélagið Skagafjörður	8.875.850	11.635.008	31,1%	26.533,9	27.914,0	5,2%
5508	Húnaþing vestra	2.558.732	3.163.224	23,6%	30.605,9	30.800,0	0,6%
5604	Blönduósibær	288.514	400.466	38,8%	1.442,0	1.643,0	13,9%
5609	Sveitarfélagið Skagaströnd	0	0	0,0%	44,9	45,0	0,2%
5611	Skagabyggð	956.566	1.219.960	27,5%	3.967,9	3.929,0	-1,0%
5612	Húnavatnshreppur	2.712.617	3.224.716	18,9%	19.901,4	20.432,0	2,7%
5706	Akrahreppur	2.182.869	3.050.032	39,7%	4.119,6	4.125,0	0,1%
6000	Akureyrarkaupstaður	0	0	0,0%	39,0	39,0	0,0%




6100	Norðurþing	411.585	573.013	39,2%	16.136,5	15.875,0	-1,6%
6250	Fjallabyggð	0	0	0,0%	198,3	301,0	51,8%
6400	Dalvíkurbyggð	3.906.693	4.211.840	7,8%	2.653,9	2.946,0	11,0%
6513	Eyjafjarðarsveit	9.756.293	12.116.818	24,2%	3.179,3	3.355,0	5,5%
6515	Hörgársveit	5.072.576	6.172.906	21,7%	4.952,5	5.129,0	3,6%
6601	Svalbarðsstrandarhreppur	2.161.530	2.796.917	29,4%	215,8	216,0	0,1%
6602	Grýtubakkahreppur	1.132.104	1.363.397	20,4%	3.975,1	4.297,0	8,1%
6607	Skútustaðahreppur	702.770	846.353	20,4%	4.488,6	4.049,0	-9,8%
6611	Tjörneshreppur	197.438	260.175	31,8%	1.433,7	1.433,0	0,0%
6612	Þingeyjarsveit	5.970.179	6.720.093	12,6%	15.859,7	14.599,0	-7,9%
6706	Svalbarðshreppur	0	0	0,0%	7.240,6	7.896,0	9,1%
6709	Langanesbyggð	0	0	0,0%	4.790,2	5.053,0	5,5%
7000	Seyðisfjarðarkaupstaður	132.467	170.349	28,6%	696,1	695,0	-0,2%
7300	Fjarðabyggð	208.577	256.612	23,0%	4.855,3	4.828,0	-0,6%
7502	Vopnafjarðarhreppur	735.041	885.214	20,4%	6.249,1	6.152,0	-1,6%
7505	Fljótisdalshreppur	0	0	0,0%	5.581,9	5.660,0	1,4%
7509	Borgarfjarðarhreppur	0	0	0,0%	2.825,0	2.701,0	-4,4%
7613	Breiðdalshreppur	339.403	408.746	20,4%	2.810,5	2.557,0	-9,0%
7617	Djúpavogshreppur	334.689	578.890	73,0%	5.618,7	5.484,0	-2,4%
7620	Fljótisdalshérað	3.194.436	3.518.474	10,1%	26.803,0	25.808,0	-3,7%
7708	Sveitarfélagið Hornafjörður	1.923.677	2.459.085	27,8%	12.996,4	13.390,0	3,0%
8000	Vestmannaeyjabær	0	0	0,0%	0,0	0,0	0,0%
8200	Sveitarfélagið Árborg	1.552.479	1.846.114	18,9%	123,2	233,0	89,1%
8508	Mýrdalshreppur	1.344.839	1.479.703	10,0%	3.653,2	3.261,0	-10,7%
8509	Skafthreppur	2.097.689	2.649.264	26,3%	16.687,9	16.365,0	-1,9%
8610	Ásahreppur	654.224	756.529	15,6%	1.216,5	1.257,0	3,3%
8613	Rangárþing eystra	12.179.611	14.495.068	19,0%	10.766,0	10.131,0	-5,9%
8614	Rangárþing ytra	3.988.972	4.828.100	21,0%	7.055,6	6.609,0	-6,3%
8710	Hrunamannahreppur	5.060.772	6.353.840	25,6%	3.640,8	3.553,0	-2,4%
8716	Hveragerðisbær	10.489	12.632	20,4%	29,9	30,0	0,3%
8717	Sveitarfélagið Ölfus	187.239	249.465	33,2%	979,4	1.274,0	30,1%
8719	Grímsnes- og Grafningshreppur	412.501	496.777	20,4%	2.806,9	2.416,0	-13,9%
8720	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	6.557.402	8.397.473	28,1%	2.847,9	2.770,0	-2,7%
8721	Bláskógabyggð	3.779.333	4.241.483	12,2%	4.429,2	4.591,0	3,7%
8722	Flóahreppur	5.414.220	6.489.211	19,9%	1.945,5	2.196,0	12,9%

Heimild: Bændasamtök Íslands, Matvælastofnun

## 8.2 Fiskveiðar

Heita má að heildarafli tegunda, annarra en uppsjávarfisks, hafi minnkað jafnt og þétt á árunum 1992 til 2011. Nokkur aukning varð á árunum 2012 og 2013 og þar vegur aukning í þorskafla þyngst. Afli uppsjávartegunda hefur sveiflast mjög mikið á sama tímabili en veruleg aukning varð á milli árunna 2010 og 2012 og gætti áhrifa hennar hvað mest á Austurlandi og Suðurlandi eins og áður hefur komið fram. Samdráttur varð í heildarafli uppsjávartegunda á árinu 2013.

Ef afli tegunda, annarra en uppsjávartegunda, er skoðaður kemur berlega í ljós mikilvægi fjögurra helstu nytjastofnanna, það er þorsks, ýsu, ufsa og karfa. Afliinn hefur sem fyrr segir minnkað jafnt og þétt og samdráttur í ýsu verið hvað mestur á seinustu árum. Af einstökum tegundum vegur þorskurinn langþyngst og því er aukning í aflaheimildum þorsks afar mikilvæg fyrir sjávarútveginn og efnahag landsmanna almennt. Skipting á veiðum helstu nytjategundanna fjögurra eftir landshlutum (miðað við heimahöfn skips) er hlutfallslega nokkuð stöðug eins og sjá má á mynd 8.2.3. Því má ætla að samdráttur




eða aukning í veiðum þessara tegunda hafi svipuð áhrif á útgerðir er stunda þessar veiðar í öllum landshlutum.


Afla þorsks má sjá sérstaklega á mynd 8.2.4. Þar virðast koma fram svipuð hlutföll í afla eftir landshlutum og á mynd 8.2.3, enda voru mestu breytingar samfara upptöku aflamarkskerfisins komnar fram fyrir þennan tíma.

Samanburður á afla tegundanna fjögurra annars vegar og verkun hins vegar gefur til kynna vísbendingar um að áhrifa af samdrætti eða aukningu á vinnsluþáttinn muni gæta mismikið eftir landshlutum í ljósi þess að nokkur tilflutningur er á afla, annað hvort með löndun í öðrum landshluta en þar sem skip er skráð eða með flutningi afla eftir löndun. Tölur gefa þó einingis vísbendingar og þær þarf að skoða í því ljósi. Á mynd 8.2.5 kemur fram að yfir 50 þúsund tonn koma á land eða eru flutt af skipum úr öðrum landshlutum til höfuðborgarsvæðisins og yfir 10 þúsund tonn til Suðurnesja og Norðurlands vestra. Á móti kemur flutningur frá Vestfjörðum, Norðurlandi eystra, Austurlandi og Suðurlandi. Mestur afli þorsks, ýsu, ufsa og karfa kemur þó af skipum skráðum á Vesturlandi, eða yfir 30 þúsund tonn.


**Mynd 8.2.4 Þorskaflí eftir landshlutum miðað við heimahöfn skips 1992-2013**



**Mynd 8.2.5 Munur á aflamagni og verkunarmagni eftir heimahöfn skips og verkunarsvæði þorsks, ýsu, ufsa og karfa 1992-2013**



**Mynd 8.2.6 Afli uppsjávartegunda eftir landshlutum miðað við heimahöfn skips 1992-2013**






Heildarafla uppsjávar-  
tegunda eftir landshlutum  
miðað við heimahöfn skips  
má sjá á mynd 8.2.6. Einna  
helst gefur hún til kynna  
sveiflur í uppsjavarveiðum  
en þó einnig tilfærslu á  
uppsjavarveiðum frá  
Suðurnesjum á árunum  
1997-2006. Enn fremur má  
sjá verulegan viðsnúning til  
hins betra í uppsjavarveiðum  
árin 2011-2012 en samdrátt  
2013.

Á mynd 8.2.7 má sjá að  
samdrátturinn skýrist af  
samdrætti í loðnuveiðum á  
árinu 2013 og einnig að  
loðnan vegur langþyngst í  
heildartölum afla. Hins vegar  
kemur einnig fram að hlutur  
makrils er vaxandi á síðustu  
árum.

Þegar veiðar og vinnsla á  
makríl eru skoðuð  
sérstaklega kemur glögg í  
ljós hversu mikilvæg þessi  
tegund er orðin í  
sjávarútvegi landsmanna, þó  
augljóslega misjafnt eftir  
landshlutum. Afli á makríl  
hefur á örfáum árum vaxið  
úr engu upp í um 150 þúsund  
tonn, það er yfir 17% af  
heildarafla uppsjavarfisks.  
Uppistaða aflans kemur í  
flotvörpu eins og sjá má á  
mynd 8.2.8. Hlutur  
handfæraveiða á makríl er  
hlutfallslega lítill en hefur þó  
vaxið úr 8 tonnum í yfir 4.700  
tonn á fimm árum.

Ef afli er skoðaður út frá  
heimahöfn skips má sjá að  
skip þriggja landshluta,






Suðurlands, Austurlands og Norðurlands eystra, landa stærstum hluta aflans en hlutur höfuðborgar-svæðisins fer þó stækkandi.

Stór hluti aflans hefur verið frystur frá árinu 2010 og á mynd 8.2.10 má sjá frystingu eftir landshlutum. Austurland og Suðurland skera sig mjög úr hvað varðar fryst magn makríls. Hlutur Vestfjarða og Norðurlands vestra sést varla. Svæðisbundið mikilvægi uppsjávarafla kemur vel fram á mynd 8.2.6 og 8.2.10 og líka á kortinu á mynd 8.2.11 og þar sést líka staðbundið mikilvægi. Höfuðborgarsvæðið, Vestfirðir og Norðurland vestra eru án veiða á uppsjávartegundum en þær eru mikilvægar fyrir marga staði á Austfjörðum. Á Suðurlandi eru þær mjög mikilvægar í Vestmannaeyjum og í minna mæli á Höfn. Á Norðurlandi eystra eru þessar veiðar bundnar við Þórshöfn og við Akranes á Vesturlandi. Þó háttar svo til á Vesturlandi að þar eru makrílveiðar smábátum mikilvægar í Snæfellsbæ. Þessar veiðar eru líka talsverðar á smábátum frá höfnum á Suðurnesjum og þó í minna mæli sé á Ströndum hafa þær staðbundið mikilvægi.


### Aflamark Byggðastofnunar

Fiskvinnsla hefur lagst að miklu leyti af í sumum rótgrónum sjávarplássum en átt í erfiðleikum í öðrum. Þessar breytingar hafa



óhjákvæmilega haft mjög neikvæð áhrif á flest þessara samfélaga og íbúabróun orðið neikvæð. Reynt hefur verið að koma til móts við hagsmuni byggðarlaganna með byggðakvóta og nú hin síðari ár með strandveiðum. Skiptar skoðanir eru um ágæti þessara aðgerða og efasemdir komið fram um að þær komi byggðunum að tilætluðu gagni.

Unnið er að úttekt á þessum byggðaaðgerðum og á þeirri vinnu að ljúka fyrir árslok 2015. Með bráðabirgðaákvæði í lögum um stjórn fiskveiða árið 2013 var búinn til sérstakur kvótapottur sem



Byggðastofnun hefur til ráðstöfunar til að styðja illa settar sjávarbyggðir með sérstökum heimildum, ríflega 4.000 þorskígildistonn á fiskveiðiárinu 2015/2016. Markmið Byggðastofnunar með úthlutun á þessum heimildum er að hvetja hagsmunaaðila í sjávarútvegi á hverjum stað til samstarfs um veiðar og vinnslu og hafa þannig jákvæð áhrif á viðkomandi samfélög. Byggðastofnun er með samninga við aðila í tíu sjávarbyggðum. Bundnar eru vonir við að þetta fyrirkomulag skili markvissum árangri en jákvæðar vísbendingar eru um það að afloknum fiskveiðiárunum 2013/2014 og 2014/2015.




### 8.3 Fiskeldi

Fiskeldi er ung atvinnugrein á Íslandi en hefur gengið í gegnum miklar sveiflur síðust þrjá áratugi. Fyrsta fiskeldisstöðin á Íslandi var stofnuð árið 1950 en mikill uppgangur varð í greininni upp úr 1980, einkum í laxeldi.

Atvinnugreinin óx


hratt frá 1980 til 1990. Sem dæmi fjölgaði eldisstöðvum úr 40 árið 1984 í 102 í árslok 1986. Framleiðslan óx úr rúmum 100 tonnum upp í 2800 tonn árið 1990, aðallega af laxi en aðrar eldistegundir voru fyrst og fremst bleikja og regnbogasilungur. Greinin lenti síðan í miklu verðfalli á afurðum auk þess sem ýmis önnur vandamál s.s. sjúkdómar komu upp.<sup>45</sup> Á árunum 1990 til 2002 var landsframleiðslan árlega á bilinu 3000 til 4000 tonn en á því tímabili jókst hlutdeild bleikju á sama tíma og laxeldi dróst saman. Frá 2002 til 2006 jókst landsframleiðslan mikið, úr 3600 tonnum í tæplega 10.000 tonn og var framleiðsluaukningin aðallega á laxi en einnig af þorski. Frá 2007 til 2011 var landsframleiðslan rúm 5000 tonn, fyrst og fremst bleikja en einnig þorskur. Árið 2008 fór framleiðsla á laxi lægst innan við 300 tonn og var það minnsta eldismagn af laxi frá árinu 1986. Frá og með árinu 2012 hefur framleiðsla á laxi vaxið mikið og þar með heildarframleiðsla á eldisfiski. Árið 2012 jókst landsframleiðsla á laxi mjög, úr um 1000 tonnum í um 3000 tonn og með því jókst heildarframleiðsla af eldisfiski úr rúmum 5000 tonnum í tæp 8000 tonn. Á tímabilinu 2012 til 2015 jókst framleiðsla á laxi og bleikju mikið en eldi á öðrum tegundum dróst saman fyrir utan regnboga og senegalflúru sem byrjað var að framleiða árið 2015. Á þessu tímabili óx bleikjuframleiðsla stöðugt og endaði í tæpum 4000 tonnum í lok tímabilsins, laxaframleiðsla var á bilinu 3000-4000 árlega en heildarframleiðslan var frá tæpum 7000 tonnum í rúm 8000 tonn. Árið 2016 lítur síðan út fyrir að verða algert metár enda stefnir í 8000 tonna framleiðslu á laxi, 4200 tonna framleiðslu á bleikju, 2500 tonna framleiðslu á regnboga og 500 tonna framleiðslu á senegalflúru og heildarframleiðslan því í 14.700 tonn.<sup>46</sup>

Mynd 8.3.1 sýnir þróun á framleiddum eldisfiski í tonnum frá 1984 til 2015 auk varlega áætlaðra talna fyrir árið 2016. Þessi aukning er fyrst og fremst í sjóeldi og skiptist á milli tveggja landshluta, Vestfjarða og Austfjarða. Stór áform eru um aukið laxeldi á Vestfjörðum en þrír aðilar í rekstri, sem hafa nú þegar leyfi fyrir miklu eldi, hafa sótt um stækkun á núverandi leyfum upp í um 33.000 tonn. Einn aðili á Austfjörðum er í mikilli uppbyggingu, hefur leyfi til eldis á 11.000 tonnum og stefnir á fulla nýtingu á því innan fárra ára. Ástæða þess að sjóeldi byggist fyrst og fremst upp á Vestfjörðum og Austfjörðum er sú að aðrir firðir fyrir utan Eyjafjörð eru friðaðir fyrir eldi laxfiska af eldisstofni í sjókvíum. Þetta þýðir í raun að Faxaflói, Breiðafjörður, Húnaflói, Skagafjörður, Skjálfandi, Pistilfjörður og svæðið frá Fonti að



<sup>45</sup> [www.mast.is/library/Sk%C3%BDrslur/Arsskyrsladyralaeknisfisksjukdoma2015.pdf](http://www.mast.is/library/Sk%C3%BDrslur/Arsskyrsladyralaeknisfisksjukdoma2015.pdf)

<sup>46</sup> [www.lf.is/is/forsida-3](http://www.lf.is/is/forsida-3)



Glettinganesi eru friðuð og á þessum flóum, fjörðum og innfjörðum þeirra er kvíaelði bannað.<sup>47</sup> Þetta er sýnt á mynd 8.3.2.

Landeldi er fyrst og fremst á Suðurnesjum, Suðurlandi, í Þingeyjarsýslum og í Tálknafirði. Mikil uppbygging er á Suðurnesjum en milli Hafna og Grindavíkur er verið að ljúka uppbyggingu á gríðar stórra eldistöð fyrir senegalflúru á um 70.000 m<sup>2</sup>. Gert er ráð fyrir að stöðin muni framleiða um 2000 tonn af fiski. Stöðin verður stærsta sinnar tegundar í heiminum og er í eigu Norðmanna. Fleiri uppbyggingaráform eru í landeldi á Suðurnesjum en þau eru ekki komin eins langt. Gangi allar þessar áætlanir um stórfellda uppbyggingu eftir verður margföldun á framleiddu magni af eldisfiski og í veltu greinarinnar og mun leiða til nýrra starfa á Vestfjörðum, Suðurnesjum og Austurlandi.


<sup>47</sup> [www.fiskistofa.is/media/laxa\\_silungssvid/460-2004.pdf](http://www.fiskistofa.is/media/laxa_silungssvid/460-2004.pdf)

## 9 Stoðkerfi

### 9.1 Stoðkerfi atvinnuþróunar og nýsköpunar

Byggðastofnun hefur gert átta samninga um atvinnuráðgjöf á starfssvæði sínu.

Rekstrarform atvinnuráðgjafarinnar er nokkuð mismunandi en starfssvæði hennar fara saman við starfssvæði landshluta-



samtaka sveitarfélaga með einni undantekningu. Í samningunum er kveðið á um hlutverk atvinnuráðgjafarinnar en það er:

- Að skapa grundvöll um samstarf við byggðapróun í samræmi við stefnu Alþingis í byggðamálum með áherslu á búsetuskilyrði og samkeppnishæfni, nýsköpunar- og atvinnuþróunarstarf.
- Að samþætta áherslur ríkisins og sameiginlegar áherslur á starfssvæði félags, m.a. í samræmi við sóknaráætlun landshlutans.
- Uppbygging og gagnkvæm miðlun þekkingar, reynslu og hæfni á sviði atvinnu- og byggðapróunar milli samningsaðila.

Árið 2013 greiddi Byggðastofnun samtals 172 milljónir króna til atvinnuráðgjafarinnar, 172,4 árið 2014, 176,9 árið 2015 og árið 2016 gera fjárlög ráð fyrir að greiðslan verði 185,5 milljónir króna. Aðrir, einkum sveitarfélög, greiða einnig töluvert til atvinnuþróunarstarfseminnar og styðja hana með öðrum hætti. Fjármunir sem veittir voru með menningarsamningum sem mennta- og menningarmálaráðuneytið gerði við landshlutasamtök sveitarfélaga hafa verið felldir inn í fjárveitingu til sóknaráætlana landshluta og sérstakir menningarsamningar ekki gerðir frekar en sérstakir vaxtarsamningar. Árið 2013 greiddi ríkið samtals 207 milljónir til menningarsamninganna.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands<sup>48</sup> veitir margháttaðan stuðning við nýsköpun og frumkvöðlastarf víðs vegar um land, höfuðstöðvar í Reykjavík en starfsstöðvar á Ísafirði, Sauðárkróki, Akureyri, Húsavík, Egilsstöðum og Vestmannaeyjum.<sup>49</sup>

Matis veitir ráðgjöf og þjónustu til fyrirtækja í sjávarútvegi og landbúnaði<sup>50</sup> og hefur höfuðstöðvar í Reykjavík og starfsstöðvar á sunnanverðum Vestjörðum, Ísafirði, Sauðárkróki, Akureyri, Neskaupstað, Höfn og Vestmannaeyjum.<sup>51</sup>

<sup>48</sup> <http://nmi.is/>

<sup>49</sup> <http://nmi.is/um-okkur/starfsstoedvar/>

<sup>50</sup> <http://www.matis.is/um-matis-ohf/>

<sup>51</sup> <http://www.matis.is/um-matis-ohf/starfsstodvar/>

Þá er vert að nefna Rannsóknasetur Háskóla Íslands<sup>52</sup>, Háskólasetrin og þekkingarsetrin sem hafa starfsstövar víða um land og veita atvinnulífinu margháttaðan stuðning.

## 9.2 Áætlanir ríkisins og samþætting þeirra

Samþætting hinna ýmsu áætlana ríkisins hefur þótt eftirsóknarvert viðfangsefni og samþætting þeirra við áætlanir sveitarfélaga. Stýrihópur stjórnarráðsins um byggðamál, með fulltrúa allra ráðuneyta og Sambandi íslenskra sveitarfélaga, hefur síðustu misserin unnið að slíkri samþættingu þvert á ráðuneyti og á milli stjórnsýslustiga. Hann hefur í starfi sínu skilgreint byggðamál þannig: „*Byggðamál eru öll þau viðfangsefni sem hafa áhrif á lífsgæði og samkeppnishæfni landshluta, s.s. búsetu, atvinnu og nýsköpun. Þau snúa að eflingu samfélaga, félagsauðs, atvinnulífs, menntunar, menningar, velferðarmála, samgangna og fjarskipta.*“

Markmið með lögum nr. 69, 9. júlí 2015, um byggðaaætlun og sóknaráætlanir<sup>53</sup> er „*að efla byggðapróun og auka samráð milli ráðuneyta á sviði byggðamála, innan hvers landshluta og milli stjórnsýslustiga, jafnframt að færa til sveitarstjórna aukna ábyrgð á sviði byggða- og samfélagsþróunar*“. Í 2. grein laganna segir um stýrihóp stjórnarráðsins í byggðamálum: „*Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál er skipaður fulltrúum allra ráðuneyta og fulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Ráðherra byggðamála skipar fulltrúa í stýrihóp Stjórnarráðsins til þriggja ára eftir tilnefningu hvers ráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga.*“ Og: „*Hlutverk stýrihópsins er að efla samhæfingu innan Stjórnarráðsins í málefnum sem snúa að byggðamálum og tryggja virkt samráð við sveitarstjórnarstigið í þessum málaflokki.*“

Í 3. grein laganna segir um stefnumótandi byggðaaætlun: „*Ráðherra leggur fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaaætlun til sjö ára í senn.*“

Áætlunin skal lýsa stefnu ríkisins í byggðamálum hverju sinni og samhæfingu við aðra stefnumótun og áætlanagerð hins opinbera. Byggðaaætlun skal hafa að meginmarkmiði að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu, jafna lífskjör og stuðla að sjálfbærri þróun byggðarlaga um land allt. Sérstaka áherslu skal leggja á svæði sem búa við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf. Einnig skal gerð grein fyrir sérstökum áformum ríkisins um stuðning við atvinnulíf á skilgreindum stuðningssvæðum byggðakorts af Íslandi sem Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur samþykkt fyrir tiltekið tímabil og tengingu þeirra við sóknaráætlanir.“

## 9.3 Sóknaráætlanir landshluta

Árið 2015 markaði kaflaskil í sögu sóknaráætlana landshluta. Tvennt kemur til. Annars vegar undirritun fimm ára samninga um sóknaráætlanir í öllum landshlutum og hins vegar samþykkt Alþingis á lögum um byggðaaætlun og sóknaráætlanir landshluta. Sóknaráætlanirnar fela í sér stöðumat, framtíðarsýn, markmið og aðgerðir til að ná þeim markmiðum og eru þær unnar í breiðu samráði heimamanna.

Samkvæmt samningum um sóknaráætlanir landshluta, sem gilda til ársloka 2019, renna framlög ríkisins annars vegar til uppbyggingarsjóða og hins vegar í áhersluverkefni. Hver landshluti ákveður skiptinguna, en þó skal að lágmarki setja 55% framlags ríkisins til uppbyggingarsjóða. Uppbyggingarsjóðir eru samkeppnissjóðir sem hafa það hlutverk að styrkja menningar- og nýsköpunarverkefni, auk annarra verkefna sem falla að sóknaráætlun hvers landshluta. Sjóðirnir styrkja að jafnaði ekki meira en 50% af kostnaði verkefna. Sérstök úthlutunarnefnd fer fyrir hverjum sjóði, skipuð af heimamönnum. Áhersluverkefni eru samningsbundin verkefni sem hafa beina skírskotun til sóknaráætlunar landshlutans og áherslna samráðsvettvangs. Áhersluverkefnin skulu samþykkt af stjórn

<sup>52</sup> <http://rannsoknasetur.hi.is/rannsoknasetur>

<sup>53</sup> <http://www.althingi.is/lagas/144b/2015069.html>

landshlutasamtaka og staðfest af stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál. Á höfuðborgarsvæðinu er ekki sérstakur uppbyggingarsjóður heldur kveður samningurinn þeirra einungis á um áhersluverkefni.<sup>54</sup> Á fyrsta starfsári uppbyggingarsjóðanna bárust sjóðunum sjö samtals 1.120 umsóknir. Heildarupphæð umsókna var rúmlega 1,6 milljarður. Alls voru 606 verkefni styrkt, að upphæð 432 milljónir. Samkvæmt úthlutunarreglum er mótframlag styrkþega að lágmarki sama upphæð og veittur styrkur. Þannig má áætla að um 1 milljarður hafi runnið til verkefna uppbyggingarsjóða á árinu. Áhersluverkefni á landinu öllu voru 38 talsins og heildarframlag úr sóknaráætlunum til þeirra voru tæpar 222 milljónir, að ótöldu vinnuframlagi heimamanna.

Aðferðafræði sóknaráætlana hefur frá upphafi byggt á mikilli samvinnu þeirra sem að koma, það er samvinnu ráðuneyta í gegnum stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál, samvinnu sveitarfélaga og helstu haghafa í landshlutum í gegnum landshlutasamtök sveitarfélaga og samvinnu ríkis og sveitarfélaga. Frá vorinu 2014 hefur ábyrgð á sóknaráætlunum landshluta verið hjá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, sem jafnframt fer með byggðamál.

Sóknaráætlanir allra landshluta má finna á heimasíðu Byggðastofnunar.<sup>55</sup>

Greinargerð stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál um framkvæmd sóknaráætlana árið 2015 verður fylgirit stefnumótandi byggðaaætlunar 2017-2023.

## 9.4 Lánastarfsemi Byggðastofnunar

Útlán Byggðastofnunar til um 350 aðila í lok árs 2015 námu tæplega 11 milljörðum króna fyrir afskriftir. Árið 2013 voru viðskiptavinir um 400 og heildarútlán rétt tæpir 13 milljarðar króna. Samkvæmt fjárlögum hefur Byggðastofnun heimild til alls 2 milljarða útlána árið 2016.

Á mynd 9.4.1 sést staða lánasafns Byggðastofnunar eftir landshlutum og atvinnugreinum m.v. 31.12.2015 í töflu og á mynd 9.4.2 í súluriti. Tölurnar fyrir ofan súlurnar sýna fjölda viðskiptavina í hverjum landshluta. Dreifing lánasafns Byggðastofnunar eftir landssvæðum og atvinnugreinum endurspeglar vel uppbyggingu atvinnugreina undanfarinna ára í hverjum landshluta fyrir sig. Ferðaþjónusta hefur verið í miklum vexti víða um land. Sjávarútvegur er helsta atvinnugrein á Vestfjörðum og landbúnaður er mjög sterkur á Norðurlandi vestra. Á Norðurlandi eystra og Vesturlandi er atvinnulíf með fjölbreyttara hætti og það sést vel í lánasafni stofnunarinnar.

Atvinnugrein	Höfuðborgar svæðið	Suðurnes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland
Ferðaþjónusta	7.657.989	24.534.650	428.833.453	611.386.654	235.731.653	377.621.835	608.408.483	1.017.388.282
Iðnaður	0	322.891.498	245.916.605	66.898.309	270.584.603	314.149.208	68.820.467	475.378.316
Landbúnaður	0	0	443.518.011	81.631.733	597.437.714	209.385.438	306.708.001	113.675.289
Sjávarútvegur	0	46.220.199	45.468.980	1.028.651.886	171.442.505	760.065.079	26.781.950	11.584.115
Fiskeldi	0	0	0	268.628.690	0	128.812.455	0	100.387.922
Önnur starfsemi	7.811.611	54.712.422	368.388.929	97.428.791	449.368.016	142.929.214	140.780.236	128.341.284
<b>Samtals</b>	<b>15.469.600</b>	<b>448.358.769</b>	<b>1.532.125.978</b>	<b>2.154.626.064</b>	<b>1.724.564.491</b>	<b>1.932.963.229</b>	<b>1.151.499.136</b>	<b>1.846.755.209</b>


Á kortinu á mynd 9.4.3 sést hlutfallsskipting útlána Byggðastofnunar eftir landshlutum.

Einn meginþátturinn í starfi Byggðastofnunar er að leitast við að tryggja litlum og meðalstórum fyrirtækjum utan höfuðborgarsvæðisins aðgang að lánsfé. Færa má fyrir því sterk rök að lán á hagstæðum kjörum gegn veðum í fasteignum og atvinnutækjum sé skynsamlegri, sanngjarnari og ódýrari leið en beinir styrkir til eflingar atvinnulífs.


<sup>54</sup> [www.stjornarrad.is/sl](http://www.stjornarrad.is/sl)

<sup>55</sup> [www.byggdastofnun.is/is/byggdaaetlun/soknaraaetlanir](http://www.byggdastofnun.is/is/byggdaaetlun/soknaraaetlanir)

Lánastarfsemi er í eðli sínu áhættusöm á svæðum sem búa við neikvæðan hagvöxt og vaxtagreiðslur fyrirtækja í viðunandi rekstri geta ekki fyllilega staðið undir útlánatapi vegna annarra. Reynslan sýnir að bankar og aðrar fjármálastofnanir eru treg til að lána á þau svæði þar sem markaðsvirði eigna er lágt. Því hefur þótt mikilvægt að íslenska ríkið hlutist með einhverjum hætti til um að fyrirtæki í dreifðari byggðum landsins hafi aðgang að lánsfjármagni á hagstæðum, samkeppnishæfum kjörum. Það er alls ekki séríslenskt fyrirbrigði enda vel þekkt í hagfræði. Almenn rök í svæðahagfræði fyrir því að hið opinbera skipti sér að byggðapróun, eins og með því að hið opinbera sjái fyrirtækjum í dreifbýli fyrir fjármagni, byggjast á að fyrir hendi eru markaðsbrestir eða annað sem kemur í veg fyrir að markaðir séu skilvirkir. Þegar



þegar ríkisstyrkt kerfi vinnur bug á brestinum opnast möguleikar á að lána án þess að hætta sé á óbærilegum vanskilum. Venjulega virkar þetta kerfi best á krepputímum en í góðæri eru markaðsbrestir minni. Byggðastofnun er ætlað í útlánnum sínum að vega upp markaðsbresti hvað varðar aðgengi atvinnulífsins að lánsfé. Hún er alla jafna á eftir viðskiptabanka fyrirtækis í veðröð en á sama tíma er ætlast til þess að vextir á útlánnum stofnunarinnar séu lágir, auk þess sem henni er ætlað að varðveita eigið fé sitt að raungildi.



## 10 Verkefni stefnumótandi byggðaáætlunar 2013-2017

Þingsályktun um stefnumarkandi byggðaáætlun 2014-2017 var samþykkt á Alþingi 12. maí 2014. Þar segir: „Meginmarkmið með framkvæmd áætlunarinnar verði að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu, jafna lífskjör og stuðla að sjálfbærri þróun byggðarlaga um land allt. Sérstök áhersla verði lögð á stuðning við svæði sem búa við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf. Þá verði lögð áhersla á að aðgerðir samkvæmt áætluninni stuðli að auknu jafnrétti kynjanna.“ Og: „Til þess að ná markmiðum áætlunarinnar verði gripið til eftirfarandi aðgerða sem falla undir fjögur skilgreind lykilsvið.“ Þau eru síðan nefnd og tillögur um aðgerðir. Lykilsviðin fjögur eru:

1. Innviðir
2. Sértækar aðgerðir á varnarsvæðum
3. Atvinnumál
4. Opinber þjónusta

Hér á eftir er farið yfir framvindu einstakra aðgerða samkvæmt upplýsingum frá ANR með tilvitnunum í lýsingu aðgerðartilagna í þingsályktunartillögunni.

### 10.1 Uppbygging öflugs gagnanets

*Markmið:* Uppbygging fjarskiptakerfisins verði í samræmi við fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011–2022.

*Aðgerðir:* Unnar verði og kynntar heildstæðar upplýsingar meðal annars um lög og reglur sem nauðsynlegt er fyrir opinbera aðila að taka mið af í tengslum við uppbyggingu ljósleiðara og annarra fjarskiptainnviða.

Vinnuhópur geri tillögur að fyrirkomulagi faglegs stuðnings við opinbera aðila sem koma að uppbyggingu ljósleiðarakerfa og annarra fjarskiptainnviða.

*Ábyrgð:* Innanríkisráðuneyti í samstarfi við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

*Kostnaður:* Framlag úr byggðaáætlun til þróunar, framsetningar og kynningar á upplýsingum og leiðbeiningum er áætlað 10 millj. kr. á ári á tímabilinu 2014–2017.

*Framvinda:* Verkefni fjarskiptaáætlunar 2011-2022 voru ekki fjármögnuð nema að litlum hluta.

a. Ljósleiðarahringtengingar landssvæða fengu forgangsmeðhöndlun sem og uppbygging og efling fjarskiptastaða kringum eldstöðvar. Því er lokið. Hringtengingu Snæfellsness lýkur fyrir árslok 2015. Seinni hluti útboðsverkefnis um hringtengingu Vestfjarða lýkur árið 2016. Fjarskiptaáætlun 2015-2026 er í undirbúningi.

Heildstæð gögn auk samantektar er að finna á aðgengilegan hátt á vef Póst- og fjarskiptastofnunar.<sup>56</sup>

b. Lokið. Fyrirkomulagið liggur fyrir og þegar er unnið eftir því. Vinna við það og aðlögun að því verður viðfangsefni næstu árin.

Gerður hefur verið samningur milli ANR og Póst- og fjarskiptastofnunar um heildarráðstöfum fjármuna til ofangreindra aðgerða.

### 10.2 Orkumál

*Markmið:* Framleiðsla og dreifing raforku mæti þörfum atvinnulífs og almennings alls staðar á landinu hvað varðar flutningsgetu og afhendingaröryggi. Jafnaður verði milli landshluta kostnaður við flutning og dreifingu á raforku.

*Aðgerðir:* Stefnt verði í átt að fullum jöfnuði milli dreifbýlis og þéttbýlis á kostnaði við dreifingu raforku. Einnig verði stefnt að því að kostnaður við húshitun með raforku verði ekki hærrí en

<sup>56</sup> <http://www.pfs.is/fjarskipti/ljosleidarauppbygging-og-rikisstyrkir/>

kostnaður við hitaveitur landsins og unnið að því að leita að hagkvæmum jarðhita á svæðum þar sem aðstæður bjóða upp á. Kostnaði verði mætt með greiðslum úr ríkissjóði, lagabreytingum eða jöfnun á kostnaði orkukaupenda á ólíkum svæðum.

*Ábyrgð:* Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

*Kostnaður:* Kostnaður ríkissjóðs ræðst af því hvaða leið er farin við jöfnun kostnaðar.

*Framvinda:*

a. Í vinnslu.

### 10.3 Bættar samgöngur

*Markmið:* Vegfarendur komist leiðar sinnar innan og milli atvinnu- og þjónustusvæða á ódýran, fljótlegan og öruggan hátt.

*Aðgerðir*

a. Markmið um eflingu skilgreindra atvinnu- og þjónustusvæða verði skýrð í samræmi við samgönguáætlun 2011–2022 og formlegt mat lagt á líkleg áhrif einstakra framkvæmda á samgöngur innan þeirra.

b. Í samgönguáætlun 2015–2018 verði lögð áhersla á að stækka núverandi atvinnu- og þjónustusvæði, auka umferðaröryggi og draga úr ferðatíma. Sérstök áhersla verði lögð á framkvæmdir á Vestfjörðum og Austurlandi. Einnig verði litið til mikilvægis ferðaþjónustunnar og tryggt að vegir haldist greiðfærir allt árið. Gerð verði áætlun um samgöngubætur og viðhald vegna mikilvægra ferðamannastaða.

c. Skoðaðir verði möguleikar á samstarfi við einkaaðila um uppbyggingu byggða- og ferðamannavega um hálendið sem tengt geti mismunandi atvinnu- og þjónustusvæði átta til tólf mánuði á ári.

d. Varanleg lausn verði fundin á vandanum við Landeyjahöfn.

e. Flugvöllur í Reykjavík verði áfram í nálægð við stjórnsýslu og aðra þjónustu.

f. Áfram verði stutt við áætlanir flugklasans á Norðurlandi um að tryggja beint millilandaflug til Akureyrar.

*Ábyrgð:* Innanríkisráðuneytið og undirstofnanir, sveitarfélög og landshlutasamtök þeirra.

*Kostnaður:* Kostnaður við samgönguáætlun er ákveðinn með fjárlögum hvers árs.

*Framvinda:*

a. Í vinnslu.

b. Í vinnslu.

c. Óbrúaðar ár og óuppbyggðir hálendisvegir sem fylgja landslagi eru aðalsmerki og söluvara ferðaþjónustu á hálendi. Einungis Kjalvegur er brúaður.

d. Ekki sjáanlegt að hægt sé að koma í veg fyrir setsöfnun í og við höfnina á næstunni. Hönnun nýrrar grunnristrar ferju sem einnig getur siglt til Þorlákshafnar er á lokastigi.

e. Ráðherraskipuð nefnd hefur skilað af sér skýrslu um mat á flugvallarkostum í Reykjavík og nágrenni. Innanlandsflugvöllur innan höfuðborgarsvæðisins í nágrenni við nauðsynlega opinbera þjónustu er stefna ráðherra.

f. Flugvellirnir á Egilsstöðum og Akureyri eru báðir alþjóðlegir flugvellir, opnir öllum sem vilja hefja áætlunarflug. Veittir eru umtalsverðir afslættir af öllum gjöldum og þjónusta er gjaldfrjál.

### 10.4 Brothætt byggðarlög

*Markmið:* Stöðva viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðakjörnum og í sveitum landsins.



*Aðgerðir:*

- a. Á tímabilinu 2014–2017 haldi Byggðastofnun áfram með verkefnið til stuðnings brothættum byggðum.
- b. Auknu fé verði varið til sértækra aðgerða sem byggist á niðurstöðu verkefnisins.

*Ábyrgð:* Byggðastofnun í samvinnu við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, landshlutasamtök sveitarfélaga.

*Kostnaður:* Kostnaður við verkefnið *Brothættar byggðir* er áætlaður 50 millj. kr. á ári á tímabilinu 2014–2017. Gert er ráð fyrir því að sú upphæð verði einnig nýtt til að fjármagna verkefni um stöðu og framtíð íslenskra landbúnaðarsamfélaga. Sérstakar fjárveitingar gætu komið til vegna einstakra aðgerða sem samstaða verður um að ráðast í.

*Framvinda:* Verkefnið „Brothættar byggðir“ hófst haustið 2012 á Raufarhöfn og á árinu 2013 voru Bíldudalur, Breiðdalshreppur og Skaftárhreppur teknir inn í verkefnið eftir að Alþingi veitti til þess 50 m. kr. Á fjárlögum ársins 2014 var aftur veitt 50 milljónum til verkefnisins og var þá auglýst eftir umsóknum um þátttöku í verkefninu. Alls bárust umsóknir frá níu sveitarfélögum fyrir tólf byggðarlög. Sumarið 2015 var ákveðið að taka Kópasker og nærsveitir, Hrísey og Grímsey inn í verkefnið.

Á árinu 2014 lét atvinnuvegaráðuneytið leggja mat á verkefnið og hefur nú verið unnin stefnumótun fyrir það sem m.a. tekur mið af því og fenginni reynslu á verkefnistímanum.

## 10.5 Stuðningur við einstaklinga

*Markmið:* Fjölga vel menntuðum einstaklingum á varnarsvæðum landsins.

*Aðgerðir:*

- a. Vinnuhópi á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og mennta- og menningarmálaráðuneytis verði falið að vinna tillögur að tilraunaverkefni til að fjölga vel menntuðu fólki á svæðum þar sem fólksfækkun er viðvarandi.
- b. Gerð verði úttekt á leiðum sem nýttar eru í nágrennalöndum til að styðja við einstaklinga búsetta á svæðum sem eiga undir högg að sækja.
- c. Kannaður verði möguleiki á því að námslán íbúa tiltekins svæðis verði afskrifuð um ákveðið hlutfall á hverju ári. Athugun á þessu verði lokið 1. október 2015.
- d. Kannaður verði möguleiki á því að greiddar verði uppbætur á barnabætur íbúa tiltekins svæðis. Athugun á þessu verði lokið 1. október 2015.

*Ábyrgð:* Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og mennta- og menningarmálaráðuneyti.

*Kostnaður:* Enginn beinn kostnaður er við tillöguna.

*Framvinda:*

- a. Formlegur vinnuhópur verkefnisins á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og mennta- og menningarmálaráðuneytis hefur ekki verið skipaður.
- b. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur skoðað sambærileg verkefni í nágrennalöndum, einkum í Noregi.
- c. Gerðir hafa verið bráðabirgðarútreikningar á mögulegum kostnaði við að afskrifa hlutfall námslána hjá íbúum tiltekinna svæða.

## 10.6 Stuðningur við fyrirtæki

*Markmið:* Fjölbreytt atvinnustarfsemi geti dafnað á efnahagslega veikum svæðum.

*Aðgerðir:*

- a. Á tímabilinu 2014–2017 verði haldið áfram með sértækar aðgerðir vegna sjávarþorpa í alvarlegum og bráðum vanda. Metið verði á grundvelli reynslunnar hvort sams konar aðferðafræði verði tekin upp við úthlutun núverandi byggðakvóta.
- b. Jöfnun flutningskostnaðar og öðrum sambærilegum aðgerðum verði haldið áfram. Stuðningur sem snýr að jöfnun flutnings-, orku- og fjármagnskostnaðar verði samræmdur svo að hann nýtist sem best þeim svæðum sem verst standa.
- c. Skoðað verði hvort beita megi skattaívilnunum á borð við lækkun tryggingagjalds til að styðja við fyrirtæki á efnahagslega veikum svæðum.
- d. Markmið um viðhald búsetu og atvinnu í sveitum verði skýrð við endurskoðun stuðningskerfis landbúnaðarins.

*Ábyrgð:* Byggðastofnun í samvinnu við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og Bændasamtök Íslands.

*Kostnaður:* Enginn beinn viðbótarkostnaður er af fyrirhuguðum aðgerðum á tímabilinu 2014–2017.

*Framvinda:*

a) Með breytingum á lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 þann 25. júní 2013 ákvað Alþingi að Byggðastofnun skuli hafa til ráðstöfunar aflaheimildir til að styðja byggðarlög í alvarlegum og bráðum vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi. Stofnunin hefur gert samninga um úthlutun veiðiheimilda til eftirtalinnna tíu staða: Tálknafjarðar, Þingeyrar, Flateyrar, Suðureyrar, Drangsness, Hríseyjar, Raufarhafnar, Bakkafjarðar, Breiðdalsvíkur og Djúpavogs. Heildarmagn aflamarks Byggðastofnunar á yfirstandandi fiskveiðiári eru ríflega 4.000 þorskígildistonn sem er aukning um 1.100 frá fyrra ári.

Skýrsla og mat á verkefninu var kynnt á heimasíðu atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins í apríl 2015.<sup>57</sup> Almennu eru niðurstöður skýrslunnar jákvæðar; verkefnið hefur farið ágætlega af stað og almennt lofar það góðu. Reynslan af þessu verkefni styður að markviss beiting svæðisbundinna veiðiheimilda, með byggðasjónarmið að leiðarljósi, geti verið öflugt verkfæri sem stjórnvöld geti beitt til að vinna á móti neikvæðri þróun í sjávarbyggðum.

Að ósk landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra hefur Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri (RHA) lagt sérstakt mat á byggðafestuáhrifum hinna einstöku aðgerða vegna atvinnu-, félags- og byggðaráðstafana í fiskveiðistjórnarkerfinu og því, hvort einhverjar aðrar leiðir væru hentugri til að tryggja byggðafestuna. Þessar aðgerðir eru línuívilnun, almenni byggðakvótinn, byggðakvóti Byggðastofnunar, rækju- og skelbætur og strandveiðar. Í skýrslu RHA<sup>58</sup> í febrúar 2016 koma fram þær megin niðurstöður að almenni byggðakvótinn skilar mestum byggðafestuáhrifum af þeim pottum sjávarútvegsins sem lengst hafa verið í gangi en línuívilnun og strandveiðar komu þar á eftir í öðru og þriðja sæti en skelbætur voru sístar.

b) Byggðastofnun hefur verið falin umsjón með framkvæmd laga um svæðisbundna flutningsjöfnun, og árið 2015 var 113,4 mkr. varið til jöfnunar flutningskostnaðar.

Árið 2014 voru umsóknir 70 talsins og voru 65 þeirra samþykktar. Heildarfjárhæð styrkveitinga nam 155 m.kr. samanborið við 170 m.kr. árið 2013. Fjárhæð 10 hæstu styrkja nam samtals 75,4 m.kr. þar sem framleiðsla fiskafurða var 50% og 25% fjárhæðarinnar var vegna framleiðslu á

<sup>57</sup> [www.atvinnuvegaraduneyti.is/media/Acrobat/Byggdakvoti\\_skyrsla\\_lok\\_lok\\_lok\\_profarkalesid.pdf](http://www.atvinnuvegaraduneyti.is/media/Acrobat/Byggdakvoti_skyrsla_lok_lok_lok_profarkalesid.pdf)

<sup>58</sup> [www.atvinnuvegaraduneyti.is/media/Acrobat/160224-Radstofun\\_aflamarks-byggdafesta\\_RHA.pdf](http://www.atvinnuvegaraduneyti.is/media/Acrobat/160224-Radstofun_aflamarks-byggdafesta_RHA.pdf)

Norðurlandi eystra. Nánari upplýsingar um styrkina má sjá í árskýrslunni og á heimasíðu Byggðastofnunar.<sup>59</sup>

Árið 2015 bárust 64 umsóknir v. ársins 2014 og voru 59 þeirra samþykktar. Byggðastofnun hefur einnig tekið við umsýslu með flutningsjöfnunarsjóði olíuvara skv. lögum nr. 103/1994. Lagt er flutningsjöfnunargjald á allar olíuvörur sem fluttar eru til landsins og ætlaðar eru til nota innan lands. Gjaldið rennur í sérstakan sjóð, flutningsjöfnunarsjóð olíuvara. Vinna við c) og d) lið er ekki hafin.

## 10.7 Nýsköpun og vaxtargreinar

*Markmið:* Stuðlað verði að fjölbreyttu atvinnulífi og nýsköpun um allt land í samræmi við *Atvinnustefnu fyrir Ísland*.

*Aðgerðir:*

- Áhersla verði lögð á að efla gæði og sveigjanleika stoðkerfis atvinnulífsins í því skyni að bjóða frumkvöðlum og fyrirtækjum hagnýta og hvetjandi þjónustu sem mætir þörfum og leiðir til vaxtar og aukinnar samkeppnishæfni.
- Samkeppnissjóðir gegni áfram veigamiklu hlutverki til stuðnings nýsköpun og þróunarstarfi. Framlög til samkeppnissjóða verði hækkuð með reglubundnum hætti og aukin áhersla verði lögð á stuðning við markaðssetningu.
- Áfram verði lögð áhersla á klasasamstarf, sérstaklega þríhliða samstarf fyrirtækja, þekkingarstofnana og hins opinbera.
- Gjaldtaka af ferðamönnum verði þróuð áfram til að mæta fjárfestingarþörf í greininni.

*Ábyrgð:* Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

*Kostnaður:* Enginn beinn viðbótarkostnaður er af fyrirhuguðum aðgerðum á tímabilinu 2014–2017.

*Framvinda:*

- Endurskoðun stoðkerfis atvinnulífsins er viðvarandi verkefni ráðuneytisins. Í fyrirhugaðri aðgerðaáætlun iðnaðar- og viðskiptaráðherra til að bæta starfsumhverfi frumkvöðla og sprotafyrirtækja verður sérstaklega hugað að eflingu gæða stoðkerfis.
- Framlög til samkeppnissjóða (Rannsóknasjóðs og Tækniþróunarsjóðs) hafa verið aukin um 800 m.kr. á fjárlögum 2015 og enn frekar um 2 milljarða króna á fjárlögum fyrir 2016.
- Á vormánuðuðm 2015 skipaði iðnaðar- og viðskiptaráðherra starfshóp sem móta á klasastefnu sem skal ljúka störfum á útmánuðum 2016.
- Á vegum iðnaðar- og viðskiptaráðherra hefur farið fram umfangsmikil skoðun á leiðum til gjaldtöku af ferðamönnum til að fjármagna uppbyggingu á ferðamannastöðum. Frumvarp til laga um náttúrupassa náði ekki fram að ganga. Töluverðu viðbótarfé hefur verið veitt til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða undanfarin tvö ár. Áfram verður leitast við að tryggja nauðsynlega uppbyggingu innviða á ferðamannastöðum.

## 10.8 Stuðningur við nýfjárfestingu og atvinnuuppbyggingu

*Markmið:* Nýfjárfesting í atvinnurekstri verði efl.

*Aðgerðir:*

- Stutt verði við nauðsynlega uppbyggingu innviða vegna iðnaðarsvæðisins á Bakka við Húsavík.
- Komi til uppbyggingar iðnaðarstarfsemi á Helguvíkursvæðinu munu stjórnvöld í samvinnu við sveitarfélög á svæðinu styðja við frekari uppbyggingu innviða með sambærilegum hætti.

<sup>59</sup> [www.byggdastofnun.is/static/files/Arsskyrslur/arsskyrsla-2014.pdf](http://www.byggdastofnun.is/static/files/Arsskyrslur/arsskyrsla-2014.pdf), bls. 26

c. Á gildistíma áætlunarinnar verði unnin heildstæð úttekt og þarfagreining vegna mögulegrar aðkomu ríkisins að uppbyggingu iðnaðarhafna og -svæða í öðrum landshlutum sem verði liður í því að styðja við atvinnuuppbyggingu á svæðum sem eiga í vök að verjast.

d. Stutt verði við mögulega uppbyggingu kalkþörunganáms og kalkþörungavinnslu á Vestfjörðum.

e. Stutt verði við mögulega uppbyggingu í fiskeldi.

*Ábyrgð:* Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

*Kostnaður:* Gert er ráð fyrir að kostnaður ríkissjóðs vegna uppbyggingar innviða á Bakka og samninga um kísilver nemi um 3.400 millj. kr. á árabílinu 2013–2014. Ekki liggur fyrir hver kostnaður ríkissjóðs verður komi til uppbyggingar iðnaðarstarfsemi á Helguvíkursvæðinu.

*Framvinda:*

a. Lög nr. 41/2013, um heimild til handa ráðherra, f.h. ríkissjóðs, til að fjármagna uppbyggingu innviða vegna atvinnustarfsemi í landi Bakka í Norðurþingi, eru komin til framkvæmda og framkvæmdir hafnar.

b. Verkefnið er til meðferðar í iðnaðarráðuneytinu.

Vísað er til fjárlaga áráanna 2015 og 2016 til upplýsinga um kostnað.

## 10.9 Dreifing opinberra starfa

*Markmið:* Stuðlað verði að fjölbreyttum atvinnutækifærum um allt land með dreifingu starfa á vegum ríkisins.

*Aðgerðir:*

a. Staðsetning opinberra starfa verði notuð með markvissum hætti til að skapa störf og efla mannauð og fagumhverfi um land allt.

b. Stefnt verði að því að á gildistíma áætlunarinnar snúist fækkun opinberra starfa utan höfuðborgarsvæðisins í fjölgun með nýjum verkefnum eða tilflutningi verkefna.

c. Gerð verði heildarúttekt á umfangi og árangri af flutningi opinberra starfa hérlandis fyrir lok áætlunarinnar.

*Ábyrgð:* Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti í samstarfi við önnur ráðuneyti.

*Kostnaður:* Beinn kostnaður á tímabilinu er áætlaður 20 millj. kr.

*Framvinda:* Flutningur Fiskistofu til Akureyrar hefur staðið yfir síðan síðla árs 2014. Óljóst hvenær flutningum lýkur endanlega en gert er ráð fyrir að starfsmenn geti orðið allt að 28.

## 10.10 Stoðkerfi hins opinbera

*Markmið:* Fyrirtæki og einstaklingar á landsbyggðinni hafi aðgengi að skilvirku og öflugum stoðkerfi atvinnuþróunar.

*Aðgerðir:*

a. Áfram verði lagt fé til atvinnuþróunar, nýsköpunar og stoðkerfis atvinnulífsins. Áhersla verði lögð á að styðja við samstarfsverkefni og hvetja til samstarfsforma á borð við samvinnufélög til að sinna samfélagslega mikilvægum verkefnum.

b. Stefnt verði að aukinni samræmingu aðgerða í gegnum sóknaráætlanir landshluta þar sem áherslur í atvinnulífi hvers landshluta verði lagðar.

c. Stoðkerfi atvinnulífs verði tekið til endurskoðunar með þarfir notenda, einföldun og skilvirkni að leiðarljósi.

*Ábyrgð:* Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

*Kostnaður:* Ekki er gert ráð fyrir umfangsmiklum breytingum á fjárframlögum til hins almenna stoðkerfis á tímabilinu 2014–2017.

*Framvinda:*

a. Aukin hafa verið framlög til samkeppnissjóða til eflingar stoðkerfis atvinnulífs. Mörg verkefna sem falla undir þessa aðgerð eru þar að auki í gangi, t.d. aðgerðaáætlun iðnaðar- og viðskiptaráðherra til að bæta starfsumhverfi frumkvöðla og sprotafyrirtækja, mótun klasastefnu, mótun hugverkastefnu og mótun stefnu um hagnýtingu inernetsins.

b. Í febrúar 2015 voru undirritaðir langtímasamningar um sóknaráætlanir við átta landshluta til næstu fimm ára. Í fyrstu eru verkefni sóknaráætlana tengd atvinnumálum og nýsköpun, markaðsmálum, menntamálum og menningarmálum. Fjárframlög að upphæð yfir 450 m.kr. á ári sem áður runnu í farvegi menningarsamninga og vaxtarsamninga er nú beint í nýjan farveg sóknaráætlana. Framlög til sóknaráætlana umfram ofangreindar upphæðir voru 15 m.kr. árið 2014 og aukin um 85 m.kr. árið 2015. Lögð er til 45 m.kr. viðbót í fjárlagafrumvarpi ársins 2016, samtals 145 m.kr. Sóknaráætlunum landshluta fylgja því ríflega 2,9 milljarðar næstu fimm árin. Ef hið nýja verklag reynist vel skapar það grundvöll fyrir því að stærri hluti fjárframlaga ríkisins til landshluta verði færður í þennan farveg.

Með lögum um byggðaáætlun og sóknaráætlanir sem Alþingi samþykkti í júlí sl. var fest í sessi það verklag sem þróast hefur undanfarin ár í samskiptum á sviði byggðamála milli ráðuneyta, innan hvers landshluta og milli stjórnarsýslustiga. Jafnframt var með lögnum aukin ábyrgð færð til sveitastjórna á sviði byggðamála og samfélagsþróunar og lögfest hlutverk landshlutasamtaka sveitarfélaga um gerð og framkvæmd sóknaráætlana.

Einnig var lögfest skipun stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál sem skipaður er fulltrúum allra ráðuneyta og fulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Starfsmaður Byggðastofnunar vinnur auk þess með hópnum. Hlutverk stýrihópsins er meðal annars að styðja landshlutasamtökin við gerð sóknaráætlana með því að leggja til ramma um form áætlanna, tryggja samræmi milli landshluta og við stefnumótun ríkisins.

c. Endurskoðun stoðkerfis atvinnulífsins er viðvarandi verkefni ráðuneytisins. Í fyrirhugaðri aðgerðaáætlun iðnaðar- og viðskiptaráðherra til að bæta starfsumhverfi frumkvöðla og sprotafyrirtækja verður sérstaklega hugað að endurskoðun stoðkerfis.

Fyrir liggur samkomulag á milli Íslandsstofu og markaðsskrifstofa landshlutanna með Ferðamálasamtökum Íslands um kynningu á landshlutunum erlendis.<sup>60</sup> Áhersla er á styrkleika hvers landshluta.<sup>61</sup>

## 10.11 Lánastarfsemi

*Markmið:* Fyrirtækjum á starfssvæði Byggðastofnunar verði tryggður aðgangur að lánsfjármagni á sambærilegum kjörum og fjármálafyrirtæki bjóða á höfuðborgarsvæðinu.

*Aðgerðir:*

a. Gerð verði úttekt á lánastarfi Byggðastofnunar þar sem mat verði meðal annars lagt á reglubundinn kostnað af starfinu, ákvæði laga um varðveislu eigin fjár, fjármögnun tapaðra útlána og möguleika á auknu samstarfi við aðrar fjármálastofnanir, t.d. með veitingu ábyrgða.

b. Afstaða verði tekin til þess hvort ákvæði um varðveislu eigin fjár í lögum um Byggðastofnun sé raunhæft og hvort ríkið eigi að styðja lánastarfsemina með föstum eiginfjárframlögum á hverju ári.

<sup>60</sup> <http://www.islandsstofa.is/files/arsskyrsla-islandsstofa-2014--july-2015.pdf>, bls.11.

<sup>61</sup> <http://inspired.visiticeland.com/gudmundur-hangout>

*Ábyrgð:* Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

*Kostnaður:* Enginn beinn kostnaður er áætlaður við þessa aðgerð.

*Framvinda:* Vinna við þessar aðgerðartillagögur hefur ekki farið á dagskrá.

## 10.12 Stuðningur við uppbyggingu skógarauðlindar

*Markmið:* Stuðningur við skógrækt á bújörðum þar sem aðstæður eru ákjósanlegar verði eflur með áherslu á viðarframleiðslu, kolefnisbindingu, aukin landgæði, betri búsetuskilyrði og atvinnusköpun.

*Aðgerðir:*

- Stefnt verði að frekari stuðningi við skógrækt.
- Kannaður verði möguleiki á að efla rannsóknir og þróun á vegum Skógræktar ríkisins á ræktun og umhirðu skóga, nýtingu þeirra og úrvinnslu afurða.

*Ábyrgð:* Umhverfis- og auðlindaráðuneyti.

*Framvinda:*

- Á fjárlögum 2015 var ákveðin 10 milljóna króna viðbótarfjárveiting til skógræktar og skiptist milli landshlutaverkefnanna fimm í skógrækt og Hekluskóga til aukinnar gróðursetningar. Þá rann 10% fjárveitingarinnar til Skógræktar ríkisins til mats á árangri. Í fjárlögum fyrir 2016 er hækkun á þessum lið um kr. 20 milljónir, verði alls kr. 30 milljónir króna sem skiptist milli skógræktarverkefna í landinu.
- Umhverfis og auðlindaráðherra hefur skipað starfshóp til að skoða sameiningu skógræktarstarfs ríkisins í eina stofnun, Skógrækt ríkisins og landshlutaverkefni í skógrækt. Tilgangurinn er að efla rannsóknir og þróun á ræktun og umhirðu skóga, nýtingu þeirra og úrvinnslu afurða.

## 10.13 Stefnumótun um opinbera þjónustu

*Markmið:* Íbúar landsins, óháð búsetu og efnahag, njóti sömu tækifæra hvað varðar aðgengi að opinberri grunnþjónustu og kröfur eru gerðar um í nútímasamfélagi.

*Aðgerðir:* Á tímabilinu 2014–2015 verði réttur landsmanna til grunnþjónustu í öllum landshlutum skilgreindur á helstu sviðum opinberrar þjónustu, svo sem að því er varðar heilbrigðisþjónustu, löggæslu, menntun, menningu, samgöngur og fjarskipti. Samráð verði haft við landshlutasamtök sveitarfélaga og Samband íslenskra sveitarfélaga þar sem aðgengi að grunnþjónustu á öllum landsvæðum verði meðal annars metið og settar fram tillögur til úrbóta. Skilgreiningu á framangreindu verði lokið eigi síðar en 1. október 2015.

*Ábyrgð:* Byggðastofnun í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, landshlutasamtök sveitarfélaga og stýrinet stjórnarráðsins.

*Kostnaður:* Enginn beinn kostnaður er áætlaður vegna þessa verkefnis.

*Framvinda:* Byggðastofnun hefur kortlagt staðsetningu einstakra þjónustustofnana. Niðurstöður má sjá í kafla 5.1 hér að framan og á heimasíðu Byggðastofnunar. Stofnunin bauð út viðamikla könnun í maí 2015 á því hvert og hvaðan íbúar á Norðurlandi vestra sækja mismunandi þjónustu. Byrjað var á Norðurlandi vestra vegna legu landshlutans og þeirrar sérstöðu að þjónustusókn út fyrir landshlutann væri líklega skipt. Niðurstöðum var skilað til Byggðastofnunar í október 2015 þar sem þær eru til frekari úrvinnslu og undirbúnings til birtingar. Af þeim ræðst hvernig könnun í öðrum landshlutum verður háttað. Þá hefur Byggðastofnun kortlagt svæði daglegrar vinnusóknar þéttbýlisstaðanna í samvinnu við atvinnuþróunarfélög og landshlutasamtök og fengið Nordregio til samstarfs um að vinna úttekt á aðgengi íbúa í öllum landshlutum að heilbrigðisþjónustu. Sú úttekt er vel á veg komin.

## 10.14 Opinberar upplýsingar á sviði byggðamála

*Markmið:* Stefnumótun í byggðamálum og framkvæmd hennar styðjist við traust gögn.

*Aðgerðir:*

Á tímabilinu 2014–2017 verði efnt til samstarfs opinberra stofnana, sérstaklega Hagstofu Íslands og háskóla, um að byggja upp tölfræðilegan gagnagrunn á sviði byggðamála þar sem upplýsingar um þætti á borð við íbúáþróun, atvinnuþátttöku, tekjur, menntun og afkomu atvinnugreina verði aðgengilegar og samhæfðar við alþjóðlega gagnagrunna.

Gerð verði rannsókn á orsökum búferlaflutninga á Íslandi og hvaða áhrifapættir ráða búsetuvali kynjanna.

Byggðastofnun kortleggi með beinum hætti hvar grunnþjónusta opinberra aðila og einkaaðila er staðsett og hversu langt íbúar þurfa að sækja þjónustuna. Þessi kortlagning verði undirstaða frekari stefnumörkunar um staðsetningu opinberrar þjónustu ríkisins.

Leitað verði leiða til að efla fræðilegar rannsóknir á sviði byggðamála í samstarfi við íslenska og erlenda háskóla.

*Ábyrgð:* Byggðastofnun.

*Kostnaður:* Beinn kostnaður er áætlaður 20 millj. kr. á ári á tímabilinu 2014–2017.

*Framvinda:* Byggðastofnun hefur hafið vinnu að uppbyggingu gagnagrunns fyrir byggðatengdar upplýsingar.

a) Skortur á svæðagreindum upplýsingum t.d. um atvinnuskiptingu og tekjur hamlar mati á árangri byggðaaðgerða, greiningum á stöðu einstakra svæða og samanburði á þróun þeirra. Byggðastofnun hefur árangurslaust gert margar tilraunir til að fá gögn um þessa þætti unnin fyrir landshluta eða sveitarfélögn ef undan eru skilin gögn unnin í samvinnu við Hagfræðistofnun HÍ um hagvöxt landshluta.

b) Sambærileg tillaga var í byggðaaætluni 2010-2013 en komst aldrei í framkvæmd þar sem ekki voru áætlaðir fjármunir til hennar.

c) Sjá 10.13.

d) Byggðarannsóknasjóður var settur á laggirnar í september 2014 og setti ráðherra honum þá reglur. Styrkjum er úthlutað einu sinni á ári. Stjórn Byggðastofnunar ákvað að leggja til sjóðsins 10 m.kr. árlega og var fyrst auglýst eftir umsóknum í febrúar 2015 og fyrsta úthlutun fór fram í apríl 2015.

## 11. Fjölbjóðlegt samstarf

Ísland hefur verið virkur þátttakandi í fjölbjóðlegum rannsóknáætlunum og byggðastofnun annast tengsl við þrjár þeirra, NORA, Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins NPP og ESPON. Hér á eftir er starfi þessara áætlana lýst í grófum dráttum.

### 11.1 Norræna Atlantsamstarfið, NORA

*Norræna Atlantssamstarfið (Nordisk Atlantsamarbejde - NORA)* er samstarfsvettvangur Íslands, Færeyja, Grænlands og norður- og vesturhluta Noregs. NORA heyrir undir Norrænu ráðherranefndina og er hluti af norrænu samstarfi á sviði byggðamála og svæðasamstarfs. Aðalskrifstofan er í Þórshöfn í Færeyjum og eru landskrifstofur í hverju aðildarlandanna. Starfsemi NORA á Íslandi heyrir undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, en Byggðastofnun hefur umsjón með starfinu sem landskrifstofa. Ísland á þrjá fulltrúa í stjórn, en atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið á fulltrúa í framkvæmdastjórninni. Aðildarlöndin skipast á um formennsku og lét Ísland af formennsku á árinu 2015 og Norðmenn tóku við.

Stærstur hluti tekna NORA kemur frá Norrænu ráðherranefndinni, en einnig koma árleg framlög frá aðildarþjóðunum, þar af leggja Íslendingar til 500 þúsund d.kr. Heildarfjármagn sem NORA hefur úr að spila árlega eru um 9-10 milljónir d.kr. og af þeim fara á bilinu 4-6 milljónir í verkefnastyrki.

Starfsemi NORA er margþætt og snýst um að efla samstarf á svæðinu með ýmsu móti, ekki síst með því að veita styrki til samstarfsverkefna. NORA á samstarf við ýmsa aðila í því skyni að fylgja eftir megin stefnumálum sínum og auk verkefnastyrkjanna standa samtökin fyrir ráðstefnum og vinnufundum.

Árið 2012 var samþykkt ný skipulagsáætlun (strategiplan) fyrir tímabilið 2012-2016<sup>62</sup>, byggð á niðurstöðum svæðagreiningar OECD um NORA-svæðið, *OECD Territorial Review of the NORA Region*<sup>63</sup>, frá 2011. Í framhaldinu var sett á fót hugmyndasmiðja sem enn starfar til að vinna með niðurstöður og tillögur OECD.

Undanfarin ár hefur NORA lagt áherslu á að styrkja stöðu sína innan norræns samstarfs og á að styrkja tengsl við lönd við Norður-Atlantshaf, s.s. Skotland, Hjaltlandseyjar, Orkneyjar og austurströnd Kanada, m.a. í gegnum ýmis samstarfsverkefni.

NORA veitir styrki til samstarfsverkefna sem stuðla að eflingu atvinnulífs og byggða á starfsvæðinu. Með starfsáætlun fyrir árin 2012-2016 voru markmið verkefnastyrkjanna endurskilgreind en í samræmi við ábendingar OECD eru þrjú markmið mikilvægust og ákveðið að þau yrðu í brennidepli starfsemi NORA. Því bæri að styrkja verkefni á sviði fiskveiða og auðlinda sjávar, nýsköpunar og fjölbreytileika og uppbyggingu innviða til að sigrast á fjarlægðum:

- 1) Að tryggja sjálfbæra þróun í sjávarútvegi
- 2) að tryggja efnahagslega fjölbreytni og nýsköpun, og
- 3) að bæta aðgengi að svæðinu í ljósi þess hversu afskekkt það er.

Mynd 11.1.1



Starfssvæði NORA

<sup>62</sup> [www.nora.fo/strategi/strategiprogram20122016/](http://www.nora.fo/strategi/strategiprogram20122016/)

<sup>63</sup> [www.nora.fo/fileadmin/user\\_upload/pdf/20110323154204955.pdf](http://www.nora.fo/fileadmin/user_upload/pdf/20110323154204955.pdf)



Styrkfjárhæðir geta numið allt að 500 þús. d.kr. á ári og verkefni lengst fengið styrki í þrjú ár. Ekki er greitt fyrir meira en 50% af heildarkostnaði verkefnis og skilyrði er að um samstarfsverkefni á milli NORA-landanna sé að ræða. Umsóknarfrestir eru tvisvar á ári, í mars og október. Á árinu 2015 bárust 74 umsóknir og var úthlutað rúmlega 5,1 millj. d.kr. til 18 verkefna og eru Íslendingar þátttakendur í 17 þeirra. Íslensk þátttaka í verkefnum NORA er alla jafna um 70-90%. Á heimasíðu NORA<sup>64</sup> er að finna yfirlit yfir ný og eldri NORA-verkefni.

Verkefni styrkt af NORA með íslenskri þátttöku, samþykkt á árinu 2015:

*Nolice*. Verkefni um meðhöndlun á laxalús og hvernig hægt sé að nota hrognkelsi í því skyni. Íslenskir þátttakendur, Fjarðarlax, Hólaskóli.

*Kortlagning hafsbotnsins*. Próa og innleiða aðferðir til að kortleggja lífríki hafsbotnsins til þess að þekkja betur líffræðilegan fjölbreytileika þess. Íslenskir þátttakendur, Náttúrufræðistofnun, Hafró.

*Aukið virði (Valuable)*. Snýst um nýtingu þörunga í snyrtivöruiðnaði og matvælum. Íslenskir þátttakendur, Matís, Háskólinn á Akureyri, Purity Herbs.

*Vestnorrænn samráðsvettvangur um lífríki hafsins*. Blue Bioeconomy er nýtt hugtak í rannsóknum þar sem horft er á nýtingu hafsins og hagfræði. Íslenskur þátttakandi, Matís.

*Strandveiðar*. Greining á fiskveiðiflotanum í strandveiði, samstarf og þekkingaryfirfærsla varðandi tækjabúnað og tækni og aðferðir. Íslenskir þátttakendur, Matís, Lands samband smábátæigenda, Sjávariðjan Rífi.

*„Bioökonomi“ á NORA-svæðinu*. Stofna samstarfsnet framleiðenda á svæðinu, bændur, sjómenn og fyrirtæki fá tækifæri til að nota hráefni hvers svæðis til matvælaframleiðslu. Íslenskur þátttakandi, Matís.

*Alget*. Samstarfsvettvangur fyrir þá sem rækta og nýta þörunga, með það að markmiði að bæta framleiðsluna og aðferðirnar. Íslenskur þátttakandi, Matís.

*Aðgangur fyrir fatlaða*. Bætt aðgengi fatlaðra að ferðamannastöðum og gerð bæklings um „best-practice“ verkefni. Íslenskir þátttakendur, Norm ráðgjöf ehf., Access Iceland ehf., Reykjavíkurborg.

*Atlantarena*. Finna a.m.k. fimm verkefni til að styrkja, með höfuðáherslu á ferðaþjónustu, mat og drykk, menningararf og samgöngur. Íslenskur þátttakandi, Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi.

*Jarðfræðilegur sýndarveruleiki (Geovirtuell realitet)*. Próa á ratleik og gera heimasíðu. Gert efni um jarðfræði og menningarmínjar með nýjustu stafrænu tækni svo úr verður e-k sýndarveruleikasýning. Íslenskur þátttakandi, Katla jarðvangur.

*Húshitun á strandsvæðum heimskautssvæðisins*. Húshitun með endurnýjanlegri orku í stað rafmagns eða olíu. Hanna, framleiða og prófa búnað. Íslenskir þátttakendur, Orkusetur, HS-veitur, Orkubú Vestfjarða og Rarik, KPMG, Varmalausnir, NMÍ.

*SPEC*. Tækni til að fylgjast með mengun frá skipum. Kerfið er staðsett í skipum og gerir mögulegt að gera kröfur um mengunarvarnir á skipaflotanum, auk þess sem stuðlað er að verndun lífríkis hafsins. Íslenskir þátttakendur, ARK Technology, Marorka.

*SEAS*. Tækni til að draga úr mengun með því að nota endurnýjanlegan orkugjafa. Íslenskir þátttakendur, Háskóli Íslands, ARK Technology.

*Hreinni hafnir*. Svar við kröfum um aukna verðmætasköpun í sjávarútvegi og hreinsun vatns úr vinnslunni. Verkefnið fjallar um „hreinni hafnir“. Snýst um að sannfæra greinina um að það borgi sig að verða við slíkum kröfum og hvers vegna. Íslenskur þátttakandi, Fishpro ehf.

---

<sup>64</sup> [www.nora.fo](http://www.nora.fo)

*Umræða um grænan vöxt (Green Growth Dialogue).* Skoða reynslu og þekkingu varðandi „grænan“ vöxt og hvernig hann birtist í t.d. stefnu stjórnvalda og alheimsumræðunni. Íslenskir þátttakendur, Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri.

*Vatnsbúskapur á heimskautssvæðinu.* Úttekt á vatnsbúskap á heimskautssvæðinu, svæðum þar sem vatn er ekki í miklum mæli eða finnst aðeins hluta úr ári. Þróa lausnir og greina þá möguleika sem fyrir hendi eru. Íslenskur þátttakandi, EFLA.

*Sjónvarpsþættir í norðrinu.* Sjónvarpsstöðvar þriggja NORA-landa gera saman þætti um lífið í norðri, svipað og þættirnir á N4. Einnig á að gera viðhorfskönnun um afstöðu fólks til svæðisins. Íslenskur þátttakandi, N4.

*Vestnorrænt ungmennaráð.* Vettvangur fyrir ungt fólk í stjórnmálum á Vestnorræna-svæðinu til að ræða byggðamál. Fyrsti fundur verður haldinn 2016. Gefnar verða út niðurstöður fundarins í formi tillagna. Íslenskur þátttakandi, ungmennadeild Norræna félagsins.

## 11.2 Norðurslóðaáætlunin 2014-2020 - Northern Periphery and Arctic (NPA)

Norðurslóðaáætlunin nær landfræðilega yfir stórt svæði. Þáttökulöndin eru Skotland, Írland, Norður-Írland, Svíþjóð, Finnland, Noregur, Ísland, Grænland og Færeyjar. Aðstæður í þáttökulöndunum eru ekki einsleitar en ákveðin sameiginleg einkenni felast m.a. í veðurfari, strjálbýli, miklum vegalengdum, náttúruauðlindum, háu menntunarstigi og atgervisflotta frá dreifbýlum svæðum. Þátttaka Íslands í Norðurslóðaáætluninni 2014-2020 byggir á Byggðaáætlun fyrir árin 2014-2017. Aðalskrifstofan er í Kaupmannahöfn og landsskrifstofur í hverju aðildarlandi. Starfsemi NPA heyrir undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið en Byggðastofnun hefur umsjón með starfinu sem landsskrifstofa. Ísland á tvo fulltrúa í stjórn og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið á einn fulltrúa í framkvæmdastjórninni. Evrópusambandslöndin skiptast á um formennsku en öll aðildarlöndin skiptast á að halda stjórnar- og aðlafundi. Næsti aðalfundur, þ.e. árið 2016, verður á Íslandi í lok september.

Meginmarkmið Norðurslóðaáætlunar er að stuðla að bættu atvinnu- og efnahagslífi og að eflingu búsetuþátta með fjölbjóðlegu samstarfi. Áherslur NPA eru á nýsköpun, frumkvöðlastarfsemi, endurnýjanlega orkagjafa og orkusparnað, verndun náttúru og menningar og hagkvæma nýtingu auðlinda á norðurslóðum. Þátttakendur í verkefnum geta m.a. verið fyrirtæki, sveitarfélög, ríkisstofnanir,


atvinnuþróunarfélög,

mennta- og rannsóknarstofnanir og frjáls félagasamtök.

NPA mun veita um 56 milljónir evra til verkefna á tímabilinu 2014-2020, Evrópusambandslöndin hafa til umræða 47 milljónir evra, Noregur um 4.8 milljónir evra, Ísland 1.6 milljónir evra, Færeyjar 700 þúsund evrur og Grænland um 900 þúsund evrur.

Íslensk

Mynd 11.2.1 Starfssvæði NPA



verkefnaþátttaka er eingöngu styrkt með því fjármagni sem Ísland leggur til áætlunarinnar. Heildarstærð verkefna geta numið allt að 2 milljónum evra, þ.e. styrkur og mótframlög þátttakenda. Styrkur til íslenskra þátttakenda er að hámarki 60% af heildarkostnaði verkefnis. Umsóknarfrestir eru tvisvar á ári, í apríl og nóvember.

Á árunum 2014 og 2015 bárust 34 umsóknir og var úthlutað tæpum 20 milljónum evra til 19 verkefna og eru Íslendingar þátttakendur í 11 þeirra. Styrkbeiðni frá íslenskum þátttakendum var umfram getu Íslands og því var nauðsynlegt að lækka framlög til íslenskra þátttakenda sem kom illa niður á verkefnaþátttöku þeirra. Verkefnastuðningur til íslenskra aðila er að hámarki 150.000 evrur en það verður hækkað ef íslensk stjórnvöld auka framlagið til áætlunarinnar. Mikill áhugi er meðal íslenskra aðila að taka þátt í áætluninni og þeir hafa einnig verið eftirsóttir samstarfsaðilar.

Mikilvægt er að verkefnin skili af sér afurð, vöru eða þjónustu sem er til þess fallin að bæta atvinnulíf, búsetu eða auka öryggi íbúa á norðurslóðum. Í nóvember 2014 kom út matsskýrsla um árangur Norðurslóðaáætlunarinnar 2007-2014.<sup>65</sup> Í skýrslunni kemur m.a. fram að krafan um að verkefnin skili áþreifanlegri vöru eða þjónustu hafi skilað góðum árangri. Af 47 aðalverkefnum sem áætlunin styrkti á tímabilinu var 28 lokið þegar matið fór fram. Afraksturinn er 164 nýjar vörur eða þjónusta. Á fjórða hundrað aðilar tóku þátt í verkefnunum og dreifðist verkefnaþátttaka nokkuð jafnt á milli þátttökulandanna. Mörg verkefni skiluðu verðmætum afurðum sem erfiðara er að mæla s.s. breyttu hugarfari, auknu samstarfi og nýjum tengslanetum.

Á heimasíðu NPA<sup>66</sup> er hægt að nálgast ítarlegar upplýsingar um áætlunina og yfirlit yfir ný og eldri verkefni.

### 11.3 ESPON

Skipulagi ESPON hefur í upphafi á nýju starfstímabili, ESPON 2020, verið breytt mikið. Tilgangur breytinganna er að mæta kröfum yfirstjórnar ESB um einföldun og minna skrifræði við rekstur þeirra áætlana ESB sem fela í sér samstarf yfir landamæri sambandsins og aðlaga þessa starfsemi að reglum ESB um opinber innkaup, þar með samkeppnisreglum. Slíkum áætlunum hefur ESB viljað koma í sérstakt rekstrarform, EGTC (European Grouping of Territorial Cooperation) og sem slíkt mun ESPON starfa þetta tímabil, fjármagnað að 85% hluta af ERDF, byggðapróunarsjóði ESB, og að 15% hluta af þátttökuþjóðunum. Alls mun ESPON hafa um 48,7 milljónir evra til starfsins fram til 2020, til rekstrar og rannsóknastyrkja, eða sem svarar tæpum 7 milljörðum króna. Framlag Íslands verður tæplega 14.300 evrur á ári eða samtals 100.000 evrur á starfstímabilinu.

Að ESPON EGTC standa fjögur svæði ESB, þrjár landshlutastjórnir í Belgíu; Flanders, Vallóníu og Brussel, ásamt Stórhertogadæminu Lúxemborg. Þetta samlag annast hinn faglega þátt starfsins, verkefni og verkefnastyrki sem verða eingöngu samkvæmt þjónustusamningum sem gerðir verða. Ráðuneyti sjálfbærrar þróunar og samgangna í stórhertogadæminu mun ábyrgjast rekstur ESPON og annast samskipti við ESB og þátttökulöndin sem eru öll 28 aðildarlönd ESB og samstarfslöndin fjögur, Ísland, Noregur, Sviss og Liechtenstein.

Aðildarlönd ESPON eiga öll fulltrúa í eftirlitsnefnd, Monitoring Committee, sem tekur allar stefnumarkandi og faglegar ákvarðanir um verkefnaáherslur og verkefnaval.

<sup>65</sup> [http://www.interreg-npa.eu/fileadmin/Programme\\_Documents/Achievements\\_for\\_web.pdf](http://www.interreg-npa.eu/fileadmin/Programme_Documents/Achievements_for_web.pdf)

<sup>66</sup> [www.interreg-npa.eu](http://www.interreg-npa.eu)

Aðildar- og samstarfslöndin hafa öll gert samning um þátttöku í ESPON á nýja starfstímabilinu, þar á meðal Ísland með samningi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og ESPON. Byggðastofnun er samstarfsaðili ANR um ESPON og hefur tilnefnt fulltrúa í Monitoring Committee. Stofnunin samdi líka á árinu 2015 við Háskólann á Akureyri um að hann starfrækti starfstengilið ESPON á Íslandi eins og á síðasta starfstímabili. Í því felst upplýsingagjöf og aðstoð við þá sem vilja taka þátt í ESPON-verkefnum. Fyrir starf ESPON á tímabilinu hafa verið ákveðnar 5 megináherslur (Special Objectives, SO):


- SO 1: Aukin framleiðsla á svæðabundnum staðreyndum með hagnýtum rannsóknum og greiningum.
- SO2: Uppfærð þekkingaryfirfærsla og stuðningur við notendur rannsókna.
- SO3: Endurbætt eftirlit með byggðaþróun og áhöldum til svæðisbundinna greininga.
- SO4: Meiri útbreiðsla og viðtaka á svæðisbundnum staðreyndum.
- SO5: Hraðvirkari, notadrýgri og skilvirkari útgáfa og virkari stuðningur.

Mótun nýrra starfshátta og starfsreglna hefur tekið drjúgan tíma en samt stóðst sú áætlun að kalla eftir fyrstu tilboðum í verkefnavinnslu í desember 2015 á 7 sviðum undir SO1:

1. The Geography of New Employment Dynamics in Europe
2. The World in Europe, global FDI flows towards Europe
3. Small and Medium-sized Enterprises in European Regions and Cities
4. Territories and low-carbon economy
5. Inner Peripheries: national territories facing challenges of access to basic services of general interest
6. Possible European Territorial Futures
7. Comparative Analysis of Territorial Governance and Spatial Planning Systems in Europe.

ESPON-sjóðurinn er samkeppnissjóður og þegar auglýst er eftir verkefnatillögum er tilkynnt hvaða fjárhæð ESPON mun verja til hvers verkefnis. Verkefnatillögur þurfa að innihalda vandaða kostnaðaráætlun og styrkurinn á að nægja fyrir öllum kostnaði við verkefnið. Verkefni á síðasta starfstímabili voru 65 með verkefnistíma frá 1 ári til 4 ára og fengu styrki frá 22 milljónum króna til 176 milljóna króna. Um 180 háskólar og rannsóknastofnanir í Evrópu tóku þátt í ESPON-verkefnum á tímabilinu og í hverju verkefni þurftu að vera samstarfsaðilar frá minnst þremur löndum.

Þessi regla um þátttöku þriggja landa hefur verið breytt í ESPON 2020 vegna samkeppnisreglna ESB. Íslensk þátttaka var vaxandi á síðasta starfstímabili og Háskólinn á Akureyri var í sigurliði í samkeppninni nokkrum sinnum. Áætlað er að ESPON hafi styrkt íslenska þátttöku í rannsóknum og starfi ESPON um tæpar 30 milljónir króna á síðasta starfstímabili.



**Mynd 11.3.1** Eitt af kortum nóvembermánaðar á heimasíðu ESPON. Sýnir fjölda flóttamanna í löndum Evrópu, í raun og í hlutfalli af íbúafjölda

Auk rannsóknarverkefna hefur ESPON látið vinna samantektarverkefni upp úr rannsóknarverkefnum og gefið út samantektarskýrslur. Í þeim er Ísland með þó ekki sé íslensk þátttaka í verkefnum. Þannig fæst samanburður við önnur lönd á öllu „ESPON-svæðinu“ á þáttum sem í Evrópu eru taldir mikilvægir fyrir byggðapróun, hvernig að þeim er staðið og hvaða áhrif miðlægar ákvarðanir hafa og það er í sjálfu sér mikilvægt fyrir stefnumótun á Íslandi. Ísland er þó oftast eitt svæði í ESPON-rannsóknum, tvö svæði í sumum, höfuðborgarsvæðið og landið utan þess. Eftirsóknarvert er að fá rannsóknarniðurstöður á minni svæði, t.d. landshluta, og það fæst helst þegar íslenskar stofnanir eru með í rannsóknarteymum og gera tilvikskannanir á Íslandi. Þannig hefur Norðurland eystra verið rannsóknarsvæði í nokkrum tilvikskönnunum Háskólans á Akureyri, t.d. í verkefninu Territorial Diversity og Service of General Interest. Meðal annars af þessari ástæðu er eftirsóknarvert að auka þátttöku íslenskra háskóla og rannsóknastofnana í ESPON-verkefnum og ljóst að mikil tækifæri gefast íslenskum stofnunum með styrkjum ESPON. Að auki gefst íslenskum stofnunum, t.d. ráðuneytum og landshlutasamtökum sveitarfélaga, færi á því í samstarfi við samstarfsstofnanir í minnst tveimur öðrum löndum, að móta rannsóknarverkefni sem þær telja mikilvæg og sækja um til ESPON að verkefni verði boðin út. Ef það gerist tekur ESPON á sig allan kostnað við útboð og verkefnisvinnslu.

Öll verkefni sem unnin voru á vegum ESPON á síðasta starfstímabili eru aðgengileg á vef ESPON<sup>67</sup> með öllum upplýsingum um verkefni, verkefnahópa, vinnslutíma og styrkfjárhæðir.

Tilgangur ESPON-áætlunarinnar er „að styðja stefnuþróun með tilliti til markmiðs um svæðistengda samkennd og samhæfða þróun á evrópsku landssvæði með því (1) að leggja til samanburðarhæfar upplýsingar, sannreyndir, greiningar og framtíðarsýnir til svæðistengdrar þróunar og (2) lýsa svæðistengdum auðlindum og sóknarfærum til þróunar fyrir byggðir og stærri svæði og bæta þannig samkeppnishæfni Evrópu, svæðasamstarf og sjálfbæra og jafna þróun“.

Byggðastofnun telur að ávinningurinn af aðild Íslands að ESPON felist í:

- að fylgjast með rannsókn- og stefnumótunarvinnu á sviði byggðamála í Evrópusambandinu,
- efdri þátttöku íslenskra háskóla í hinum fjölbjóðlegu byggðarannsóknum sem styrktar eru,
- áhrifum af því starfi á umræðu og stefnumótun í byggðamálum á Íslandi,
- að íslenskar stofnanir taka þátt í mótun verkefnaáherslna og verkefnaútboða,
- að íslenskar aðstæður verða viðfangsefni rannsókna – þó ekki sé íslensk þátttaka í rannsóknateymum,
- aðgengi að gagnabanka með samanburðarhæfum upplýsingum um Ísland,
- að Ísland er birt á samanburðarkortum yfir Evrópu,
- að auðveldur samanburður fæst við lönd sem eru helstu samkeppnislönd og samstarfs- og markaðslönd Íslands.

## 11.4 Byggðakort fyrir Ísland 2014-2020

Í öllum ríkjum Evrópusambandsins og EFTA þurfa að liggja fyrir svokölluð byggðakort, en á þeim eru mörkuð þau landssvæði þar sem heimilt er að veita byggðastyrki. ESA, Eftirlitsstofnun EFTA, samþykkti 24. apríl 2014 tillögu Íslands um slíkt byggðakort sem gildir til 31.12. 2020.

Kortið skiptir landinu upp í tvö svæði, höfuðborgarsvæðið annars vegar og landsbyggðina hins vegar. Samkvæmt ákvörðun ESA mega íslensk stjórnvöld veita byggðaaðstoð í öllum þeim sveitarfélögum sem nú falla undir landsbyggðarkjördæmin þrjú, það er Norðvesturkjördæmi, Norðausturkjördæmi og Suðurkjördæmi. Við útgáfu kortsins bjuggu 35,9% þjóðarinnar í þessum kjördæmum.

Hámark byggðaaðstoðar er 15% af stofnkostnaði einstakra fjárfestinga. Þó er mögulegt að hækka hana um 10% fyrir millistór fyrirtæki og um 20% fyrir lítil fyrirtæki. Með millistóru fyrirtæki er átt við fyrirtæki með færri en 250 starfsmenn og með litlu fyrirtæki er átt við fyrirtæki með færri en 50 starfsmenn. Þá

<sup>67</sup> [www.espon.eu](http://www.espon.eu)

er og svigrúm fyrir stjórnvöld til að veita ákveðna tegund af rekstrarstyrkjum svo sem flutningsstyrki til framleiðslufyrirtækja.

Þann 7. júlí 2015 samþykkti Alþingi lög um ívilnanir til nýfjárfestinga á Íslandi. Heimildir til að veita ívilnanir samkvæmt lögnum takmarkast meðal annars við styrkjasvæði byggðakortsins.

## 11.5 EK-R

Norðurlöndin hafa með sér samstarf á sviði byggðamála.

Norræna embættismannanefndin um byggðamál (EK-R) er samstarfsvettvangur embættismanna norrænu landanna sem fara með byggðamál. Samstarfið felst í því að miðla reynslu, umræðum og kynnum og efla samvinnu um þróun þekkingar í því skyni að skapa traustari grunn fyrir stefnumótun í byggðamálum.

Til samstarfsins er varið á árinu 2013 tæplega 34 milljónum danskra króna. Til grannsvæða samstarfsins er varið 12 milljónum danskra króna, til NORA tæplega 7 milljónum danskra króna, til Nordregio rúmlega 11 milljónum danskra króna og til að hrinda samstarfsáætlun 2013-2016 í framkvæmd tæpum 4 milljónum danskra króna.


EK-R leggur fé til samstarfs yfir landamæri á 12 norrænum svæðum þar sem stjórnámamenn, yfirvöld og almenningur tekur þátt í hagnýtu norrænu samstarfi. Þar til viðbótar er samstarfið á Norður-Atlantshafssvæðinu, NORA. Svæðisbundið samstarf á Norðurlöndum hefur fengið nýjar evrópskar áherslur með þátttöku Norðurlanda í Interreg, landamærasvæðaáætlun ESB. Svæðisbundna samstarfið tengist einnig grannsvæðunum á Eystrasalts-, Barentshafs- og Norður-Atlantshafssvæðinu. Ráðherrar byggðamála, orkumála og atvinnumála á Norðurlöndum hafa yfirumsjón með samstarfinu en framkvæmdin er í hjá EK-R.

Samstarfið byggir á samstarfsáætlun um byggðamál en núgildandi áætlun nær til árána 2013–2016<sup>68</sup>. Í samstarfsáætluninni eru þrjár aðaláherslur<sup>69</sup>:

- Að stuðla að velferð sem nái jafnt til allra svæða
- Að ýta undir sjálfbæra svæðaþróun á heimskautasvæðum
- Að örva grænan hagvöxt á öllum svæðum

Í áætluninni er gengið út frá að markmiðin um sjálfbærni, jafnrétti og aðgengi séu virt og lögð áhersla á hlutverk og mikilvægi Nordregio (Norrænu fræðastofnunina í skipulags- og byggðamálum).

Það er á ábyrgð embættismannanefndarinnar að markmið samstarfsáætlunarinnar nái fram að ganga og ætlast til þess að það endurspeglit í formennskuáætlunum landanna.



Mynd 11.4.1 ESA-byggðakortið

<sup>68</sup> <http://norden.diva-portal.org/smash/get/diva2:701095/FULLTEXT01.pdf>

<sup>69</sup> <https://www.utanrikisraduneyti.is/media/nordurlandaskrifstofa/Nordurlandasamstarf---skyrsla-2012.pdf>, bls. 47.

## 11.6 Nordregio

Á vegum norrænu ráðherranefndarinnar starfar rannsóknarstofnunin Nordregio í Stokkhólmi og hefur það hlutverk að stunda rannsóknir á sviði byggða- og skipulagsmála og miðla þekkingu um þau til þeirra sem um byggðamál fjalla.

Eitt af mikilvægustu verkefnum Nordregio er að stuðla að þróun byggðastefnu og sjálfbærum vexti á Norðurlöndunum. Aðal rannsóknarsvið stofnunarinnar eru á sviðum byggðaþróunar – í þéttbýli jafnt sem strjálbýli, borgarsvæðaskipulag, lýðfræði, stjórnhættir og kynjamál, nýsköpun, grænn hagvöxtur og sjálfbær þróun á heimskautasvæðum.

Nordregio leggur áherslu á miðlun upplýsinga á kortum sem hægt er að nálgast<sup>70</sup> og á framleiðslu tölfraeðigagnagrunns og birtast upplýsingar úr honum ásamt kortum í skýrslunni State of the Nordic region sem kemur út annað hvert ár.

Nordregio hefur getið sér orð sem ein virtasta vísindastofnun í Evrópu á sviði rannsókna á byggðamálum. Þar innan veggja er mikil þekking á samfélögum á strjálbýlum norrænum svæðum. Á árinu 2015 var ráðinn til starfa Íslendingur við stofnunina og starfa þar því tveir Íslendingar. Skortur á svæðisgreindum tölfraeðiupplýsingum sem stuðst er við í rannsóknum á ýmsum þáttum byggðamála veldur því að Ísland er ekki alltaf með í samanburði eða miðlun upplýsinga á kortum.

---

<sup>70</sup> <http://www.nordmap.se/>